

Milli mála

Milli mála

Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur
í erlendum tungumálum

3. ÁRGANGUR

Ritstjórar
Sigrún Á. Eiríksdóttir og
Erla Erlendsdóttir



STOFNUN
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

Styrktarsjóði SVF er þakkaður stuðningur við útgáfu ársritsins

Ritrýnum ársritsins er þakkað þeirra framlag

Eftirfarandi greinar eru ritrýndar:

Útlendingur og óviti.

Um *Útlendinginn* eftir Albert Camus og *Söguna um gralinn* eftir Chrétien de Troyes

Að skyggjast í skúmaskotin.

Um fjölmenningarsamfélag við Karfbahafsströnd Kostaríku í verkum Anacristina Rossi

Ys og þys út af Shakespeare

Adaptation Studies and Biological Models: *Antigone* as a Test Case

Uno studio critico sulle *Lezioni americane* di Calvino

Stefna og framkvæmd símenntunar og aðlögun innflytjenda á Íslandi og öðrum Norðurlöndum



Háskólaútgáfan

Reykjavík 2011

© Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og höfundar efnis

Umbrot: Helgi Hilmarsson

Hönnun kápu: Ragnar Helgi Ólafsson

Prentun: Litlaprent ehf.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

U201204

ISBN 978-9979-54-941-3

Efni

Frá ritstjórum	7
--------------------------	---

ÞEMAGREINAR: ERLENDAR BÓKMENNTIR

Ásdís R. Magnúsdóttir

Útlendingur og óviti. Um <i>Útlendinginn</i> eftir Albert Camus og <i>Söguna um gralinn</i> eftir Chrétien de Troyes	11
--	----

Hólmfríður Garðarsdóttir

Að skyggjast í skúmaskotin. Um fjölmennings- samfélag við Karíbahafsströnd Kostaríku í verkum Anacristina Rossi	31
---	----

Magnús Fjalldal

Ys og þys út af Shakespeare	63
---------------------------------------	----

Martin S. Regal

Adaptation Studies and Biological Models: <i>Antigone</i> as a Test Case	75
---	----

Oddný G. Sverrisdóttir

Í fótspor ferðalanga. Af ferðalýsingum Idu Pfeiffer og Inu von Grumbkow	93
--	----

Stefano Rosatti

Uno studio critico sulle <i>Lezioni americane</i> di Calvino	117
--	-----

AÐRAR GREINAR

Birna Arnbjörnsdóttir

Stefna og framkvæmd símenntunar og aðlögun innflytjenda á Íslandi og öðrum Norðurlöndum	155
--	-----

ÞÝÐINGAR

Bei Dao

Til minninganna, Á morgun, nei 193

Dú Fú

Tunglskinsnótt 196

Jorge Luis Borges

Hógværð sögunnar 199

José Saramago

Yfirlýsing, Stund, 14. júní 204

Madame de Lafayette

Greifynjan af Tende 209

Höfundar, þýðendur og ritstjó 225

Frá ritstjórum

Milli mála, ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands, kemur nú fyrir augu lesenda í þriðja sinn með svolítið breyttu sniði að því leyti að auk fræðigreina er einnig að finna í ársritinu nokkrar þýðingar.

Sex af þeim sjö greinum sem hér birtast fjalla um þema heftisins, sem er erlendar bókmenntir, frá ýmsum sjónarhornum. Í þeirri sjöundu segir frá rannsókn á tungumálakennslu og aðlögun innflytjenda á Norðurlöndum. Greinarnar eru skrifaðar á íslensku, ensku og ítölsku, enda hefur það verið stefna ritstjórnar frá upphafi að gefa höfundum kost á að skrifa á móður- eða kennslumáli sínu.

Ásdís R. Magnúsdóttir fjallar í grein sinni um *Útlendinginn* eftir Albert Camus og íhugar hvað í því felst að vera „útlendingur“ í því verki. Hún bendir á tengsl skáldsögu Camus við önnur skáldverk og „útlendinga“ og ber saman við Perceval og *Söguna um gralinn* eftir Chrétien de Troyes. Í grein Hólmfríðar Garðarsdóttur er fjallað um tvær skáldsögur eftir kostarísku skáldkonuna Anacristina Rossi með áherslu á minnihlutahópa og fjölmenningsarsamfélög á Karíbahafsströnd Kostaríku. Magnús Fjalldal segir frá hörðum ritdeilum sem upp komu á 9. áratug 19. aldar í kjölfarið á harkalegum ritdómi sem Eiríkur Magnússon skrifaði um þýðingu Matthíasar Jochumssonar á leikritinu *Othello* eftir William Shakespeare. Martin S. Regal fjallar um hvernig skoða má aðlögun bókmenntaverka að mismunandi listformum, tímum, umhverfi og menningarheimum með því að nota hugtök úr líffræði og tekur hið 2.500 ára gamla verk *Antígónu* sem dæmi. Í grein Oddnýjar G. Sverrisdóttur segir frá ferðalýsingum tveggja þýskra kvenna, en önnur þeirra kom til Íslands um miðja 19. öld og hin í upphafi þeirrar 20. Oddný bendir á hvernig frásagnir þessara þýsku ferðalanga geta bæði gagnast í menningartengdri ferðaþjónustu, sem er æ meira að ryðja sér til rúms, og dýpkað skilning okkar á okkur sjálfum sem þjóð og gestgjöfum. Stefano Rosatti fjallar um *Lezioni americane* eftir Italo Calvino, sex fyrirlestra um bókmenntir sem

hann hugðist halda í Bandaríkjunum og hafa verið taldir til hans merkustu fræðiverka. Rosatti bendir á veikleika í þessu verki Calvinos og íhugar hvers vegna það hefur notið svo mikilla vinsælda, til að mynda í háskólakennslu víða um heim.

Birna Arnbjörnsdóttir segir frá samnorrænni rannsókn á aðlögun innflytjenda og þætti símenntunar og fullorðinsfræðslu á Norður-löndum, og veltir fyrir sér hvað hefur áunnist í þeim efnum á Íslandi og hvað mætti betur fara.

Þá eru ótaldar þær þýðingar sem hér eru birtar úr frönsku, kínversku, portúgölsku og spænsku. Jón Egill Eyþórsson og Geir Sigurðsson birta þýðingar á ljóðum eftir tvö kínversk skáld, Dú Fú, sem var uppi á 8. öld, og Bei Dao, samtímamann okkar. Þó að margar aldir skilji skáldin að yrkja þau bæði um sársaukafullar afleiðingar valdabaráttu og kúgunar. Ásdís R. Magnúsdóttir þýðir smásögu eftir frönsku skáldkonuna Madame Lafayette sem var uppi á 17. öld og veitir okkur forvitnilega innsýn í veröld og siðferði franska aðalsins á þessum tíma. Loks er að nefna þýðingar um  ritaðrar á ljóðum eftir portúgalska nóbelsverðlaunaskáldið José Saramago og ritgerð eftir argentíska skáldið og rithöfundinn Jorge Luis Borges, sem hlaut aldrei náð fyrir augum Sænsku akademíunnar en er þó talinn til fremstu rithöfunda 20. aldar.

Ritstjórar þakka starfsfólki Háskólaútgáfunnar fyrir afar gott samstarf.

Sigrún Ástríður Eiríksdóttir
Erla Erlendsdóttir

Þemagreinar:
Erlendar bókmenntir

Útlendingur og óviti Um *Útlendinginn* eftir Albert Camus og *Söguna um gralinn* eftir Chrétien de Troyes

I

Árið 2010 var hálf öld liðin frá því að franskri rithöfundurinn frá Alsír Albert Camus féll frá. Þessa fræga og umdeilda höfundar var þá víða minnst og verk hans lesin og endurlesin. Camus hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1957 og er þekktastur fyrir skáldsögurnar þrjár *Útlendinginn*, *Pláguna* og *Fallið* þótt hann hafi einnig samið leikrit, smásögur og ritgerðir.¹ Camus leit fyrst og fremst á sig sem rithöfund og *Útlendingurinn*, sem kom út árið 1942 og var fyrsta útgefna skáldsaga hans, vakti strax mikla athygli og er nú talin til merkustu skáldverka 20. aldar. Þar segir Camus frá morði og réttarhöldum á þann hátt að lesendur – að minnsta kosti sumir þeirra – fyllast samúð með morðingjanum og finnst sekt hans léttvæg. Öðrum bregður við óvenjulegt skeytingarleysi söguhetjunnar í garð annarra, ekki aðeins fórnarlambins heldur einnig náninna vina og ættingja. Í lok verksins situr söguhetjan í klefa sínum í fangels-

1 Skáldsögur Alberts Camus eru vel þekktar á Íslandi. *Plágan* sem Camus sendi frá sér árið 1947 kom út á íslensku fimm árum síðar í þýðingu Jóns Óskars (1952), en *Útlendingurinn* sem kom út í París árið 1942 og Bjarni Benediktsson frá Hofteigi þýddi, og *Fallið* sem er frá 1956 og Loftur Guðmundsson þýddi, komu út sama ár, 1961. Skáldsagan *Útlendingurinn* var síðar endurbýdd og kom út í tvímála þýðingu, franskri og íslenskri, árið 2008. Allar tilvitnanir í verkið eru í þá útgáfu: Albert Camus, *Útlendingurinn*. *L'Étranger*, þýð. Ásdís R. Magnúsdóttir, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum/Háskólaútgáfan, 2008. Tvær smásögur úr smásagnasafninu *L'Exile et le Royaume* (Útlegðin og konungsríkið) eru til í íslenskri þýðingu Jóns Óskars: „Gesturinn“ og „Þöglir menn“. Ritgerðir Alberts Camus, leikrit og aðrir textar hafa ekki verið þýdd og bíða þau verkefni áhugasamra þýðenda.

inu, biður aftöku og lýsir því yfir að ekkert skipti máli. Afstaða Meursault til lífsins gerir hann að „útlendingi“ í augum annarra sögupersóna verksins. Hér verður leitast við að draga fram hvað felst í því að vera „útlendingur“ í skáldsögu Camus og bent á tengsl hennar við önnur skáldverk og „útlendinga“ í þeim verkum. Einkum verður staldrað við samanburð á *Útlendingnum* og *Sögunni um gralinn* eftir Chrétien de Troyes og grafist fyrir um skyldleika skrifstofumannsins Meursault og hins fávísa riddara Perceval.

II

Skáldsagan *Útlendingurinn* skiptist í tvo hluta. Í fyrri hluta verksins segir skrifstofumaðurinn Meursault frá lífi sínu. Hann biður um frí úr vinnunni til að vera við jarðarför móður sinnar sem dvalið hefur á elliheimili síðustu ár ævinnar. Daginn eftir jarðarförina hefur hann ástarsamband við fyrrverandi samstarfskonu sína, Marie, sem hann hittir á baðstað við höfnina og fer svo með henni í bíó. Dag einn býður Raymond, nágranni Meursault, þeim að eyða sunnudegi í húsi við ströndina. Þar hitta þau araba sem Raymond á í útistöðum við og Raymond særist. Stuttu síðar er Meursault einn á ströndinni og hittir fyrir tilviljun arabann sem hafði sært nágranna hans. Arabinn dregur hníf upp úr vasa sínum og Meursault skýtur hann með byssu Raymonds, einu skoti, síðan fjórum til viðbótar. Þau skot hljóma eins og „fjögur þétt högg á dyr ógæfunnar“ og hér lýkur fyrri hluta verksins. Í síðari hlutanum segir frá dvöl Meursault innan veggja fangelsisins, yfirheyrslum og málaferlum þar sem þeim atburðum sem gerast í fyrri hlutanum er lýst á ný, en nú frá sjónarhóli annarra. Meursault hefur lítið til málanna að leggja, svarar af hreinskilni þegar hann er spurður en stendur að mestu fyrir utan umræður sem lúta að hans eigin gjörðum, tilveru og ásetningi. Skeytingarleysi hans misbýður réttinum og hann er dæmdur til dauða. Hann hafnar flóttaleiðum trúarinnar sem prestur reynir að beina honum inn á og í lok verksins er ást hans á lífinu dregin fram.

Meursault er semsagt „útlendingurinn“ sem verkið er kennt við og það er við hæfi að staldra fyrst við franska heiti skáldsögunnar,

nafnorðið *étranger* sem Camus valdi að lokum sem titil verksins. Franska orðið *étranger* er bæði lýsingarorð og nafnorð, náskýlt orðinu *étrange* (úr lat. *extraneus*), og er merkingarsvið þess mun breiðara en íslensku orðanna „útlendingur“ og „útlenskur“ eins og sjá má í orðabókum. Í *Íslenskri orðabók* er orðið útlendingur skilgreint á eftirfarandi hátt: „maður í eða úr öðru landi“.² Samkvæmt *Fransk-íslenskri orðabók* þýðir nafnorðið *étranger* ‘útlendingur’, ‘ókunnugur/utanaðkomandi maður’, og með ákveðnum greini, ‘útlönd’, ‘útlendingar’, ‘óvinabjód’.³

Í vefútgáfu frönsk-frönsku orðabókarinnar *Trésor de la langue française* (Fjársljóður franskrar tungu) er skilgreining orðsins mun lengri og eru helstu þættir hennar svohljóðandi:

- 1 a – sá sem er frá öðru landi, af öðru þjóðerni eða án þjóðernis (í merkingunni að vera frá öðru landi, af öðru þjóðerni)
b – sá sem er ókunnugur einhverjum stað, sem tilheyrir ekki ákveðnum hópi
- 2 a – sá sem er ókunnugur einhverjum, sem hefur engin tengsl við hann, sem er illa þekktur af e-m
b – sá sem hefur ekki tengsl við eitthvað, sem lætur eitthvað afskiptalaust, hefur ekki veður af e-u
c – sá sem ekki veit hvar hann stendur gagnvart sjálfum sér, lífinu, því sem umkringir hann; sá sem finnst ekkert tengjast sjálfum sér.⁴

Með þessa merkingu í huga skrifar Simone de Beauvoir í sinni fyrstu heimspekiritgerð *Pyrrhus et Cynéas*: „honum [útlendingi Alberts Camus] finnst heimurinn allur framandi [*étranger*] og sér óviðkomandi [*étranger*].“⁵

En hvernig notar Camus sjálfur þetta orð? Því bregður fyrir í mörgum verka hans, til dæmis í fyrsta útgefna riti höfundarins

2 „útlendingur“, *Íslensk orðabók*, ritstj. Árni Böðvarsson, Reykjavík: Mál og menning, 2. útgáfa, 1996, bls. 1103.

3 „étranger“, *Frönsk-íslensk orðabók*, ritstj. Þór Stefánsson, Reykjavík: Örn og Örlygur, 1995, bls. 434.

4 *Le Trésor de la Langue Française informatisé*, <http://atilf.atilf.fr/dendien/scripts/tlfiv5/visusel.exe?11;s=2657179050;r=1;nat=;sol=0> [sótt 4. október 2011]. Greinarhöfundur þýddi.

5 Simone de Beauvoir, *Pyrrhus et Cinéas*, París: Gallimard, 1944, bls. 14.

L'Envers et l'Endroit (Rangan og réttan) sem samið var á árunum 1935–1937 og kom út í Algeirsborg árið 1937. Í fyrsta textanum, sem ber heitið „L'Ironie“ (Kaldhæðnin), segir frá gamalli konu sem bíður dauðans, vansæl og misskilin af sínum nánustu:

Fyrir tveimur árum kynntist ég gamalli konu. Hún var svo illa haldin af sjúkdómi að hún hafði þá þegar búist við dauða sínum. Hægri hluti líkama hennar var lamaður. Aðeins helmingur hennar var í þessum heimi, hinn helmingurinn var þegar orðinn henni framandi [*étranger*]. Þessi líflega og málgefna gamla kona gat nú hvorki hreyft sig né talað.⁶

Í minnisbókum sínum – *Carnets* – lýsir Camus líðan sinni í París í marsmánuði árið 1940 er hann vaknar upp um miðja nótt:

Hvað merkir það að hrökkva upp af svefni – í þessu dimma herbergi – við hávaðann í borg sem er mér skyndilega framandi [*étrangère*]? Og allt er mér framandi [*étranger*], allt, því enginn tilheyrir mér og ég hef engan stað þar sem ég get lokað þessu sári. Hvað er ég að gera hér, til hvers er þetta látbragð, þessi brot? Ég er ekki héðan – heldur ekki annars staðar frá. Og heimurinn er ekki annað en ókunnugt landslag þar sem hjarta mitt finnur engan stuðning. Framandi [*Étranger*], hver getur vitað hvað þetta orð merkir?

—

Framandi [*étranger*], játa að allt er mér framandi [*étranger*].
[...]⁷

Í ritgerð sinni um Sísýfosargöðsögnina, *Le Mythe de Sisyphe. Essai sur l'absurde*, sem kom út sama ár og *Útlendingurinn* er orðið *étranger* notað til að lýsa mannlegri tilvist í þöglum heimi: „Ef hægt er að útskýra heiminn, þótt með slæmum rökum sé, þá er hann kunnuglegur. Sé heimurinn hins vegar skyndilega sviptur blekkingu og birtu líður mannum eins og hann sé útlendingur [*étranger*].“⁸ Og þessi tilfinning einkennir einnig samband mannsins við sjálfan sig:

6 Albert Camus, „L'Ironie“, *L'Envers et l'Endroit*, *Œuvres complètes*, París: Gallimard, 1. bindi, 2006, bls. 39. Allar þýðingar á textabrotum eftir Camus í greininni eru gerðar af greinarhöfundum.

7 Albert Camus, *Carnets 1935–1948*, *Œuvres complètes*, París: Gallimard, 2006, Cahier III (avril 1939–février 1942), 2. bindi, bls. 906.

8 Albert Camus, *Le Mythe de Sisyphe. Essai sur l'absurde*, París: Gallimard, 1942, bls. 20.

„Milli vissunnar sem ég hef um tilvist mína og innihaldsins sem ég reyni að gæða þessa vissu er gjá sem verður aldrei brúuð. Ég verð ævinlega útlendingur [*étranger*] andspænis sjálfum mér.“⁹

Í skáldsögunni *Útlendingurinn* er orðið *étranger* aðeins notað við réttarhöldin þegar saksóknarinn gerir mikið úr því að Meursault hafi drukkið kaffibolla sem húsvörður elliheimilisins bauð honum og reykt sígarettu við kistu móður sinnar. Hann lýsir því yfir að óskyldur maður, *étranger*, hafi getað boðið upp á kaffi en að sonur hefði átt að afþakka slíkt boð við lík móður sinnar.¹⁰ Hér vísar saksóknarinn til húsvardarins en ekki aðalsöguhetjunnar; Meursault er „útlendingurinn“ í verkinu, en þó ekki; það er framkoma hans sem gerir hann framandi eða óvenjulegan í augum annarra sögupersóna þótt hann sé að flestu leyti afskaplega venjulegur maður.

III

Við erum nú ýmsu nær um merkingu orðsins *étranger* og um leið meðvituð um að íslensk þýðing orðins er á margan hátt ófullnægjandi. Hefðin hefur þó skapað henni þann sess að næsta óhugsandi er að hrófla við heiti verksins. *Étranger* getur þýtt „útlendingur“ en þótt Meursault beri franskt nafn og sé því á vissan hátt útlendingur í Alsír, sem var frönsk nýlenda frá 1830–1962, virðist það ekki vera sá skilningur sem höfundurinn leggur í titilinn.¹¹ Í inngangi að enskri þýðingu verksins frá 1955 dregur höfundurinn saman efni þess í einni setningu: „Sá sem ekki grætur við jarðarför móður sinnar í samfélagi okkar á það á hættu að vera dæmdur til dauða.“¹² Svo bætir hann við:

Ég átti einungis við að söguhetjan er dæmd vegna þess að hún tekur ekki þátt í leiknum. Í þeim skilningi er Meursault útlendingur [*étranger*] í því samfélagi sem hann býr í; hann ráfar um, á jaðrinum, í úthverfum einkalífsins, sem er í senn einmanalegt og munúðarfullt.¹³

9 Sama rit, bls. 36.

10 Albert Camus, *Útlendingurinn. L'Étranger*, bls. 172–173.

11 Í smásögunni „Gestinum“ frá árinu 1957 lýsir Camus stöðu Frakka í Alsír nokkuð vel.

12 Albert Camus, *Œuvres complètes*, I, bls. 215.

13 Sama rit, bls. 215.

Hvað felst í því að taka ekki þátt í leiknum? Svarið er einfalt, segir Camus, hann neitar að segja ósatt. Að segja ósatt er ekki einungis að segja það sem ekki er, það er líka, og enn fremur,

að segja meira en það sem er og þegar maðurinn á í hlut, meira en við finnum. Það gerum við öll, alla daga, til að einfalda lífið. Meursault vill ekki einfalda lífið, þótt halda mætti hið gagnstæða. Hann talar hreint út, neitar að fela tilfinningar sínar og umsvifalaust finnst samfélaginu hann ógna sér.¹⁴

Camus bætir svo við: „Það væri því ekki fjarri lagi að lesa *Útlendinginn* eins og sögu um mann sem án nokkurs hetjuskapar fellst á að deyja fyrir sannleikann.“¹⁵ Sá sannleikur er ekki morðið á arabanum, sem bindur þó enda á hversdagslega tilveru Meursault og líf hans, heldur viðhorf hans til ýmissa þátta tilverunnar.

Þegar Meursault er spurður hvort hann vilji sjá móður sína áður en hún verður jörðuð neitar hann án þess að vita hvers vegna. Þegar Marie spyr hvort hann elski hana segir hann að það hafi enga merkingu og að öllum líkindum elski hann hana ekki; þegar hún spyr hvort hann vilji giftast henni er honum sama. Við réttarhöldin er hann spurður hvort hann sjái eftir því að hafa drepði arabann og hann svarar að honum finnist það frekar leiðinlegt en að hann iðrist þess. Það felst ákveðin kaldhæðni í því að deyja fyrir sannleika af þessu tagi og því er freistandi að leysa upp nafn söguhetjunnar og lesa úr því *meurs sot* ('deyðu heimskur') sem hljómar eins í frönsku. Við það fær Meursault kómískt yfirbragð og þótt fáum stökkvi bros við lestur *Útlendingins* má hafa í huga orð höfundarins þegar hann var spurður árið 1959 hvort þeim sem fjölluðu um verk hans hefði sést yfir eitthvert þema sem væri mikilvægt í hans augum: „Húmorinn“, svaraði Camus.¹⁶ Í riti sínu *In Search of Authenticity* túlkar Jacob Golomb svar Camus á þann veg að hér eigi höfundur við kaldhæðni eða íroníu og vissulega er nóg af henni í *Útlendingnum*.¹⁷

14 Sama rit, bls. 215.

15 Sama rit, bls. 216.

16 *Three Interviews*, í Albert Camus, *Lyrical and Critical Essays*, ritstj. Philip Thody, New York: Vintage Books, 1970, bls. 345–365, hér bls. 362.

17 Jacob Golomb, *In Search of Authenticity. From Kierkegaard to Camus*, London og New York: Routledge, 1995, bls. 181.

Hún felst meðal annars í því að í sögunni er fátíðni dauðarefsingarinnar ekki einungis fólgin í því að morðinginn ætlaði sér alls ekki að drepa mann en gerði það „út af sólinni“, ¹⁸ heldur einnig og ekki síður í því að henni er beitt til að refsa Meursault fyrir óviðeigandi framkomu en ekki vegna morðsins þar sem maður af frönskum uppruna hefði ekki verið tekinn af lífi í Alsír á þessum tíma fyrir að drepa araba. ¹⁹

Ritgerðin *Le Mythe de Sisyphe. Essai sur l'absurde* (Sísýfosargóðsögnin) kom út sama ár og *Útlendingurinn* og mynda þau verk, ásamt leikritinu *Caligula*, það sem Camus kallaði „Hring fátíðnileikans“. Jean-Paul Sartre leit á *Útlendinginn* sem einskonar fagurfræðilega útfærslu á ritgerðinni og sú staða eða tilfinning sem orðið *étranger* lýsir í skáldsögu Camus er iðulega sett í samband við þá mynd af fátíðni mannlegrar tilvistar sem höfundurinn dregur upp í ritgerðinni. ²⁰ Þar líkir Camus manninum og tilvist hans við Sísýfos sem guðirnir dæmdu til að eyða ævinni við að velta steini upp fjallshlíð til þess eins að sjá hann rúlla niður aftur. Sú fátíðni iðja, sem byggist á sífelldri endurtekningu tilgangslausra athafna, veldur hinum fátíðni – eða absúrd – manni þó ekki endilega þjáningu eða vansæld; henni fylgir þögul gleði í hinum þögla heimi fátíðnileikans frá þeirri stundu að Sísýfos lítur ekki lengur á örlög sín sem verk æðri máttarvalda. Þá er hann hafinn yfir örlög sín, sterkari en steinninn. ²¹ Í nýlegu riti um Camus bendir danski fræðimaðurinn Jørn Boisen á að það sé ekki fyrr en undir lok skáldsögunnar, andspænis dauðanum – og prestinum, fulltrúa framhaldslífsins –, að söguhetjan verður meðvituð um merkingarleysi tilveru sinnar, og lífsins almennt ²²: „Ekkert, ekki neitt skipti máli og ég vissi vel hvers vegna. Hann vissi það líka.“ ²³ Þessi uppljómun, sem fyllir Meursault ró, kemur lesandanum ekki á óvart því að Meursault hefur, í gegnum söguna alla, sýnt að margir þeir atburðir sem skipta

18 Albert Camus, *Útlendingurinn. L'Étranger*, bls. 195.

19 Sjá t.d. John Foley, *Albert Camus. From the Absurd to Revolt*, Stocksfield: Acumen, 2008, bls. 14–15, 21.

20 Jean-Paul Sartre, „Explication de l'Étranger“, *Situations I, essais critiques*, París, Gallimard, 1947, bls. 99–121. Þessi ritgerð birtist fyrst í *Cahiers du Sud*, février 1943.

21 Albert Camus, *Le mythe de Sisyphe*, bls. 166–167.

22 Jørn Boisen, *Albert Camus. En introduktion*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 2005, bls. 63–64.

23 Albert Camus, *Útlendingurinn. L'Étranger*, bls. 229.

flesta máli hafa ekki vægi í hans augum. En þar skilur á milli söguhetjunnar og þeirra sem falið er að fella dóm í máli hans. Þögn heimsins, sem umlykur Meursault í fyrri hluta verksins, rofnar þegar skotin ríða af:

Gikkurinn gaf eftir, ég snerti slípað byssuskeftið og það var þarna, í þessum hvella, ærandi hávaða sem allt byrjaði. Ég hristi af mér svitann og sólina. Ég skildi að ég hafði eyðilagt jafnvægi dagsins, þessa einstöku þögn á strönd þar sem ég hafði verið hamingjusamur. Svo skaut ég fjórum skotum til viðbótar í hreyfingarlausan líkama sem byssukúlurnar hurfu inn í án þess að skilja eftir nokkur ummerki. Og það var eins og ég hefði barið fjögur þétt högg á dyr ógæfunnar.²⁴

Það er freistandi að tengja þessa sólríku þögn, þeirri óræðu þögn sem mætir kalli mannsins í ritgerð Camus um fáránleikann.²⁵ Eftir skotin fjögur, hinn harmræna og leikræna hápunkt verksins, er skipt um svið og spurningar dynja á morðingjanum.

Í síðari hluta verksins eru þeir atburðir sem Meursault segir sjálfur frá í fyrri hlutanum teknir til endurskoðunar, ekki einungis morðið heldur einnig það sem gerðist á undan: samband Meursault við móður sína og Marie, jarðarförin, bíóferð, kaffibolli og sígaretta. Sögusviðið er lögreglustöðin og réttarsalurinn, þar sem skilin milli þess sem er rétt og rangt eru dregin og refsingin skilgreind sem afleiðing glæps. Það sem enga merkingu hafði í augum Meursault er nú túlkað af nafnlausum fulltrúum réttarkerfisins, og því gefið vægi. Dæmi um það eru athafnir Meursault daginn eftir jarðarför móður hans. Hann fer að synda í sjónum, hefur ástarsamband við fyrrverandi samstarfskonu og horfir svo á gamanmynd með Fernandel. Allt þetta, að ógleymdri jarðarförinni, þar sem Meursault felldi engin tár og fékk sér kaffibolla og sígarettu við kistu móður sinnar, verður honum að falli og hann er dæmdur fyrir að hafa jarðað konuna sem fæddi hann inn í þennan heim með hjarta glæpamanns.

Ekki eru þó allir ánægðir með túlkun réttarkerfisins á atburðunum sem um ræðir; Marie grætur eftir vitnisburð sinn og heldur því

24 Sama rit, bls. 118–119.

25 Albert Camus, *Le Mythe de Sisyphe*, bls. 46.

fram að saksóknarinn láti hana segja andstæðu þess sem henni býr í brjósti.²⁶ Lögmaður Meursault virðist heldur ekki átta sig á samhengi hlutanna því að hann spyr:

„Hvernig er þetta, er hann sakaður um að hafa jarðað móður sína eða drepð mann?“ Áheyrendur hlógu. En saksóknarinn stóð upp, sveipaður skikkjunni, og sagði að það þyrfti einfeldni hæstvirts verjanda til að átta sig ekki á því að það væru djúpstæð, átakanleg og afar mikilvæg tengsl á milli þessara tveggja atburða.²⁷

En það er fleira en framkoma Meursault sem gerir hann að „útlendingi“ í verkinu. Í umfjöllun sinni frá 1943 um *Útlendinginn* benti Maurice Blanchot á óvenjulega notkun Camus á frásögn í fyrstu persónu.²⁸ Sú frásagnartækni er almennt notuð í þeim tilgangi að láta sögumann tjá hugsanir sínar „innan frá“ og lesandinn sér þannig atburðarásina út frá hans sjónarhorni. Dæmi um það eru rit af sjálfsævisögulegum toga, svo sem *Játningar* heilags Ágústínusar og *Essais* (Tilraunir) Michels de Montaigne, en allt frá 17. öld var þessi leið einnig farin í skáldverkum með það fyrir augum meðal annars að gera þau trúverðugri og/eða áhrifameiri. Frásögn Meursault í fyrri hluta verksins gerir lesendum þó ekki kleift að kynnast sögupersónunni að neinu ráði, þvert á móti stuðlar hún að því að auka fjarlægðina milli lesandans og söguhetjunnar vegna þess að sú huglægni sem frásagnartæknin kallar á er ekki til staðar. Þetta benti Henri Hell á sama ár og skáldsagan kom út: „Einfaldlega frásögn af atburðum [...] Frásögnin samanstendur af gjörðum og atburðum sem bætast hver við annan, rétt eins og þeir raðast upp í lífinu.“²⁹ Þótt atburðirnir myndi þannig röð eða atburðarás er ekki þar með sagt að hún sé merkingarbær í þeim skilningi að eitt leiði af öðru. „Hið fáránlega er fyrst og fremst rof“ skrifaði Camus í *Le Mythe de Sisyphe*.³⁰ Hann undirstrikar enn frekar þetta einkenni verksins með því að nota samsetta þátíð sem skilur atburðinn sem sögnin stendur

26 Albert Camus, *Útlendingurinn*. *L'Étranger*, bls. 179.

27 Sama rit, bls. 183.

28 Maurice Blanchot, „Le roman de l'Étranger“, *Faux pas*, Paris: Gallimard, 1943, bls. 248–253.

29 Henri Hell, *Fontaine*, n°23, juillet–septembre 1942, bls. 353–355 (D.R.).

30 Albert Camus, *Le Mythe de Sisyphe*, bls. 50 (l'absurde est essentiellement un divorce).

fyrir eftir í einskonar tímalegu tómarúmi nútíðarinnar en ekki í þeirri hefðbundnu og skipulegu atburðarás sem einfalda þátíðin skapar og við eigum að venjast í hefðbundinni frásögn.³¹ Á sama hátt eru setningarnar flestar stuttar; höfundurinn notar ekki tengingar til að setja atburðina upp sem orsök og afleiðingu heldur er þeim stillt upp, hlið við hlið.³² Meursault er því maður án framtíðar og fortíðar. Í grein sinni um *Útlendinginn* líkti Jean-Paul Sartre stíl Camus í verkinu við hinn „ameríska“ stíl Hemingways.³³ Óvenjuleg frásagnartækni Camus endurspeglar þannig upplifun Meursault á umheiminum og um leið heldur hún lesandanum í fjarlægð frá söguhetjunni og atburðum verksins og gerir hann að „útlendingi“ innan þess.

IV

Í ofanefndri grein sinni um *Útlendinginn* dró Sartre í efa að Camus hefði skilið suma þá heimspekinga sem hann fjallar um í *Le Mythe de Sisyphe*, svo sem Jaspers, Heidegger og Kierkegaard. Hvort sem það er rétt eða ekki þá leit Camus fyrst og fremst á sig sem rithöfund en ekki heimspeking og hélt því fram í upphafi ferils síns að „skáldsaga væri aldrei neitt annað en heimspeki í myndum“.³⁴ Skáldsaga hans vakti mikla athygli og þótti nýstárleg þegar hún kom út þótt ýmislegt væri fengið að láni, til dæmis „ameríska“ stíllinn og viðfangsefnið, það er tengsl mannsins við sjálfan sig og umhverfi sitt sem Sartre sjálfur fjallar um á nokkuð ólíkan hátt í skáldsögunni *La Nausée* sem kom út 1938. Camus skrifaði reyndar um það verk í *Alger Républicain* þegar það kom út og fannst „kenningarnar bera lífið ofurliði“.³⁵ Þess má geta að nokkrum árum síðar sendi Sartre frá sér ritgerðina *Qu'est-ce que la littérature ?* þar sem hann fjallaði einkum um afstöðubókmenntir og dró ekki dul á

31 Þetta stílbragð fer forgörðum í þýðingu.

32 Þetta minnir um margt á heimspekisögur Voltaires, t.d. *Birting* eða *Zadig*. Í þeirri síðarnefndu veltir söguhetjan einmitt mikið fyrir sér samhengi hluta, orsök og afleiðingu.

33 Jean-Paul Sartre, „Explication de *l'Étranger*“.

34 Albert Camus „*La Nausée*“, par Jean-Paul Sartre“, í „Le Salon de Lecture“, *Alger républicain*, (20 octobre 1938), Albert Camus, *Œuvres complètes*, I, bls. 794–796, hér bls. 794.

35 Sama rit, bls. 794.

þá skoðun sína að fagurfræði bókmenntaverks skipti minna máli en viðfangsefni þess.³⁶

Camus var ekki fyrstur manna til að fjalla um samfélagið með því að setja „útlending“ á svið innan skáldverks. Útlendingum bregður víða fyrir í skáldsögum fyrri alda og er nýlegt rit um minni eða stef (e. *topos*) helgað útlendingum í bókmenntum og eru þeir af ýmsu tagi.³⁷ Þeir hafa gjarnan það hlutverk að draga fram sérkenni – kosti og galla – hins óþekkta og framandi umhverfis sem þeir eru í eða koma úr. Útlendingurinn er sá sem er öðruvísi, sá sem spyr, sá sem er spurður og útlendingar eru einnig á ferð í tungumálinu, því að sá sem ekki talar sitt móðurmál er útlendingur í því erlenda tungumáli sem hann tjáir sig á.³⁸ Útlendi maðurinn (ffr. *hum étrange*) og staða hans eru viðfangsefni ljóðsögu Marie de France, *Lai de Lanval* (*Janval*) sem skrifaði á engilnórmönnsku á síðari hluta 12. aldar. Í því kvæði er Lanval riddari við hirð Artúrs konungs. Þegar konungur launar riddurum hollustu þeirra fær Lanval ekki neitt, honum til mikillar skapraunar:

Seignurs, ne vus esmerveillez :
Hum étrange, descunseillez
Mut est dolenz en autre tere,
Quant il ne seit u sucurs quere.³⁹

Eina skýringin á gleymsku konungs er sú að Lanval er útlenskur maður sem enginn tekur upp hans kann fyrir. Marie de France fer óvægnum orðum um óréttlátan og skapmikinn konung og hlífir heldur ekki drottningu hans sem er ótrú, afbrýðisöm og meinfýsin. Lanval er dreginn fyrir dóm fyrir ósannsögli en á endanum fer það

36 Ritgerðin birtist í Jean-Paul Sartre, *Situations*, II, París: Gallimard, 1947. Brot úr henni má lesa í íslenskri þýðingu Gunnars Harðarsonar: Jean-Paul Sartre, „Hversvegna að skrifa?“, *Ritið* 3/2010, bls. 151–170.

37 *Étrange topos étranger: actes du XVIe colloque de la SATOR*, ritstj. Max Vernet, Québec: Presses de l'Université Laval, 2006.

38 Sjá til dæmis grein Irmu Erlingsdóttur, „Tungumál útleðar – um skrif alsírsku rithöfundarins Assiu Djebar“, *Milli mála. Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum* 2010, bls. 71–89; Julia Kristeva, *Étrangers à nous-mêmes*, París: Gallimard, 1991.

39 Marie de France, *Lai de Lanval*, í *Les Lais de Marie de France*, útg. Jean Rychner, París: Honoré Champion, 1983, bls. 73, ljóðlínur 35–38. („Herrar mínir, ykkur skal ekki undra að útlendum manni, ráðalausum, líði afar illa á erlendri grund þegar hann veit ekki hvar hjálp er að finna.“) Le *Lai de Lanval* ber heitið *Janval* í *Strengleikum* sem Aðalheiður Guðmundsdóttir gaf út hjá Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands árið 2006.

svo að hann er sýknaður; hann kveður hirðina og heldur til eyjunnar Avalon og hefur ekki spurst til hans síðan.

Ferðasögur voru vinsælar á upplýsingaöldinni. Voltaire gerði afstæði allra hluta að umfjöllunarefni heimspekisögu sinnar *Mikró-megas* þar sem samnefnd söguhetja frá Síríusi flakkar um himin-geiminn, heilsar upp á jarðarbúa og furðar sig á smæð þeirra.⁴⁰ Útlendingur er einnig á ferð í hinni frægu skáldsögu Jonathans Swift, *Travels into Several Remote Nations of the World*, betur þekkt sem *Gulliver's Travels* eða *Ferðir Gúllivers* þar sem höfundurinn skopast að ferðasögum, sem voru í tísku á þeim tíma en dregur um leið fram ýmsa vankanta á ensku þjóðfélagi. Í *Les Lettres persanes* lætur Montesquieu tvo Persa segja frá frönsku samfélagi í bréfum sínum til heimalandsins. Hinn óspillti hrekkleysingi L'Ingénu, „sem segir í einfeldni allt sem hann hugsar og gerir að sama skapi allt sem hann langar til“, er aðalpersóna samnefndrar heimspekisögu eftir Voltaire⁴¹. Eins og oft í sögum Voltaires endurspeglar nafn söguhetjunnar persónueinkenni hennar og eiginleika. L'Ingénu kemur til Brittaníu-skagans frá Kanada og er í upphafi verksins fáfróður um gang mála í nýju landi. Höfundurinn gagnrýnir vald-hafa, veraldlega og trúarlega, í þessari stuttu þroska- og ástarsögu þar sem aðalpersónan lærir fljótt af biturri reynslu.

Meursault á lítið sameiginlegt með þessum „útlendingum“ enda er verk Camus ekki ferðasaga og Meursault ekki ferðalangur í framandi landi, í bókstaflegri merkingu þessara orða. Í *Útlendingnum* er þó líka að finna ádeilu á þjóðfélagið, ekki síst réttarkerfið. Frá 1938–1940 skrifaði höfundurinn pistla í dagblaðið *Alger Républicain* og síðar *Le Soir républicain* og fylgdist grannt með spillingu í efnahagslífinu og í dómskerfinu.⁴² Í þá reynslu sótti hann innblástur við ritun *Útlendingins* þar sem hann notar einmitt réttarhöldin til að gagnrýna réttarkerfið, dauðarefsinguna og viðbrögð samfélagsins gagnvart einstaklingi sem hagar sér öðruvísi en við er búist.⁴³ Í

40 Sagan um Mikró-megas kom fyrst út árið 1752. Hún birtist í íslenskri þýðingu Gróu Sigurðardóttur í *Ritinu* 3/2010, bls. 171–187.

41 Voltaire, *Romans et contes*, útg. René Pomeau, París: GF Flammarion, 1966, bls. 325.

42 Sjá til dæmis umfjöllun hans um mál Michels Hodent í Albert Camus, *Œuvres complètes*, 1. bindi, bls. 611–631.

43 Dauðarefsingin var Camus hugleikin, sjá til dæmis ritgerð hans „Réflexions sur la guillotine“ í Albert Camus, *Œuvres complètes*, París: Gallimard, 2008, 4. bindi, bls. 125–167.

frönsku riddarasögunni *Perceval eða Sagan um gralinn* eftir Chrétien de Troyes bregður fyrir eftirminnilegri sögupersónu sem forvitnilegt er að skoða nánar í þessu samhengi. Halda mátti að skáldsaga Camus ætti fátt sameiginlegt með verki þar sem dregin er upp brosleg mynd af riddurum í flóknum texta í bundnu máli frá lokum 12. aldar.⁴⁴ Chrétien gerir sorglegar afleiðingar ofbeldis oftar en einu sinni að umfjöllunarefni í þessu verki og einum 850 árum á undan höfundi *Útlendingsins* setur hann á svið sögupersónu sem hagar sér ekki samkvæmt viðteknum venjum samfélagsins og lendir í ógöngum af þeim sökum. Rétt eins og skrifstofumaðurinn í Algeirsborg er Perceval sögupersóna sem lætur stjórnast af löngunum sínum. En eins og við er að búast er hann að mörgu leyti andstæða Meursault.

Ljóðsaga Chrétiens er frægust fyrir það að fjalla um gralinn, skálina eða fatið fagra í höllu Fiskikonungsins, sem átti eftir að fódra fjölda verka og verða höfundum ríkulegur innblástur fram til dagsins í dag. Verkið skiptist í tvo hluta og er sá fyrri helgaður Perceval en sá síðari Gauvain. Í þeim fyrri setur Chrétien á svið nafnlausan pilt sem alist hefur upp hjá móður sinni og er fáfróður um flesta þá hluti sem ungir menn á hans reki ættu að vita. Hann er því fávís og hlægilegur í augum annarra. Perceval hefur varið æsku sinni í Eyðiskóginum, fjarri umheiminum. Hann veit ekki hverra manna hann er og heldur ekki hvað hann heitir fyrr en langt er liðið á söguna. Hann hefur ekkert lært um riddaramennsku, kurteisi, ást eða trú og er „óviti“ í þeim heimi sem umlykur hann. Hann er kjánalegur, (fr. *trop soz*), og fávís (fr. *nice*, úr latínu *nescio*, ‘ég veit ekki’). Kjánagangur og klaufaskapur einkenna samskipti Percevals við þá sem á vegi hans verða: ungar stúlkur, riddara, Artúr konung, Fiskikonunginn og móður sína.

Samband Percevals við umheiminn er því oft og tíðum kómískt og honum verða á ýmis mistök, misalvarleg. Þögn bernskunnar lýkur í ærandi hávaða þegar hávært glamur í vopnum fimm riddara vekur forvitni hans á nánast öllu sem fyrir ber. Hann hafði aldrei séð vopn af þessu tagi og enn síður riddara í herklæðum. Spurningar hrjóta hver á fætur annarri af vörum piltsins sem spyr hvað vopnin

44 Chrétien de Troyes, *Perceval eða Sagan um gralinn*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2010.

og herklæðin heiti og til hvers þau séu. Í ljós kemur að móðirin hélt honum vísvitandi frá öllu sem tengist riddaramennsku enda hafði hún óbeit á þeim starfa þar eð eiginmaður hennar og tveir synir féllu fyrir vopnum. Hún leggur honum þó lífsreglurnar áður en hann kveður, undirstrikar mikilvægi þess að spyrja fólk nafns, „því að af nafninu þekkir maður manninn“.⁴⁵ Þótt Perceval mistúlki mörg af ráðum móður sinnar minnst hann hennar oft í orðum sínum, svo oft að riddari sem kennir honum vopnaburð ráðleggur honum að hætta að vitna í hana, annars muni fólk halda að hann sé fífl; hann segir honum einnig að forðast að vera of málgláður.⁴⁶ Enn mistúlkar Perceval það sem honum er sagt, og þegir svo lengi á næsta áfangastað að fólk heldur að hann sé mállaus og á þeim næsta þegir hann líka eins og steinn, þrátt fyrir brennandi forvitni, þegar undurfagra gral og blæðandi spjót ber fyrir augu hans í kastala Fiskikonungsins. Það eru alvarleg mistök sem reynast honum dýrkeypt. Næsta dag er hann spurður nafns og svarar rétt þótt hann hafi fram að því ekki vitað hvert nafn hans var. Stuttu síðar gleymir hann svo Guði og þannig líða fimm ár í þrotlausri riddaramennsku. Á föstudaginn langa hittir hann svo einsetumann sem segir honum frá gralum en hvíslar líka að riddaranum nöfnum Guðs sem hann getur gripið til ef lífið liggur við. Á 12. öld voru menntamenn ekki á eitt sáttir um tengsl orða við það sem þau stóðu fyrir og endurspegluðust þær deilur í orðaskiptum um nafnhyggju og hluthyggju. Vel má vera að Chrétien hafi kynnst þeim deilum þótt hann taki ekki skýra afstöðu til ólíkra sjónarmiða í verki sínu. Það má þó ef til vill heyra óminn af þeim í nafnaleitinni og sambandi nafns og notkunar sem fylgir Perceval í gegnum þann hluta verksins sem fjallar um hann.

Meursault og Perceval eru báðir „útlendingar“, hvor á sinn hátt. En það er ýmislegt fleira sem þeir eiga sameiginlegt. Báðir alast þeir upp án föður, hjá þögulli móður; Perceval yfirgefur móður sína til að gerast riddari, Meursault setur sína móður á elliheimili vegna þess að henni leiddist heima. Þótt Meursault viti ekki hvað móðir hans var gömul og hafi sjaldan heimsótt hana kallar hann hana

45 Sama rit, bls. 56.

46 Sama rit, bls. 81–82.

mömmu, (fr. *maman*), en ekki móður, (fr. *mère*), þegar hann talar um hana eins og búast má við af fullorðnum manni. Þetta bendir til náins sambands sonar við móður sína. Konur verða á vegi þeirra beggja en þó eru hvorki Meursault né Perceval spenntir fyrir hjónabandinu. Meursault er sama, Perceval slær því á frest af því að hann vill fyrst finna móður sína. Báðir verða þeir vitni að illri meðferð á konum og báðir drepa þeir mann. Það kemur ekki á óvart að riddari verði manni að bana og oftast eru þeir fleiri en einn. Perceval drepur aðeins einu sinni í *Sögunni um gralinn*, það er hans fyrsti sigur. Hann kastar gaflaki sínu í auga Rauða riddarans og verður sér þannig úti um herklæði og vopn. Frásögnin er brosleg og morðið hefur ekki afleiðingar fyrir Perceval aðrar en þær að nú er hann klár í slaginn. Meursault beitir vopni sem hann á ekki, þjakaður af sól og svita sem rennur eins og salt tjald yfir augu hans. Skömmu áður hafði arabinn dregið hníf upp úr vasa sínum, birtan skvettist af stálinu og hæfði Meursault í ennið „eins og langt, leiftrandi hnífsblað“.⁴⁷

Þögnin er annað stef sem setur svip sinn á verkin tvö. Móðir Meursault er þögul. Hann eyðileggur þögnina á ströndinni þegar hann hleypir af og ber „fjögur þétt högg á dyr ógæfunnar“.⁴⁸ Við réttarhöldin segir lögmaður Meursault honum að þegja, það sé betra fyrir hann. Nokkur síðar, til að undirstrika sekt hans, lýsir saksóknarinn því yfir að Meursault sé gáfaður og skilji vægi orðanna.⁴⁹ Hissa og ringlaður segir Meursault þá að hann hafi ekki ætlað sér að drepa arabann og að það hafi verið „út af sólinni. Það heyrðust hlátrasköll í salnum.“⁵⁰ Þögn og leynd hvíla yfir uppruna Percevals í bernsku. Sú þögn rofnar þegar riddararnir koma ríðandi gegnum skóginn. Svo mikið verður piltinum um að sjá riddarana fimm að hann heldur að þetta sé Guð: „Ert þú Guð?“ spyr hann einn riddaranna umbúðalaust.⁵¹ Honum er síðar ráðlagt að draga úr orðaflauminum; hann gætir orða sinna svo vel eftir það að á örlaga-stundu þegir hann þunnu hljóði.

47 Albert Camus, *Útlendingurinn. L'Étranger*, bls. 119.

48 Sama rit, bls. 119.

49 Sama rit, bls. 191.

50 Sama rit, bls. 195.

51 Chrétien de Troyes, *Perceval eða Sagan um gralinn*, bls. 47.

„Mamma dó í dag. Eða var það kannski í gær“ eru hin frægu upphafsorð *Útlendingans*. Móðir Percevals deyr úr sorg í byrjun sögunnar þegar hann kveður hana til að gerast riddari. Í því kristilega samhengi sem einkennir *Söguna um gralinn* er það syndin sem olli því að Perceval spurði ekki spurninganna tveggja sem búist var við í kastala Fiskikonungsins, syndin sem fólst í því að yfirgefa móðurina og skeyta ekki um sorg hennar þegar hún hné niður. Í lok þess hluta verksins sem fjallar um Perceval iðrast hann synda sinna hjá einsetumanninum um páskahátíðina, lærir bænir og nöfn Guðs og sálu hans er borgið. Meursault grét ekki við kistu móður sinnar, drakk kaffi og reykti, og fyrir það er hann dæmdur. Hann hittir prest í fangelsinu en neitar að bera synd, trú á Guð og sjá andlit hans í steinum fangaklefans. Þar sér Meursault ekki neitt. Hann öskrar af bræði að ekkert skipti máli og hellir sér yfir prestinn. Í kjölfarið finnur hann djúpa ró og er tilbúinn að lifa allt aftur.

V

Frá *Útlendingnum* – og til hans – liggja fjölmargir þræðir, í ólíkar áttir og til ólíkra tímabila og menningarstrauma. Það sést glögglega af samanburði við ýmis verk og höfunda – *Réttarhöldin* eftir Kafka, gríska harmleiki, Racine, heimspekisögur Voltaires, Dos Pasos, Hemingway, *Söguna um gralinn* og svo mætti lengi telja. Albert Camus las mikið sem ungur maður eins og kemur fram í ævisögum sem um hann hafa verið ritaðar. Hvort hann þekkti *Söguna um gralinn* er óvíst. Í verki sínu *After Babel* skilgreinir George Steiner menningu sem röð eða runu þýðinga og aðlagana á „föstum“, ⁵² sumar hverjar meðvitaðar, aðrar ekki. Það er forvitnilegt að lesa *Útlendinginn* og *Söguna um gralinn* hlið við hlið og sjá að Albert Camus og Chrétien de Troyes fjölluðu um samband einstaklingsins við umheiminn og sig sjálfan á ekki óskyldan hátt þótt hann birtist sem „útlendingur“ í öðru tilvikinu en „óviti“ eða *nice* – í upprunalegri merkingu þess orðs – í hinu. Viðfangsefnið er þó viðameira en svo

52 „Defined ‘topologically’, a culture is a sequence of translations and transformations of constants“; George Steiner, *After Babel. Aspects of language and translation*, Oxford: Oxford University Press, 2. útgáfa, 1992, bls. 449.

að hægt sé að gera því fullnægjandi skil hér. Saga Chrétiens er frá þeim tíma þegar miðaldaskáldsagan var að fæðast og höfundar fundu upp frásagnartæknina um leið og þeir skrifuðu. Sumir þeirra höfðu skólast við þýðingar af ýmsu tagi. Margt þykir nútímalesendum klaufalegt í þessum fornu ritum þar sem sögumaður á það til að stökkva úr einu í annað og missa einn og einn þráð í leiðinni. Chrétien var þó ekki síður meðvitaður um starf sitt en seinni tíma höfundar og lagði áherslu á byggingu og merkingu (ffr. *sen*) verka sinna. Það er þó aðeins í *Sögunni um gralinn* að leit riddarans hverfist um merkingu sem lesandinn leitar reyndar að líka, ekki síst vegna þess að sagan hættir í miðjum klíðum. Meursault er hetja fáránleikans í þöglum heimi. Þegar „dýr ógæfunnar“ ljúkast upp verður hann „útlendingur“ og gerðir hans túlkaðar og gæddar merkingu sem er ef til vill ekki sú rétta. Hann spyr sig ótal sinnum hvort hann eigi möguleika á því að sleppa lifandi frá fallöxinni, gangvirkinu, en kemst að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki enda sleppi enginn undan henni. Það kemur hins vegar ekki í veg fyrir að Meursault sé hamingjusamur og skynji fegurð heimsins. Það er eitt af því sem gerir hinn skeytingarlaus útlending að jafn viðkunnanlegri sögupersónu og hinn fávísa og forvitna Perceval.

ÚTDRÁTTUR

Skáldsagan *Útlendingurinn* kom út í París árið 1942 og var hún fyrsta útgefna skáldsaga Alberts Camus. Þar segir frá lífi skrifstofumannsins Meursault og þeirri atburðarás sem leiðir til þess að hann drepur mann án þess að hafa ætlað sér það. Í lok verksins situr söguhetjan í fangaklefa sínum, bíður aftöku og lýsir því yfir að ekkert skipti máli. Afstaða Meursault til lífsins gerir hann að „útlendingi“ í augum flestra annarra sögupersóna verksins og fyrir það er hann dæmdur til dauða. Í greininni er leitast við að draga fram hvað felst í því að vera „útlendingur“ í sögu Camus og bent á tengsl hennar við önnur skáldverk og „útlendinga“. Einkum er staldrað við samanburð á *Útlendingnum* og *Sögunni um gralinn* eftir Chrétien de Troyes og bent á hliðstæður í verkunum tveimur.

Lykilorð: Albert Camus, *Útlendingurinn*, Chrétien de Troyes, *Perceval eða Sagan um Gralinn*, útlendingur

ABSTRACT

A stranger and a *nice*
The Stranger by Albert Camus and
The Story of the Grail by Chrétien de Troyes

Published in Paris in 1942, *The Stranger* was Albert Camus' first published novel. It tells the story of the office employee Meursault and retraces the events that lead him to commit unpremeditated murder. Awaiting execution at the end of the story, Meursault declares that nothing is of any importance. His attitude toward life makes him a "stranger" in the eyes of most other characters in the story and he is condemned to death not for murder but for his behaviour. This article focuses on what being a "stranger" means in Camus' novel and on the novel's relation to other fictive stories and "strangers", mainly to Chrétien de Troyes' *Perceval, or the Story of the Grail*.

Keywords: Albert Camus, *The Stranger/The Outsider*, Chrétien de Troyes, *Perceval or The Story of the Grail*, outsider/stranger

Að skyggnast í skúmaskotin Um fjölmenningarsamfélag við Karíbahafsströnd Kostaríku í verkum Anacristina Rossi¹

1. Inngangur

Hugmyndir umheimsins um menningu og mannlíf í Rómönsku Ameríku hafa mótast frá tímum landafundanna í lok fimmtándu aldar. Lýsingar landkönnuða sem birtust í frásögnum þeirra, bréfum og leiðarbókum lögðu grunninn að viðhorfum Evrópumanna til álfunnar.² Hugmyndir um framandleika þessara fjarlægu slóða urðu til og festust í sessi, jafnvel svo að sumar lifa góðu lífi enn þann dag í dag.³ Kostaríska skáldkonan Anacristina Rossi gerir umræddan framandleika að umfjöllunarefni í skáldsögum sínum *Limón Blues* (2002) og *Limón Reggae* (2007).⁴ Hún beinir sjónum að því hvernig

1 Lindu Guðrúnu Karlsdóttur, meistaranema í spænsku, er þökkud aðstoð við heimildaöflun.

2 Bréf Kóлумbusar til yfirvalda á Spáni öðluðust strax útbreiðslu. Þau höfðu afgerandi áhrif á viðhorf Evrópumanna til nýja heimsins. Í bréfunum er að finna ferðalýsingar, umfjöllun um staðhætti og íbúa eyja Karíbahafsins. Áhersla er lögð á heimshlutann sem sælureit, e.k. paradís, þar sem búi undirgefið og einfalt fólk. Hugmyndin um „góða villimanninn“ festist í sessi í kjölfar þessara frásagna, enda staðfestar í skrifum munksins Bartolomé de las Casas, sem var í mun að koma frumbyggjum til varnar í ljósi sívaxandi ofbeldis Spánverja í nýlendunum. Til frekari upplýsinga er bent á þýðingar Sigurðar Hjartarsonar, s.s. í bókinni *Leiðarbækur úr fyrstu siglingunni til Indíalanda 1492–1493*, Reykjavík: Uglan, 1992, og *Órutt frásögn af eyðingu Indíalanda eftir Bartolomé de las Casas*, Reykjavík: Þýðandi gaf út, 2007.

3 Sjá nánari umfjöllun höfundar í greininni: „Kvenlegar ásýndir Rómönsku Ameríku“, *Ritið* 2/2005, bls. 63–81.

4 Anacristina Rossi fæddist 1952 í höfuðborg Kostaríku, San José, en dvaldi langdvölum í hafnarborginni Limón á Karíbahafsströnd landsins. Hún stundaði nám í Frakklandi, Bretlandi og Hollandi og lauk meistaraþráðu í þýðingarfræðum. Hún starfar jöfnum höndum sem rithöfundur, blaðamaður og þýðandi.

ráðandi hugmyndir samtímans um Kostaríku sem heimkynni hvítra afkomenda Evrópumanna fyrst og fremst séu misvísandi og feli í sér ofureinföldun. Hún leggur áherslu á að í aldanna rás hefði þessi ímynd, í takt við það sem gerst hefur annars staðar, átt að verða æ margræðari – og allt annað en einföld.⁵ Athygli hennar beinist að Karíbahafsströnd heimalandsins, en um Karíbahafssvæðið hefur kúbverska ljóðskáldið Nancy Morejón sagt:

Til er skip sem er á samfelldri siglingu um Karíbahafið. Það fer ekki einungis milli fjarlægra eyja heldur kemur einnig við á fastalandinu. Ferðir þess stuðla að útbreiðslu menningarsamfélags sem er á stöðugri hreyfingu. Þetta samfélag er forstofa Ameríku sem við erum smám saman að eignast meiri hlutdeild í. Þetta skip, hvort heldur stórt eða lítið, siglir seglum þöndum á úthafi bókmenntanna sem við höfum verið að skapa.⁶

Ítalska fræðikonan María Rita Corticelli fjallar í bók sinni *El Caribe Universal* um sögu og byggðaðpróun svæðisins og hlutverk bókmennta við ímyndarsköpun.⁷ Hún rekur íbúasögu þessarar „forstofu álfunnar“ og gerir nútímasamfélög í þessum heimshluta að sérstöku umtalsefni. Hún beinir sjónum að hinum enskumælandi Jamaíku og Belís, að Haíti þar sem töluð er franska, og Kúbu og Dóminíska lýðveldinu þar sem spænska er töluð. Hún fjallar um Karíbahafsströnd Mið-Ameríku þar sem bri-bri indíánar byggja Talamancaströnd Kostaríku ásamt enskumælandi íbúum í borginni Limón og nágrenni. Í norðri er að finna enskumælandi íbúa bæði á Maís-eyju, í borginni Bluefields í Níkaragva og á eyjunum undan ströndum Hondúras. Miskító-indíánar deila Karíbahafsströnd Hondúras og

5 Í Kostaríku búa rúmlega 4,5 milljónir manna, meira en helmingur á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni. 94% íbúanna eru hvítir menn eða kynblendingar, 3% eru af afrískum uppruna og búa einkum á Karíbahafsströndinni, indíánar eru 1%, Kínverjar 1% og aðrir kynþættir 1%. Réttindasamök minnihlutahópa hafa gagnrýnt þessar tölur og halda því fram að allt að 12% íbúa landsins teljist til ýmissa minnihlutahópa, <http://www.nationsonline.org/oneworld/>; <http://www.inec.go.cr/Web/Home/pagPrincipal.aspx> [sótt 16. desember 2011].

6 „Hay un barco que boga siempre por las aguas del Mar Caribe, atravesando no sólo la cuenca de las islas sino los territorios de Tierra Firme para en su conjunto componer una enorme civilización en movimiento perpetuo, sentada a las puertas de una América cada vez más nuestra. Ese barco, grande o pequeño, al azar de los vientos que soplen, se mueve ahora en el múltiple mar de las literaturas que hemos ido creando.“ Nancy Morejón, *Anales del Caribe*, Havana: Casa de las Américas, 2006, bls. 7. Allar tilvitnanir í greininni eru þýddar af greinarhöfundum.

7 María Rita Corticelli, *El Caribe Universal: La obra de Antonio Benítez Rojo*, Berlin: Peter Lang Forlag, 2006.

norðurhluta Níkaragva með enskumælandi afkomendum þræla. Margmenningarlegt samfélag Karíbahafsins, „blandað og fjölbreytt“, hefur að hennar mati mótast hvað mest af afkomendum þræla.⁸ Að sama skapi ítreka Gudmundson og Woulf, í bók sinni *Blacks & Blackness in Central America: Between Race and Place*, að byggðapróun í strandhéraðum Mið-Ameríkulanda við Karíbahaf hafi ekki hvað síst mótast af flutningi fólks frá eyjum Karíbahafsins.⁹

Kólabússur kom að Karíbahafsströnd Kostaríku, þar sem nú er hafnarborgin Limón, árið 1502. Hann kallaði staðinn „ríku ströndina“, eða Costa Rica. Á sextánda öld fer fáum sögum af byggðapróun við austurströnd landsins þó að skip landkönnuða hafi nokkrum sinnum komið þar við. Vitað er að sífellt fleiri þrælar voru um borð í spænskum freigátum og að margir þeirra struku frá borði víðsvegar við strendur Karíbahafs.¹⁰ Það er fyrst þegar kakórækt festist í sessi um miðja sautjándu öld að þörf skapast fyrir aukin vinnuafli. Þrælar voru fluttir til strandhéraðanna og margir þeirra settust þar að.¹¹ Samtímis gerðist það annars staðar í landinu að Evrópumenn og fjölskyldur þeirra settust að á hásléttunni, þar sem nú er höfuðborgin San José. Þeir komu úr suðri, þar sem nú er Panama, og ferðuðust upp eftir vesturströndinni, Kyrrahafsmegin. Loftslag hásléttunnar var þeim kunnuglegra og mun þægilegra en loftslagið á hitabeltissvæðum láglendisins. Til urðu öflug samfélög smábænda sem stunduðu meðal annars kartöflurækt. Lítil samskipti voru milli íbúa hásléttunnar og samfélaga frumbyggja og blökkumannanna annarsstaðar í landinu, eða allt þar til kaffiframleiðslu landsins óx fiskur um hrygg um miðja 19. öld. Þá skapaðist þörf fyrir samgönguleiðir ofan af hásléttunni til strandar svo efla mætti útflutning. Fyrst var unnið að lagningu járnbrauta á vesturströndinni og skipað út frá borginni Puntarenas við Kyrrahafið. Fljótlega var þó farið að horfa til Karíbahafsstrandarinnar enda mun styttra á markaði þaðan. Byggðakjarni hafði þá þegar myndast við árósa Limón og íbúarnir stunduðu þar kakórækt og fiskveiðar.

8 „hibrido y heterogéneo“, sama rit, bls. 17.

9 Lowell Gudmundson og Justin Woulf, *Black and Blackness in Central America. Between Race and Place*, Durham & London: Duke University Press, 2010.

10 Quince Duncan og Carlos Meléndez, *El negro en Costa Rica*, San José, Costa Rica: Editorial Costa Rica, 1981.

11 Russell Lohse, „Cacao and Slavery in Matina, Costa Rica, 1650–1759“, *Blacks & Blackness in Central America*, bls. 57–92.

Fræðimaðurinn Ronald N. Harpelle hefur fjallað um fyrri og seinni öldu innflytjenda blökkumanna til Kostaríku.¹² Sú fyrri, segir hann, átti sér stað á landvinningatímanum, en þó sérstaklega undir lok 17. aldar þegar kakóræktunin jókst, og sú síðari eftir miðja 19. öld þegar fólk flyktist til landsins frá eyjum Karíbahafsins, einkum Jamaíku, í atvinnuleit.¹³ Þá hafði verið ákveðið að leggja járnbrautar-teina milli hafnarborgarinnar Limón og hásléttunnar og til þess vantaði vinnuafli. Fjölmargir þessara farandverkamanna sneru aldrei til baka. Fyrirtækið sem sá um lagningu járnbrautanna fór á hausinn og þegar ekki var hægt að greiða verkamönnunum laun var mörgum þeirra úthlutað landskikum. Fólk settist að og starfaði fyrir banana-veldi United Fruit Company í nágrenni Limón.¹⁴ Þetta fólk talaði ensku og var einangrað frá öðrum hlutum landsins, bæði landfræðilega og menningarlega. Í bók Guðmundson og Woulf er fjallað um jaðarstöðu þessara íbúa Kostaríku.

Jaðarstaða minnihlutahópa Kostaríku er einnig viðfangsefni Rossi og til að átta sig betur á framlagi hennar til baráttunnar gegn henni í fyrrnefndum skáldsögum er vert að skoða skrif kostaríska rithöfundarins og fræðimannsins Qunice Duncan. Í grein sinni „Afró-raunsæi. Ný vídd í bókmenntum Rómönsku Ameríku“¹⁵, bendir hann á að listsköpun blökkumanna, indíána og annarra og minnihlutahópa hafi undantekningalítið ekki ratað á síður yfirlitsrita um

12 Ronald N. Harpelle, *The West Indians of Costa Rica: Race, Class and the Integration of an Ethnic Minority*, Kingston, Jamaíka: Ian Randle Publishes, 2001. Sjá enn fremur skrif Quince Duncan og Carlos Meléndez, *El negro en Costa Rica*, og Quince Duncan, *Contra el silencio: afrodescendientes y racismo en el Caribe continental hispanico*, San José, Costa Rica: EUNED, 2001.

13 Ronald N. Harpelle, *The West Indians of Costa Rica*. Þar gerir hann að umtalsefni að allt frá 16. öld hafi afrískir þrælur verið um borð í skipum Spánverja sem sigldu til Ameríku og ár hvert hafi nokkrir ýmist strokið eða orðið eftir á ýmsum viðkomustöðum. Fjöldaflutningur fólks frá eyjum Karíbahafs hafi hins vegar fyrst komið til þegar strandsvæði Mið-Ameríkulanda öðluðust hlutverk útflutningsmiðstöðva.

14 Skáldsagan *Mamita Yunai* (1940) eftir kostaríska rithöfundinn Carlos Luis Fallas, fjallar á eftirminnilegan hátt um líf og aðstæður verkafólks á bananaplantekrum Karíbahafsstrandarrinnar við upphaf síðustu aldar.

15 Quince Duncan, „El afrorealismo, una dimensión nueva de la literatura latinoamericana“, *Anales del Caribe*, Havana: Casa de las Américas, 2006, bls. 9–20. Með hugtakinu afró-raunsæi vísar Duncan til hugmynda meðal menntamanna af afrísk-amerískum uppruna sem leggja áherslu á að blökkumenn Ameríku deili menningararfleifð og hana beri að hefja til vegs og virðingar. Þessar hugmyndir eiga rætur að rekja til annarra hreyfinga sem urðu til á undan og ítrekuðu sérstætt sjónarhorn blökkumanna á samtíma sinn og tilveru. Geta má „afró-kúbisma“ og „blökkuljóða“ (sp. *poesía negra*) á Kúbu, auk hugmynda „negrismo“ og „negritude“ hreyfinganna á eyjum Karíbahafsins um miðja 20. öld (sjá neðanmálgrein 17).

menningarsögu landanna sem þessir hópar byggja.¹⁶ Duncan fjallar sérstaklega um bókmenntir fólks af afrísk-amerískum uppruna og bendir á fjölmörg dæmi þess hvernig verk þeirra standi ennþá handan ósýnilegra en mjög skýrt afmarkaðra landamæra hinnar ráðandi (e. *mainstream*) bókmenntaelítu.¹⁷ Duncan telur mikilvægt að nema úr gildi ríkjandi hugsunarhátt aðskilnaðar sem þessi táknrænu landamæri stuðli að, en til þess verði rithöfundar af afrísk-um uppruna að vinna tiltekna heimavinnu og tileinka sér ákveðin vinnubrögð. Þau felist m.a. í því að nota afrísk-amerískt sjónarhorn í verkum sínum – t.d. með breytttri mál- og hugtakanotkun.¹⁸ Í því felst, segir hann, að virða uppruna sinn og menningararfleifð og halda á lofti, og nota, afríkumiðuð (sp. *afrocéntrico*) minni og tákni, t.d. guði og gyðjur úr „santería“-trúarbrögðum. Þetta, bendir hann á, endurvekur þekkingu á menningu forfeðranna.¹⁹ Enn fremur hvetur hann til þess að stjórnálagasaga þrælaverslunarinnar sé endursögd frá sjónarhóli afkomenda þrælanna. Síðast en ekki síst gerir hann að umtalsefni nauðsyn þess að lifa með reisn á umráðasvæði eigin menningar án aðskilnaðar frá öðrum menningarsamfélögum svæðisins.²⁰ Hann leggur áherslu á nauðsyn þess að halda leitinni að afrísk-amerískri sjálfsmynd áfram og mikilvægi þess fyrir afkomendur Afríkumanna að tileinka sér slíka sjálfsmynd.

Áskorun Duncans er sett fram gegn evrópumíðaðri menningararfleifð sem sífellt og stöðugt er og hefur verið haldið á lofti. Og þó að Evrópumenn líti ekki á Rómönsku Ameríku sem meginland hvíttra manna miðast flestar hugmyndir sem ráðið hafa þar ríkjum

16 Duncan (f. 1940) kom fram á sjónarsvið kostarískra bókmennta á sjöunda áratugnum. Hann skrifar aðallega á spænsku en í verkum sínum sækir hann efnivið til Karíbahafsstrandar Kostaríku.

17 Þess ber að geta að Duncan er fjarri því að vera fyrstur til að gera þessum málum skil. Á eyjum Karíbahafs hafa rithöfundar, skáld og listamenn haldið afrískum uppruna íbúanna mjög á lofti. Má þar nefna Alejo Carpentier, Nicolás Guillén og Nancy Morejón frá Kúbu, Joaquín Beleño C. og Carlos Guillermo Wilson (Cubena) frá Panama, Joaquín Gutiérrez og Fabián Dobles frá Kostaríku, Aimé Césaire frá Martiníku, Manuel del Cabral frá Dóminíska lýðveldinu, Luis Palés Matos frá Puerto Rico og marga fleiri.

18 Duncan heldur hér á lofti hugmyndinni um „negritude“ sem hugsuðir á borð við Leopold Sedar Senghor (frá Senegal), Léon Gontran Damas (frá Gvayana) og Aimé Césaire (frá Martiníku) höfðu þegar varpað fram. Hugmyndirnar áttu að hluta upptök í endurreisnarhreyfingunni í Harlem á þriðja áratug 20. aldar.

19 Duncan, „El afrorealismo, ...“. Þar talar hann um „la comunidad ancestral“ annars vegar og „conciencia negra universal“ hins vegar, bls. 11.

20 Sama grein. Duncan notar hugtakið „intracéntrico“, bls. 14.

um heimspeki, fagurfræði og hugmyndasögu við evrópska menningararfleifð.²¹ Samkvæmt hugmyndum Duncans virðist sem sá félagslegi darvinismi sem festi rætur á 19. öld ráði enn ríkjum. Áhrifavaldar eins og argentínski hugmyndafræðingurinn og stjórnmálamaðurinn Domingo Faustino Sarmiento, sem fjallaði um „ólán Ameríku“ og átti við blöndun Evrópumanna og frumbyggja, hafa sterk ítök enn þann dag í dag. Kynblöndunina taldi Sarmiento stuðla að því „að kynstofnar álfunnar lifa í iðju- og framkvæmdaleysi“. Þeir virðast, segir hann, ófærir „[...] um að leggja á sig álags- og erfiðisvinnu“.²² Lærisveinn hans, argentínski hugmyndasmiðurinn Carlos Octavio Bunge, lagðist á árar með honum og benti á að blökkumenn hefðu fátt lagt á vogarskálar afrekalista heimsbyggðarinnar.²³

Sá veruleiki sem Duncan fjallar um við upphaf 21. aldar er enn flóknari en sá sem blasti við fræðimönnum álfunnar fyrir eitt hundrað árum. Fjölmenningsarsamfélög strandhéraða við Karíbahaf móttast af tilvist fjölmargra menningarkima. Þessir afkimar eða skúmaskot ráðast fyrst og fremst af uppruna, útliti og menningararfleifð, en einnig af félagslegum aðstæðum og óstöðugu stjórnmálaástandi. Ýmsir rithöfundar og skáld hafa á undanförunum árum skrifað í vaxandi mæli um líf minnihlutahópa í Kostaríku.²⁴ Kostarísku ljóðskáldin og blökkukonurnar Eulaila Bernard Little, Shirley Campell og Delia McDonald eru þar á meðal. Þær tilheyra tilteknu jaðarsamfélagi og tjá sérkenni þess. Þær beina sjónum að uppruna sínum og skrifa jafnt á spænsku sem ensku. Þær veita innsýn í hvernig það er að vera svört kona í kostarísku nútímasamfélagi og lýsa viðbrögðum umhverfisins við þeim sem blökkukonum. Þær

21 Sama grein, bls 17.

22 Domingo Faustino Sarmiento, í *La segregación negada: Cultura y discriminación social*, ritstj. M. Margulis og M. Urresti, Buenos Aires: Editorial Biblos, 1999. Þar er haft eftir Sarmiento: „Las razas americanas viven en la ociosidad, y se muestran incapaces, aun por medio de la compulsión, para dedicarse a un trabajo duro y seguido“, bls. 116.

23 Eftir hann liggja m.a. ritin: *Nuestra América y Principios de psicología individual y social* (1903), *Los envenenados* (1908) og *Nuestra Patria* (1910) ásamt mörgum fleiri.

24 Nokkrir af lærifæðrum Rossi eru José León Sánchez, Fabián Dobles og Abel Pacheco, ásamt Quince Duncan sem ritað hefur fjölda skáld- og smásagna á löngum rithöfundarferli. Höfundur hefur fjallað um verk Duncans í greininni „Transculturación paulatina: La integración del pueblo negro en la sociedad costarricense“, *El Caribe Centroamericano*, Helsinki, Finnland: The Renvall Institute, 2005, bls. 138–152.

eru „ný“ rödd í bókmenntalífi Kostaríku²⁵ og samtvinnu menningarsögulegan bakgrunn sinn og sjónarhorn menningu meirihlutans.

Eulaila Bernard Little (f. 1935) yrkir:

„We“²⁶

[...]

We who breathe other air

We who intone other songs

We who invoke other gods

Here we are living dead

There we are dying alive

We are dead.

Delia McDonald (f. 1965) yrkir:

„Each stop is a calypso dance“.²⁷

The blacks from San José

we are happy with our

party of smiles,

and onto the train board black vendors

hustling their goods:

„*pan bon ... pan boon*, I’ve got *pan bon ...*“²⁸

Með afró-raunsæinu sem einkennir framlag þeirra til bókmenntasögu Kostaríku við upphaf 21. aldar er fjölmenningararfleifð landsins staðfest. Þær taka þátt í því sem kúbverski kenningasmiðurinn Fernando Ortiz hefur kallað „transculturación“, og á þar við flutning menningar og menningarsögulegrar þekkingar frá einum tíma og

25 Dorothy E. Mosby, *Place, Language and Identity in Afro-Costa Rican Literature*, Colombia og London: University of Missouri Press, 2003.

26 Eulaila Bernard Little, *Ritmobéroe*, San José, Costa Rica: Editorial Costa Rica, 1982, bls. 95. Ljóðið birtist einnig á spænsku og hver ljóðlína hefst á persónuformafninu „nosotros“ = við.

27 Delia McDonald, *La lluvia es una piel*, San José, Costa Rica: Ministerio de Cultura, 1999, bls. 58. Ljóðið birtist einnig á spænsku undir heitinu „Cada parada es un baile de calipso“.

28 „Pan bon“ er sætabrauð sem blökkumenn Karíbahafsstrandar Kostaríku baka og borða á tyllidögum.

tilteknu menningarsamfélagi til annars.²⁹ Verk þeirra staðfesta kenningar Ortiz um að mismunandi menningarkimar sem búa í návígi og hverfast hver um annan smitist og verði fyrir óafturkræfum og gagnvirkum áhrifum hver af öðrum. Til verður núningssvæði þeirra á milli, þar sem enginn er ósnortinn. Skáldkonurnar, sem eins og áður segir skrifa ýmist á ensku eða spænsku, fjalla um fjölmenningarlegt umhverfi sitt og uppruna. Þær lýsa veruleika sem þær þekkja og veita innsýn í sérstæða reynslu og þau gildi sem af henni spretta. Þær hafa orðið fyrir áhrifum, ígrundað þau og endurskapað í verkum sínum. Verk þeirra bera vott um nýstárlegar sjálfsmyndir sem staðfesta hugmyndir úrúgvæska fræðimannsins Angels Rama um að þetta ferli menningaraðlögunar stuðli að „neoculturación“ eða nýmenningu.³⁰

2. Sjálfsmyndir og staðalmyndir um Kostaríku

Mótun sjálfsmynda er áberandi í verkum rithöfunda sem eiga uppruna sinn að rekja til minnihlutasamfélaga Kostaríku. Með hugtakinu sjálfsmynd (sp. *identidad*) er hér vísað til skilnings einstaklings á sjálfum sér í félagslegu umhverfi sínu. Þessi skilningur er í takt við hugmyndir sílesku félagsfræðinganna Manuels Baeza og Mögdu Sepúlveda sem leggja áherslu á að sjálfsmyndir mótist aðallega af uppruna og menningu, ásamt landfræðilegum aðstæðum, atvinnuháttum og hlutverkum.³¹ Sjálfsmyndir, benda þau á, eru svæðisbundnar. Einstaklingurinn speglar sig í nánasta umhverfi sínu og verður virkur gerandi í því að skapa og þróa eigin sjálfsmynd – ómeðvitað í æsku en meðvitað á fullorðinsárum.³² Í því felst, samkvæmt kenningum heimspekingsins Corneliusar Castoradis, að

29 Fernando Ortiz, „Del fenómeno social de la „transculturación“ y de su importancia en Cuba“, *Contrapunto cubano del tabaco y azúcar*, Enrico Mario Santí (ristj.), Madrid: Cátedra, 2002, bls. 254–262.

30 Ángel Rama, *Transculturación narrativa en América*, México: Siglo XXI, 1982, bls. 33.

31 Manuel Baeza, *Los caminos invisibles de la realidad social: Ensayo de sociología profunda sobre los imaginarios sociales*, Santiago, Chile: Red Internacional del Libro, 2000.

32 Magda Sepúlveda, „La construcción de identidades, sus imaginarios y su posición en la literatura“, *Taller de letras* 32/2003, bls. 67–78. Sjá enn fremur skrif Stryker og Burke, „The Past, Present, and Future of an Identity Theory“, *Social Psychology Quarterly*, American Sociological Association 4/2000, bls. 287–297.

þjóðfélag verður til og er skapað af einstaklingunum sem það byggja því þeir hafa ákveðnar sameiginlegar hugmyndir um hvernig heimurinn er eða á að vera.³³ Einstaklingurinn velur fyrirmyndir, gildi eða viðhorf og skapar eigið „sjálf“ samkvæmt því. Af því leiðir að sjálfsmyndir einstaklinga og hópa verða nátengdar.³⁴ Í stuttu máli sagt er um það að ræða að menningar- og félagslegur bakgrunnur einstaklingsins stýrir því hver honum finnst hann eða hún vera.³⁵ Einnig mætti útfæra hugmyndina með því að það sé úr þessum bakgrunni sem við veljum hver við viljum og ætlum að vera. Mótun persónulegrar sjálfsmyndar verður þannig, eins og spænski fræðimaðurinn Angel Castiñeira kemst að orði, ferli þar sem „[...] einstaklingurinn skapar sér ímyndaða sjálfsmynd í samspili við þá sem í kringum hann eru. [...] Hún er samsett úr þeim fjölmörgu ólíku fyrirmyndum sem umhverfið ber honum á borð“ og verður „[...] saga í sífelldri mótun“.³⁶ Fræðimenn leggja áherslu á að andlegt heilbrigði sé nátengt skilningi mannsins á „sjálfum sér“ og ef sjálfsmynd okkar er ekki sæmilega vel mótuð verðum við það sem argentínski félagsfræðingurinn Enrique del Acebo Ibáñez kallar rótlaus, vansæl og óheilbrigð í félagslegum skilningi.³⁷

Þegar sjónum er sérstaklega beint að Kostaríku og lýsingu Rossi á aðstæðum og sögu íbúanna blasir við að á Karíbahafsströndinni er að finna samfélög frumbyggja, afkomenda Evrópumanna, blökkumannanna, mestísa (blendinga hvítra og indíána), múlatta (blendinga svartra og hvítra), sambóa (blendinga blökkumannanna og indíána),

33 Cornelius Castoradis, *The Imaginary Institution of Society*, Cambridge: Polity Press, 1987, bls. 3.

34 Manuel Montobbio, „Sobre la identidad de la identidad en la era de la globalización“, *Revista de Occidente* 352/Septiembre 2010, bls. 130–159, hér bls. 132.

35 Í ofanefndri grein er vísað í tilvitnun frá Maríu Zambrano sem leggur áherslu á að meðlimir tiltekins samfélags „deili sýn á veröldina“ (bls. 133). Ætlast sé til að einstaklingurinn samþykki tiltekin viðmið, yfirvald og hefðir.

36 „[...] el individuo, en interacción con los demás va forjando un ideal del yo [...] de cualidades o atributos obtenidos de la diversidad de modelos que los diferentes grupos de su sociedad ofrecen [...] un relato que vamos construyendo [...], Ángel Castiñeira, „Naciones imaginadas: Identidad personal, identidad nacional y lugar de memoria“, ritstjórar Resina og Winter, *Casa encantada. Lugares de memoria en la España constitucional (1974–2004)*, Madrid: Iberoamericana, 2005.

37 Enrique del Acebo Ibáñez, *Félagsfræði rötustunnar: Hugmyndir um mótun borgarsamfélagsins*. Ritstjórn og umsjón þýðingar Hólmfríður Gardarsdóttir og Helgi Gunnlaugsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007. Sjá frekari umfjöllun um kenningar Ibáñez í greininni: „Ríkjandi rötleysi: Dáðleysi ungtra manna í mexíkóskum stórborgarmyndum“, *Ritid* 2/2010, bls. 121–143.

fólks af arabískum og asískum uppruna, og fleiri. Þessi fjölbreytileiki endurspeglast þó ekki í ímynd þjóðarinnar – hvorki þeirri sem haldið er á lofti innanlands, né heldur þeirri sem lengst hefur lifað á alþjóðavísu – um einlitt samfélag afkomenda Evrópumanna. Kostaríski sagnfræðingurinn Quesada Soto hefur rannsakað byggðasögu landsins og komist að þeirri niðurstöðu að ríkjandi hugmyndir um Kostaríku séu að hún sé „land hinna hvítu“. Land þar sem blöndun kynþátta og menningar sé takmörkuð og þróunarstig sé sambærilegt við Vesturlönd. Hann leggur áherslu á að þetta séu ranghugmyndir og þær beri að varast.³⁸ Samlandi hans, félagsfræðingurinn Ronald Soto-Quiros, útskýrir að þessi viðhorf ráði enn fremur viðhorfum landsmanna til íbúa nágrannaríkja og að evrópsk menningararfleifið og hörundslitur íbúanna hafi mótað sjálfskilning og sjálfsmynd þjóðarinnar.³⁹

Fræðimaðurinn Ronald N. Harpelle leggur áherslu á að í kostarísku samhengi mótist tengsl „okkar“ (hinna hvítu) og „hinna“ (þeirra lituðu) af því að íbúar hásléttunnar, fyrst höfuðborgarinnar Cartago og síðar núverandi höfuðborgar San José, telji sig kjarna þjóðarinnar, þ.e. rétthafa hins kostaríska „sjálfs“. Þeir eru afkomendur evrópskra landvinningamanna og hafa haldið um valdataumana frá upphafi: Þeir álíta sig fulltrúa „hinnar raunverulegu Kostaríku“.⁴⁰ Hins vegar séu „hinir“ fyrst og fremst íbúar jaðarsvæða, t.d. á Karíbahafsströndinni þar sem hafnarborgin Limón „er framandleg og íbúarnir af afrískum uppruna“.⁴¹ Harpelle fjallar enn fremur um karllæga ímynd þjóðarinnar og bendir í umræðu sinni um Karíbahafsströndina og svæðið í kringum hafnarborgina Limón á að „mikilvægur hópur sem alltaf er horft fram hjá eru konurnar sem komu í héraðið sem dætur, systur, eiginkonur og mæður verkamannanna. [...] Eigi að síður komu þúsundir kvenna

38 Álvaro Quesada Soto, *Uno y los otros: Identidad y literatura en Costa Rica 1890–1949*, San José, Costa Rica: Editorial Universidad de Costa Rica, 1998, bls. 32.

39 Ronald Soto-Quiros, „Imaginando una nación de raza blanca en Costa Rica: 1821–1914“, sjá <http://alhim.revues.org/index2930.html> [sótt í september 2011].

40 „the real Costa Rica“, Ronald, N. Harpelle, *The West Indians of Costa Rica*, bls. 18.

41 „is exotic, populated by people of African descent“, sama rit, bls. XIII og bls. 21. Undir þessa framsetningu tekur Mauricio Meléndez Obando í bókarkafli „The Slow Ascent of the Marginalized: Afro-Descendants in Costa Rica and Nicaragua“, *Blacks & Blackness in Central America. Between Race and Place*, bls. 335.

í héraðið“.⁴² Og það er ekki hvað síst í ljósi þessara ummæla sem skáldverk Anacristina Rossi *Limón Blues* og *Limón Reggae* reynast verðugur efniviður til rannsókna á mótun sjálfsmynda, þjóðareinkennum og sögu kvenna.

Rossi byggir verk sín á ítarlegri rannsóknarvinnu um sögu og menningu landsvæðisins og á eigin reynslu, því þó að Rossi sé fædd í San José er hún að hluta alin upp í hafnarborginni Limón og er af blönduðum uppruna eins og flestir íbúar borgarinnar. Rossi tekur að sér að skrifa arfleifð minnihlutahópa inn í bókmenntir landsins og leggur sitt af mörkum til þess sem Quince Duncan hvatti til að gert væri, að „vegsama fjölmenningu og ólíkan uppruna íbúa Kosta-ríku“.⁴³

3. *Limón Blues*

Í *Limón Blues* birtist aðalpersónan Orlandus Robinson okkur strax á fyrstu síðum skáldsögunnar. Hann er blökkumaður frá Jamaíku, sem kominn er til hafnarborgarinnar Limón í Kostaríku að áeggjan móður sinnar. Hann er á leið til þorpsins Cahuita sem staðsett er á ströndinni um 60 km sunnan við Limón. Ætlun hans er að rækta upp landspildu sem fjölskyldan hefur eignast í því skyni að vinna sér inn fé og snúa síðan aftur til heimalandsins. Þetta er árið 1904 og um leið og þroskasaga Orlandusar lýkst upp fyrir lesandanum er byggðasaga Karíbahafsstrandarinnar opinberuð.⁴⁴ Ungi farandverkamaðurinn er á jaðri samfélagsins og samtímis því sem sjálfvitund hans vaknar leiðir Rossi lesandann um þann flókna vef mannlífs og menningar sem er í mótun á svæðinu. Skáldsagan

42 „one important group that is always overlooked are the women who arrived in the region as daughters, sisters, wives, and mothers of the workers. [...] Nevertheless, thousands of women did make their way to the region“, Ronald N. Harpelle, sama rit, bls. 13–14. Í bókinni *Blacks & Blackness in Central America* fjallar hann enn frekar um stöðu kvenna og segir: „[...] and women, when they do appear, are usually just a footnote in a male-centered story of conquest“, bls. 309.

43 „enaltecer el carácter pluricultural y multiétnico del pueblo costarricense“, Quince Duncan, *Contra el silencio: afro descendientes y racismo en el Caribe continental hispánico*, San José, Kostaríka: EUNED, 2011, bls. 211.

44 Patricia Alverenga Venotolo, „La inmigración extranjera y la nación costarricense“, Heredia, Costa Rica: Universidad Nacional, sjá: <http://www.denison.edu/istmo/articulos/inmigracion.html> [sótt í september 2011].

Limón Blues segir því ekki aðeins persónulega sögu Orlandusar, heldur ekki síður sögu kostarískra blökkumanna. Hún byggist á ítarlegri söguskoðun og rannsóknarvinnu þar sem stjórn mála-, efnahags- og byggðaþróun er sett fram sem baksvið félagslegra aðstæðna. Hún veitir innsýn í þróun sjálfsmyndar jaðarhópa þar sem lesandanum verður smám saman ljóst að kvenkyns persónur sögunnar mynda öxul innflytjendasamfélagsins. Skáldsagan hverfist um sjálfsmyndir og ímyndir þjóðarinnar þar sem Rossi teflir einfölduðum og rótgrónum hugmyndum fram gegn margsamsettum veruleika svæðisins sem við blasir.

Karlpersónur Rossi virðast óruggari með sig en konurnar í þessu framandlega umhverfi. Þeir leita rötfestu með því að stofna um sjálfa sig og hugmyndir sínar ýmis félög og samtök. Markmið þeirra er að auka pólitíska vitund íbúanna. Þeim tekst hins vegar ekki ætlunarverkið og áætlanir þeirra misheppnast. Þeir nýta erlendar fyrirmyndir en yfirsést að aðlaga þær aðstæðum. Þeir leita á vissan hátt langt yfir skammt og berjast fyrir því sem virðast óraunsæjar tálsýnir. Samtímis virðast kvenpersónur Rossi í meira og beinna sambandi við menningarlegt umhverfi sitt. Þær eru hagsýnni, ætla sér minna, og eru raunsærri í vali á viðfangsefnum og verkefnum. Þær miða verkefni sín við þann veruleika sem þær hafa í kringum sig en ekki þann sem gæti e.t.v. orðið.

Nanna móðir Orlandusar er fyrsta kvenpersónan sem lesandinn kynnist. Henni er teft fram sem fulltrúa afkomenda afrískra þræla á eyjum Karíbahafsins. Í henni kraumar menningararfleifð Jamaíku, samfélags blökkumanna þar sem 300 ára gamlar hefðir og gildi eru enn í hávegum höfð. Nanna verður persónugervingur áhrifa þræla-verslunarinnar og Afríku á svæðinu. Hún iðkar „santería“ fjölgyðistrú af ástríðu, býr yfir þekkingu á lækningamætti jurtaríkisins og á í dularfullu sambandi við framliðna forfeður, eins og ítrekað kemur fram í texta Rossi. Áhrif móðurinnar á atburðarás sögunnar minna lesandann stöðugt á hvaðan sögupersónurnar koma og hvaða gildismat þær ólust upp við. Tilraunir þeirra til að endurskapa sjálfsmynd sína í nýju umhverfi hverfast um tiltekinn menningarbundinn öxul. Þær komast aldrei langt frá þeim félagslega valdaás sem kynþáttur

þeirra og kyn mynda.⁴⁵ Orlandus er frumburður Nönnu og hún hefur miklar væntingar til hans – væntingar sem smám saman fara að íþyngja syninum og verða að kvöð. Með því að leggja hart að sér, vera ósérhlífinn og trúr uppruna sínum, telur hún að honum muni takast að vinna sér verðugan sess í samfélaginu (bls. 85, 98, 130). Móðirin stendur þétt að baki syni sínum, sama á hverju gengur, en við ofurefli er að etja. Valdapíramídi samfélaga við Karíbahaf er mótaður af darvinskum hugmyndum um atgervi kynþáttanna og hugmyndum feðraveldisins um hlutverk og verkaskiptingu karla og kvenna.⁴⁶

Allt breytist þegar hinn ungi Orlandus kemur til Limón. Þar kynnist hann Leonóru – „konu ráðherrans“,⁴⁷ fjárhagslega sjálfstæðri konu sem er nokkru eldri en hann. Hún hefur erft land og rekur búgarð nærri þorpinu Guácimo. Leonóra er kynblendingur, múlatti, og ber sig eftir því sem hún ásælist. Orlandus gerir sitt besta til að standast aðdráttarafl hennar en hún tælir hann til fylgilags við sig og með þeim tekst ástríðufullt ástarsamband sem ruglar Orlandus í ríminu (bls. 47). Fyrirætlanir hans breytast. Landspildan í Cahuita biður og hann lætur stjórnast af girnd til Leonóru. „Blakkur minn“,⁴⁸ eins og hún kallar hann, missir fótanna og þegar eiginmaðurinn kemst að ástarsambandi þeirra er líf Orlandusar í hættu. Hann kemur sér í burtu en eirir hvergi. Hann er í framandi umhverfi og er bæði félags- og menningarlega rótlaus. Hann hefur brugðist væntingum móður sinnar og tapar áttum.

Leonóra lætur hins vegar hvorki ráðskast með sig né kúga. Hún bendir eiginmanni sínum á að hennar langanir séu jafngildar hans eigin, að almennt viðurkenndur réttur karlmanna til fjöllyndis sé ekki frá almættinu kominn né hafi þeir á honum einkarétt. Hennar

45 Bent er á umræðu um félagslega valdaása, „intersections“, í tengslum við sköpun sjálfsmynda einstaklinga og val á fyrirmyndum í Berger, Michele Tracy og Katherine Guidroz (ritstj.), *The Intersectional Approach. Transforming the Academy through Race, Class and Gender*, Chapel Hill: The University of North Carolina Press, 2009.

46 Sjá umfjöllun höfundar í greininni: „La mujer de color: Diáspora globalizadora de la subalternidad“, *Serie VII de HAINA*, Gautaborg: Gothenburg University, 2007, bls. 171–183.

47 „[...] la mujer del ministro“, Rossi, *Limón Blues*, bls. 39.

48 Rossi lætur hana kalla Orlandus „mi negro“, bls. 54.

ástríður séu jafngildar hans og hún samþykki ekki að langanir eiginmannsins skipi æðri sess en hennar eigin – og fer aftur af stað í leit að nýjum „Blakk“. Persóna Leonóru í textanum gegnir margs konar hlutverki. Eitt þeirra felur í sér að opinbera rótgróin viðmið feðraveldisins og ítök þess. Enn fremur að varpa fram spurningum um fjölmennningarlegt samfélag svæðisins. Í Leonóru birtast Orlandusi framandi gildi og viðmið og hann heillast af hvoru tveggja. Áhugi Leonóru á „afrískri tónlist, dansi og dönsurum“⁴⁹ undirstrikar leit hennar að rótum sínum og að þeim bakgrunni sem mótar sagnaminnin sem hún ólst upp við og gerir tilraun til að samþætta inn í hversdagslega tilveru sína. Í *Limón Blues* blasir við hvernig Rossi teflir fram aðstæðum sem kallast á við kenningar Fernados Ortiz, eins og þær birtast í grein hans: „Félagslega fyrirbærið „menningartilfærslur“ og mikilvægi þeirra á Kúbu“.⁵⁰ Þar fjallar hann um „gagnvirkar tilfærslur menningartengdra fyrirbæra“ og lýsir hvernig þessar tilfærslur eiga sér stað.⁵¹ Þær geta, eins og áður segir, umbreyt, smitað út frá sér eða tekið völdin. Þær geta enn fremur falið í sér afmenningu, þ.e. leitt til þess að tiltekið fyrirbæri verði undir, hverfi og glati mikilvægi sínu (bls. 258). Lesandanum verður smám saman ljóst að allar sögupersónur Rossi eiga í átökum við sjálfar sig. Þær verða að velja hvaða menningarfyrirbæri vega þyngst, skipta mestu máli og kemur sér best að varðveita. Menningarþróun á þessu svæði felur í sér sífellda endurskoðun og aðlögun því nýir og nýir leikarar stíga á svið. Karíbahafsströnd Kostaríku við upphaf síðustu aldar, eins og hún birtist í *Limón Blues*, er menningarlega í stöðugri mótun og viðmið íbúanna við mótun sjálfsmynda sinna er óstöðug og hverful.

Eftir að Orlandus slítur sambandi sínu við Leonóru flækist hann um stefnulaust uns hann snýr aftur til Jamaíku. Þar kynnist hann Írenu Barrett (bls. 101), ungri hávaxinni kennslukonu, dóttur manns frá Jamaíku og móður frá Dóminíska lýðveldinu. Með þeim þróast samband sem byggist á gagnkvæmri virðingu og því að:

49 „[...] en la música africana, el baile y los danzantes.“ Rossi, *Limón Blues*, bls. 61.

50 Fernando Ortiz, „Del fenómeno social de la „transculturación“ y de su importancia en Cuba“, *Contrapunteo cubano del tabaco y azúcar*, 2002, bls. 254–262.

51 Ortiz notar hugtökin „transmutaciones de culturas“ en talar einnig um að „la transculturación expresa mejor las diferentes fases del proceso transitivo de una cultura a otra“, bls. 257.

„þau skildu hvort annað fullkomlega frá upphafi“.⁵² Menntun Írenu, starfsreynsla og tungumálaþekking gera henni fært að starfa víða og hún samþykkir að flytjast til Kostaríku með manni sínum.

Það er ekki hvað síst fyrir tilstilli Írenu að lesandinn kynnist hafnarborginni Limón og umhverfi hennar. Eftirtektarsemi hennar og ígrundaðar athugasemdir auðvelda lesandanum dýpri skilning á atburðum, félagslegum aðstæðum og menningu svæðisins. Frá sjónarhóli Írenu blasir framandleikinn við – Limón er öðruvísi.

Í Limón bjó hrífandi fólk. Það talaði fagaða ensku. Klæðnaður þess var tilkumumikill og frásagnir þeirra sérstæðar. Það sótti leynilegar helgiathafnir á stöðum sem kallast „logias“. Íbúarnir eru mótmælendatrúar og Elísabet Bretadrottning er þjóðhöfðingi þeirra [...]. Vinsælustu viðburðirnir snúast um upplestur, söng og dans. Þeir æfa krikket og stunda veðreiðar.⁵³

Smám saman gerist það að Orlandus glatar hlutverki sínu sem aðalpersóna sögunnar og kvenpersónurnar taka sögusviðið yfir. Þær verða málpípur höfundar en Orlandus fjarrænn, þögull og hverfur að lokum baksviðs. Hann leitar viðurkenningar í pólitískri starfsemi sem snýr að réttindabaráttu blökkumanna í borginni. Hugmyndir *Marcusar* Garveys um Afríku sem fyrirheitna landið og afturhvarf blökkumanna þangað heilla hann.⁵⁴ Hann leitar að félagslegri samsömun í útópískum hugmyndum um draumalandið.⁵⁵ Á sama tíma og kvenpersónur Rossi, sem einnig taka þátt í starfsemi samtakanna, eru raunsærri, jarðtengdari og miða verk sín við að ná

52 „[...] se entendieron divinamente desde el comienzo.“ Rossi, *Limón Blues*, bls. 102.

53 „En Limón vivía gente fascinante que hablaba un inglés exquisito, se vestía de modo espectacular, cantaba cosas extraordinarias y tenía rituales secretos en unos sitios llamados logias. Eran de religión protestante y su autoridad era la reina Isabel de Inglaterra [...]. Sus actividades preferidas eran la declamación, el canto y el baile. Sus deportes, el cricket y las carreras de caballos“, Rossi, *sama rit*, bls. 374.

54 Marcus Garvey, betur þekktur sem McGarvey (1887–1940) var frá Jamaíku. Hann var mikilsvirtur baráttumaður fyrir réttindum blökkumanna. Hann fór fyrir svokallaðri „Back-to-Africa“ hreyfingu í byrjun 20. aldar. Til frekari upplýsinga sjá rannsóknarsetur Berkley-háskóla um manninn, verk hans og áhrif: www.international.ucla.edu/africa/mgpp/ [sótt í september 2011].

55 Rossi, *Limón Blues*. Í 15. kafla fjallar Rossi um félagsamtök blökkumanna í Limón og hvernig félagsmenn sækja hugmyndir sínar til kenninga *Marcusar* Garveys. Orlandus „las greinar eftir hann í *The Negro World*“ (bls. 199) [...] og „þeir sungu einkennislag UNIA-hreyfingarinnar *Ethiopia the land of our fathers*“, bls. 202.

árangri í daglegu lífi og hversdagslegri tilveru, heldur Orlandus í siglinguna miklu en nær ekki landi í Nígeríu og kemur niðurbrotinn maður til baka horfinn í eigin hugarheim.

Um leið og kvenpersónur Rossi eru sjálfstæðir gerendur í eigin lífi þá staðfesta þær aldagamlar hugmyndir um konur og væntingar karla til þeirra. Í Nönnu, Leonóru og Írenu hittum við fyrst hina allt-um-lykjandi, alltaf-til-staðar móður sem ástundar forn trúarbrögð og þekkir töframátt náttúrunnar. Því næst hina ægifögru seiðandi ástkonu, Leonóru, sem á þátt í að koma Orlandusi til manns. Að lokum birtist raunsæja, áreiðanlega, góðhjartaða, glæsilega konan sem hann giftist og stofnar með fjölskyldu. Konurnar birtast hver um sig á sögusviðinu til að fullkomna mynd Orlandusar, en smám saman taka þær það yfir og við lesandanum blasir einhvers konar heildarmynd íbúasamfélags Karíbahafsvæðis Kostaríku. Rossi skapar trúverðuga mynd af kvenpersónum sínum um leið og hún bregður upp mynd af íbúum svæðisins þar sem menningartilfærslur eru daglegt brauð. Hefðbundnum hugmyndum um íbúa Kostaríku er ögrað og um leið viðteknum hugmyndum um samskipti og hlutverk kynjanna.

4. *Limón Reggae*

Í *Limón Reggae* er lesandinn staddur á sama landsvæði og á sömu margmenningarlegu gatnamótunum og hann var staddur á í *Limón Blues*. En sagan gerist á öðrum tíma og sjónarhornið er annað. Aðalpersóna og söguhetja bókarinnar er Lára, ung stúlka, dóttir líbanskrar móður og föður sem er frá Limón-borg og af blönduðum uppruna. Foreldrar Láu hafa verið búsettir í höfuðborginni San José en jaðarstaða þeirra í samfélaginu rennur smám saman upp fyrir Láu. Hörundslitur hennar, tungutak og fjölskyldusamsetning undirstrikar sérstöðuna og á unglingsárunum, þegar hún þarf á því að halda að tilheyra umhverfinu, leitar hún skjóls hjá móðursystur sinni í Limón í von um að falla betur inn í félagsgerðina þar. Maroz frænka hennar er sjálfstæð kona, stolt af arabískum uppruna sínum. Hún tekur virkan þátt í réttindabaráttu minnihlutahópa og orð hennar gegn hefðum karlaveldisins vekja athygli Láu. Maroz

aðstoðar frænkuna ungu í tilraunarkenndri leit að haldbetri sjálfsmynd og -vitund með því að nefna hana arabíska gælunafninu Aisha. Aisha reynir að greina sig frá foreldrum sínum og frá sársauka þeirra yfir því að vera sífellt talin í hópi „hinna“.

En Limón reynist ekki sá sælureitur sem Lára vonaðist eftir. Sem „Aisha“ nálgast hún hóp baráttufólks fyrir auknum lýðréttindum blökkumanna í fylgd æskuvinar síns Percival, sem nú kallar sig Ahmad (bls. 27) og fylgir hugmyndum Marcusar Garveys og Svörtu hlébarðanna en þátttöku hennar er hafnað.

Why youh call har árabe? segir félagi Sýlvía. She plain pañagirl [...]. Hún er meiri arabi en hvítingi og heitir Aisha, svarar Percival. [...] Já, já! hrópar Sýlvía háðslega. Árabe to 'r ass! Hún er hvítari en baunakássa. Aisha you say? Nobody calls her dat. Talar hún kannski arabísku? Er hún múslimi?⁵⁶

Á vettvangi réttindabaráttunnar er hún ekki nógu svört, og á það bæði við um hörundslit hennar og menningu þó að hún deili sameiginlegri reynslu og hafi enskuna fullkomlega á valdi sínu. Og jafnvel þótt réttindabaráttan beinist gegn ríkjandi einsleitri hugmynd um íbúa Kostaríku þá er samt ekki rúm fyrir alla innan þeirra raða. Það rennur upp fyrir Aishu að hún á enga aðkomu að þessari tilteknu baráttu. Í takt við hugmyndir Garveys ítrekar einn félaginn að Lára sé „hluti hvítræðisins“.⁵⁷ Lára/Aisha stendur frammi fyrir margfaldri útskúfun og jaðarstöðu. Hún og hennar líkar eiga – að því er virðist – engan samastað. En Lára hættir ekki – hún snýr sér annað. Fyrst að vinstrisinnuðum baráttuhópum innan háskólasamfélagsins og síðan að skæruliðahreyfingum Mið-Ameríku.

Stór hluti skáldsögunnar segir af virkri þátttöku Láru í pólitískum átökum Mið-Ameríkuríkjanna á áttunda áratug tuttugustu aldar

56 „Why youh call har árabe? She plain pañagirl –me increpa Sýlvía. Porque es más árabe que paña, su verdadero nombre es Aisha – le respondo. Ja ja ja! –exclama Sýlvía sarcástica-. ¡Árabe to 'r ass! Más paña que el gallo pinto. Aisha you say? Nobody calls her dat. ¿Habla árabe acaso? ¿Es musulmana?” Rossi, *Limón Reggae*, bls. 47. Baunakássan er þýðing á hugtakinu „gallo pinto“ sem í Kostaríku vísar til hefðbundins morgunverðar íbúa hásléttunnar þar sem hrísgrjóna – og baunaafgangar gærdagsins eru hitaðir upp á pönnu.

57 Rossi býr til hugtakið „blancocracia“, bls. 48, og vísar til valdastétta og stjórnerkis landsins.

– aðallega í El Salvador. Hulunni er svipt af aðstæðum, aðbúnaði og blóðugum átökum. Hryllingur borgarastríðsins blasir við án þess að nokkuð sé dregið undan. En Limón heldur áfram að vera ímyndaður gridastaður Lára og það er þangað sem hugurinn leitar þegar hættur stæðja að. Reggae-tónlistin, tónlist Karíbahafsins birtist sem tákngervingur upprunans – „tónlist blökkumanna, tónlist Afríku-manna sem lýsir örvæntingu og skerpir baráttuna“.⁵⁸ „Verjið réttindi ykkar“ og „gefist ekki upp í baráttunni“, syngur Bob Marley og stappar í hana stálinu. Lára uppgötvar smám saman að innan byltingaraflanna er það hvorki heiðarleiki né gagnsæi sem ræður ríkjum. Vald spillir þar eins og annars staðar og karlaveldið stendur traustum fótum. Kvenréttindi eru fótum troðin og aðstæður kvenna eru óviðunandi, þær eru einfaldlega þær sömu og annars staðar í samfélaginu. Konurnar eru sífellt að taka við skipunum, framkvæma það sem félagar þeirra ákveða jafnvel þótt þeir séu jafn óreyndir, ööruggir og fávísir um hernaðartækni og skipulag og þær.

Lára vekur athygli á þessum aðstæðum og spyr um „nýju konuna“ við hlið hins margumtalaða „nýja manns“, þ.e. upplýsta menntamannsins að fyrirmynd „el Che“ (bls. 125). Viðbrögðin láta ekki á sér standa og karlkyns yfirmenn hennar innan hreyfingarinnar bregðast ólundarlega við: „Æ, þessar efasemdir þínar alltaf. Óvinur okkar er kapítalisminn. Kúgun kvenna hverfur þegar kúgun karla verður upprætt. Og það er ekkert orðagjálfur.“⁵⁹ En Lára sér engin teikn á lofti og maldar í móinn. Hún bendir á baráttu Svörtu hlébarðanna, á réttindabaráttu kvenna og vill að málefni þeirra verði formlega rædd. En viðbrögðin eru föðurleg viðurkenning á framlagi hennar og ítrekun á því að ástandið sé grafalvarlegt og ekki tími til að ræða jafnréttismál þegar fólk er stráðrepið á hverjum degi.

Þau fundu líkamsleifar sem virtust vera af smávöxnum syni hennar. Hermennirnir höfðu mölvað höfuð hans og höggvið af honum fæturna. Fyrst fann Aisha ekki fyrir neinu. Yfir hana lagðist kuldalegt tómlæti og vantrú. Síðan sinnuleysi þess sem hefur verið deyfður. Þegar bardögum

58 „[...] una música negra, una música afro, desesperada y rebelde.“ Rossi, sama rit, bls. 107.

59 „Ah, qué vainas las tuyas, vos. El enemigo es el capitalismo. La opresión de las mujeres desaparecerá cuando desaparezca también la del hombre. Y no es asunto de lenguaje.“ Rossi, sama rit, bls. 126.

linnti leituðu þau í skóglendið. Þar brotnaði hún saman. [...] Áfallið náði tökum á henni. [...] Hún sneri ekki aftur.⁶⁰

Lára ákveður að draga sig í hlé og leita skjóls í upprunanum, í Limón. Hún er niðurbrotin á sál og líkama og útskýrir fyrir fólkinu sínu að hún „finni svo mikið til“. Hún finni sérstaklega til með litlum dreng. „Nei, mamma, ég giftist ekki, ég eignaðist ekki son, ég fékk hann [...]. Nei, hann var ekki fallegur, hann var eiginlega ófríður. [...] Hann var átta ára þegar hann var drepinn. Hann var á stærð við fjögurra ára barn.“⁶¹ Hún leggst í dvala og tvö ár líða, þar til „dag einn reis Aisha úr rekkju“.⁶² En Limón sem hún vaknar til hefur lítið breyst. Sundrung ríkir meðal kynþátta og þjóðarbrotasvæðisins og skortur á sameiginlegum samnefnara stendur í vegi fyrir umbótum. Aldagömul jaðarstaða elur á tortryggni og áframhaldandi kúgun stuðlar að óþoli og óróa. Svartir og hvítir, mestísar og múlattar, sambóar, arabar, Kínverjar og aðrir minnihlutahópar búa við aðskilnað. Og þegar hún nálgast gömlu félagu sína og vekur máls á aðstæðum er svarið: „Við erum afrísk“; „við erum svört, við erum afkomendur Afríku“.⁶³ Ár hafa liðið en Lára verður vitni að því hvernig hver hópur heldur áfram að leggja áherslu á sérstöðu sína og berjast gegn málamiðlunum. „Ég“ og „hinir“ eru skýrt afmarkaðar einingar og Lára veit hvorki hvernig hún á að beina orðum sínum að fyrrverandi félögum né „þorir hún að tala við þá“.⁶⁴

5. Skyggnst í skúmaskotin

Þegar sjónum er beint að þeim fjölsamsetta veruleika sem Rossi dregur upp og spurt um félagslegar sjálfsmyndir koma kenningar

60 „Encontraron un desecho que parecía ser su hijo diminuto. Los soldados le habían destrozado la cabeza y cortado los pies. Al principio Aisha no sintió dolor. Le cayó una indiferencia sarcástica e incrédula. Después una indiferencia de persona anestesiada. Cuando bajó la actividad del ejército, subieron a un bosque frío. En ese bosque Aisha se desmoronó. [...] El peso de la pérdida la lastró. [...] No regresó.“ Rossi, *Limón Reggae*, bls. 190.

61 „Me duelen tanto las cosas. [...] Me duele un hijo. No mami, no me he casado, no lo tuve, me llegó, no, no era bonito, era feo, [...] Cuando murió a sus ocho años tenía el tamaño de un chiquito de cuatro.“ Rossi, sama rit, bls. 191.

62 „Pasan casi dos años. Y un día Aisha se levanta [...]“, Rossi, sama rit, bls. 192.

63 „Somos africanos“, „somos negros, somos afrodescendientes.“ Rossi, sama rit, bls. 197 og 196.

64 „[...] ni se atreve a hablar con ellos.“ Rossi, sama rit, bls. 196.

Kimberlé W. Crenshaw upp í hugann. Hún hefur í skrifum sínum um félagslega valdaása (e. *intersections*) fjallað um mótun sjálfsmynda og varað við þeirri einföldun sem ráðið hefur umræðunni undanfarna áratugi.⁶⁵ Áhugi hennar beinist sérstaklega að afgerandi áhrifum kynþáttar, kyns og stéttar þegar kemur að myndun sjálfsmyndar. Fræðimaðurinn Summer Woo gengur enn lengra. Hún rannsakar sérstaklega áhrif þess að vera af tveimur eða fleiri kynþáttum og segir að slíkir einstaklingar „standi síndurtekið frammi fyrir hrópandi mótsögnum þegar kemur að því að skilgreina félagslega og persónulega sjálfsmynd sína“.⁶⁶ Hún leggur áherslu á nauðsyn þess að ungmenni af blönduðum uppruna sem takast á við sjálfsmyndarsköpun þarfnist jákvæðra fyrirmynda.⁶⁷ Dora Pulido-Tobiassen og Janet González-Mena taka í sama streng. Þær vara við því að ungmenni af blönduðum uppruna verði að „sætta mótsagnakennd skilaboð um hver þau eru og hvert hlutverk þeirra sé í samfélagi sem úthlutar forréttindum til hvíttra en lítur niður á litaða“.⁶⁸ Einstaklingur af blönduðum uppruna stendur andspænis erfiðum hindrunum jafnhliða því sem hún eða hann tekst á við sömu fordóma og blökkumenn. Rossi lætur afkomendur Orlandusar og Irene annars vegar og Láru/Aishu hins vegar takast á við kynþáttafordóma jafnt frá hvítum sem svörtum íbúum Kostaríku. Lára er dæmd út á jaðarinn því, eins og Pulido-Tobiassen og González-Mena benda á: „þá gera almennar skilgreiningar okkar á kynþætti ekki ráð fyrir börnum sem ekki eru „þessi“ eða „hinn“, heldur „báðir“ eða „margir““.⁶⁹ Dominique Michel-Peres hefur

65 Kimberlé Crenshaw o.fl., *Critical Race Theory: The Key Writings that Formed the Movement*, New York: New Press, 1995.

66 Summer Woo, „The Radical Identity of Asian American/White Children and Experiences of Race“, sjá: <http://www.allacademic.com/> [sótt í september 2011]. Þar segir hún, „continually face ambiguities and contradictions when defining their social and personal identity“, bls. 2.

67 Sama rit, bls. 3.

68 Janet González-Mena og Dora Pulido-Tobiassen, „Apoyando el desarrollo de una identidad sana“, sjá: <http://teachingforchange.org/files/022-B.pdf> [sótt í september 2011]. Þar segja þær; „reconciliar los mensajes conflictivos acerca de quiénes son y su valor en una sociedad que concede privilegios a la gente con piel blanca y devalúa a la gente de piel oscura“, bls. 1.

69 „los usos comunes de las categorías raciales no toman en cuenta un niño que no es ‘uno’ o ‘el otro’, sino que es ‘ambos’ o ‘muchos’“, sama rit, bls. 4. Sjá enn fremur hugmyndir Philips M. Browns þar sem hann staðhæfir að einstaklingar af blönduðum uppruna lendi í sálfræðilegum jafnt sem félagslegum erfiðleikum þegar að því kemur að velja sér fyrirmyndir og samfélagslegan samastað. Philip M. Brown, „Biracial Identity and Social Marginality“, sjá: <http://www.springer-link.com/content/g87216837t5427n3/> [sótt í september 2011, bls. 320].

útskýrt að áreitið sem af þessu skapast fyrir einstaklinginn geti haft djúpstæð áhrif. Hún lýsir þeim erfiðleikum sem þessir einstaklingar standa frammi fyrir þegar að því kemur að skilgreina sjálfsmynd sína og ræðir hvernig margs konar kynblöndun gerir þá að þeim sem þeir eru. Umhverfið, segir hún, gerir hins vegar kröfu til þess að hver og einn tilheyri tilteknum þynþætti og samfélagið ætlast til þess að einstaklingurinn velji ákveðinn kynþátt umfram annan.⁷⁰ Lára ásakar þannig sjálfa sig en ekki umhverfið fyrir rótleysi sitt. Hún er knúin til að velja því hver einstaklingur þarf á því að halda til að öðlast félags- og menningarlega rötfestu og finna sig tilheyra tilteknu samfélagi.⁷¹ Lára vegur og metur aðstæður sínar og speglar sig í umhverfinu. Aðferðir hennar staðfesta það sem Crystal Bedley ræðir í grein sinni „The Formation of Multiracial Identity“, en þar bendir hún á þrjár leiðir sem einstaklingi af blönduðum uppruna standa opnar við mótnun sjálfsmyndar sinnar.⁷² Í fyrsta lagi ræður fjölskyldusamsetning viðkomandi miklu. Í öðru lagi líkamsburðir og útlit og í þriðja lagi reynsla og aðstæður þeirra hópa sem einstaklingurinn ber sig saman við. Þroskasaga Láru endurspeglar þessa fjölsamsettu uppskrift en staðfestir samtímis áherslur Philips Browns, eins og hann setur þær fram í grein sinni „Biracial Identity and Social Marginality“. Þar undirstrikar hann að einstaklingar af blönduðum uppruna velji alla jafna að skilgreina sig með minnihlutahópum frekar en meirihlutanum. Ástæðuna segir hann vera sameiginlega reynslu útskúfunar og jaðarstöðu. Hann leggur áherslu á að félagseiningin sem viðkomandi velur hafni gjarnan nýliðun vegna þess hversu sjálfsmat hópsins er skaddað og veikt.⁷³

Skáldsaga Rossi *Limón Reggae* kynnir okkur fyrir ungri glöðværri stúlku sem á jákvæðar minningar frá æskuárum sínum í hafnarborginni Limón. Þegar hún eldist og leitast við að skapa sitt eigið

70 Dominique Michel-Peres, *Understanding the Identity Choices of Multiracial and Multicultural Afro-European and Black Women Living in Germany: Identifying a Model of Strategies and Resources for Empowerment*, bls. 62, af: www.edoc.ub.uni-muenchen.de/6489/1/Michel-Peres_Dominique.pdf [sótt í september 2011].

71 Jean S. Phinney, „Ethnic Identity in Adolescents and Adults. Review of Research“, *Readings in Ethnic Psychology*, ritstj. Pamela Balls Organista, Gerardo Marin og Kevin M. Chun, Routledge, New York: Routledge University, 1998, bls. 73–99, hér bls. 81.

72 Crystal Bedley, „The Formation of Multiracial Identities“. Sjá: <http://www.allacademic.com/> [sótt í september 2011, bls. 8].

73 Brown, Philip M, „Biracial Identity and Social Marginality“, bls. 333.

sjálf leitar hún þangað eftir öryggi og staðfestingu. En frá bæjar-
dyrum æskufélaganna er hún orðin „hvítari“ og þeir mæta henni
fullir tortryggni.⁷⁴ Lára upplifir að „hið afríska er huliðsheimur
[...]. Læstur [...]“.⁷⁵ Móðursystir hennar, Maroz, útskýrir að þessi
tortryggni sé skiljanleg. Hún sé afleiðing þess óréttlætis sem
þeldökkir íbúar Karíbahafsins hafi mátt búa við um aldir. Hún
útskýrir enn fremur að:

Í fyrstu treystu blökkumenn því að íbúar Kostaríku myndu líta á þá sem
jafningja. En fljótt skildist þeim að þeir voru álitnir óþarfir, óæskilegir og
lægga settir [...]. Þeir hvítu gerðu sitt besta til að tortíma þeim. Stjórnvöld
bönnuðu að þeir væru ráðnir til vinnu. Þeir ráfuðu um göturnar, hálfdauðir
úr hungri, þar til næstum helmingur þeirra ákvað að yfirgefa landið.
Þegar Figueres [forseti] veitti þeim sem eftir voru ríkisborgararétt (árið
1949) réktu sárindi og tortryggni í lokuðu og einangruðu samfélagi
þeirra.⁷⁶

Orð Maroz endurspeglast í sögu Rossi um Orlandus í *Limón Blues*.
Stolt hans og sjálfsvirðing verða fyrir áfalli. Sjálfsmat hans bíður
hnekki og konur taka sér miðlæga stöðu í verkinu. Ungi kotroskni
sögumaðurinn hverfur og fjölradda frásögn kvennanna tekur yfir.
Móðirin, ástkonan og eiginkonan verða táknmyndir flókinna ferla
sjálfsmyndarsköpunar þar sem ekki verður litið framhjá mikilvægi
kynþátta eða kyngervis. Framsetning Rossi, sem er í fullu samræmi
við opinberlega skráða byggðasögu svæðisins, staðfestir orð Jorge
Panesis um að „bókmenntir verði alltaf „hitt skjalasafn sögunnar“.⁷⁷
Skáldsögur Rossi veita þannig persónulega sýn á söguþróun á
Karíbahafsströnd Kostaríku. Hún sviptir hulunni af einfaldri ímynd

74 Rossi notar slanguryrðið „hvítíngi“ (sp. *pañía*) þegar málattar Limón tala um Lauru.

75 „El mundo afro es un secreto [...]. Lo cerraron con llave [...], Rossi“, *Limón Reggae*, bls. 104.

76 „Al principio los negro eran cariñosos y confiaban en que los costarricenses los verían como iguales. Pero un día se dieron cuenta de que los paña los consideraban indeseables, inferiores [...] los paña hicieron lo posible por destruirlos. El gobierno prohibió darles empleo, vagaban por las calles muriéndose de hambre, casi la mitad de ellos se tuvo que ir. Cuando Figueres les dio la nacionalidad (en 1949) a los que quedaban, ya era una comunidad muy herida, desconfiada, cerrada, secreta“, sama rit, bls. 38.

77 Jorge Panesi kemst að þeirri niðurstöðu að „los archivos de la historia siempre están adulterados, o pueden ser destruidos. Se conserven o desaparezcan, la literatura será siempre el otro archivo“, bls. 24. Sjá grein hans, „Villa, el médico de la memoria“, *Archivos de la memoria*, Rosario: B. Viterba Editora, 2003.

íbúa heimalandsins og opinberar það flókna ferli sem felst í því að skapa eina sameiginlega ímynd í fjölmenningsamfélagi eins og því sem fyrirfinnst á Karíbahafsströnd Kostaríku.

Karlpersónur Rossi, bæði Orlandus í *Limón Blues* og Ahmed í *Limón Reggae*, eru ráðvilltar, rótlausar og þær skortir fyrirmyndir. Þær taka virkan þátt í réttindabaráttu blökkumanna en með því að fylgja innfluttum leiðbeiningum og leiðtogum ná þær ekki árangri. Hugmyndafræði hreyfinganna sem þær fylgja leggur til fyrirfram skilgreindar útfærslur á draumaveröld þar sem málamiðlanir eru nauðsynlegar. Þær eiga sér engar fyrirmyndir og tálsýnin – útópían – gengur ekki upp. Veruleikinn er annar. Samtímis eru kvenpersónur Rossi raunsærri. Þær virðast í meiri tengslum við umhverfi sitt og aðstæður. Þær gera sér betur grein fyrir þeim takmörkunum sem umhverfið setur þeim. Þær vega og meta möguleika sína og ígrunda ýmsar leiðir. Hefðbundið félagskerfi karlaveldisins er veruleikinn sem þær glíma við, jafnt innan minnihlutahópanna sem þær tilheyra sem á landsvísu. Þannig stendur Írena: „þessi guðdómlega drottning lífs míns, félagi minn“, ⁷⁸ eins og Orlandus kallar hana, ein og óstudd þegar eiginmaðurinn missir móðinn og lokar sig af. Hún leitar huggunar í faðmi bandaríks læknis af gyðingaættum sem dvelur í Limón og eignast með honum dóttur, ljósa yfirlitum og bláeyga, sem hún kynnir fyrir eiginmanni sínum sem hans eigin. Útlit barnsins útskýrir hún með lítt þekktri en mikilli kynblöndun í fjölskyldum þeirra beggja. Dóttirin, rétt eins og Lára/Aisha í *Limón Reggae*, verður fulltrúi þeirra kynblendinga sem geta ekki orðið hluti af „hinna raunverulegu Kostaríku“, eins og Harpelle orðar það. ⁷⁹ Hún og bræður hennar, synir Orlandusar og Írenu, eru til vitnis um þá margþættu kynblöndun sem átt hefur sér stað við Karíbahafsströnd Kostaríku og það umburðarlyndi sem nauðsynlegt er til að lifa og hrærast í fjölmenningsarlegu umhverfi samtímans þar sem það verður viðtekin hugmynd að menn skiptist í andstæða hópa. Kynþáttablöndunin í skáldverkum Rossi táknar sífellda endurnýjun, sköpun nýmenningar, eins og Rama kallaði það og nefnt hefur verið hér að framan. Þessi óstöðugleiki veikir stöðu

78 „[...] esa reina bíblica su mujer, su par.“ Rossi, *Limón Blues*, bls. 128.

79 Ronald N. Harpelle, *The West Indians of Costa Rica*, þar vísar hann til „the real Costa Rica“, bls. 18.

minnihlutans til að gera sig gildandi gagnvart meirihlutanum og verða hluti af ímynd þjóðarinnar.⁸⁰

Spennan milli þess persónulega og þess opinbera verður þannig áberandi í skrifum Rossi og á samhljóðum með athugasemdum argentínska fræðimannsins Beatriz Sarlo sem heldur því fram að ekki sé mögulegt að greina félags- og stjórnmál án þess að taka tillit til kyns og kyngervis.⁸¹ Málaflokkarnir séu svo samofnir að þeir verði einfaldlega ekki aðskildir. Í *Limón Blues* staðfesta Nanna, Leonóra og Írena hefðbundnar hugmyndir um hlutverk kvenna þar sem óeigingjarna móðirin, Nanna, viðheldur og ber uppi gildismat og hefðir fyrri tíma, ástkonan, Leonóra, staðfestir sjálfðæmi kvenna yfir eigin lífi og líkama og eiginkonan, Írena, birtist sem fulltrúi raunsæju, útsjónarsömu konunnar sem allir treysta – en gætir samhliða að eigin velferð. Um leið og konurnar staðfesta hefðbundnar ímyndir um konur og hlutverk þeirra, staðfesta þær orð Corticelli um að „menning Karíbahafsins og sjálfsmýnd getur ekki takmarkast við eitt tiltekið sjónarhorn“.⁸² Þær víkja frá ríkjandi hugmyndum um konur og skapa sér sjálfstæða tilveru – um leið og þær leitast við að fullnægja eigin þörfum og löngunum.

Aðalpersóna *Limón Reggae*, Lára, lætur ekki heldur bugast. Hún fer úr einum stað í annan í leit að samastað og samfélagi sem hún getur fundið til samsömunar með. Á þessari vegferð skapar hún sér margsamsetta, flókna og e.t.v. óstöðuga sjálfsmýnd. Hún prófar sig áfram, mátar sig við marga möguleika og þjálfar með sér hæfileika og viðeigandi þekkingu til að standa styrkari og stöðugri sem einstaklingur með marghliða bakgrunn og breytilega sjálfsmýnd. Kvenpersónur Rossi verða þannig fulltrúar lágstemmdrar baráttu um yfirráðasvæði þar sem konur öðlast smám saman trú á hverjar þær eru og hvers þær eru megnugar.

Við lát eiginmanns síns flytur Írena til höfuðborgarinnar. Hún trúir því að ögra verði menntastefnu landsins sem skyldar kennara

80 Kostaríski fræðimaðurinn Róger Churnside hefur lýst því ítarlega hvernig menningararfleið Limón fylgir honum þrátt fyrir áratugalanga búsetu annars staðar, sjá: „Yo soy limonense“, *Tiempo y Testimonios*, San José, Costa Rica: Nuestra Tierra, 1999, bls. 23–32.

81 Beatriz Sarlo, „Women, History and Ideology“, *Women's Writing in Latin America: An Anthology*, Boulder: Westview Press, 1991.

82 „[...] la cultura caribena y su identidad no pueden limitarse a una única perspectiva“, María Rita Corticelli, *El Caribe Universal*, bls. 25.

til að „gera litaða íbúa landsins spænskari“.⁸³ Hún tekur afstöðu gegn félagslegum darvinisma og heldur fjölmenningsstefnu á lofti. Lára tekur sig einnig upp og flytur til New York. Lesandinn kveður hana um leið og hún ekur í leigubíl eftir breiðstrætum stórborgarinnar þann 11. september 2001. Hún hlustar á Bob Marley staðfesta að: „Allt verður í lagi“ (bls. 291) og þakkar fyrir að hafa ekki tekið upp arabískt eftirnafn móður sinnar eða gælunafnið Aisha sem Maroz frænka gaf henni fyrir mörgum árum.

6. Lokaorð

Skáldsögur kostaríska rithöfundarins Anacristina Rossi, *Limón Blues* og *Limón Reggae*, flytja okkur fréttir af fjarlægum slóðum. Hún segir okkur frá fólkinu sínu við strönd Karíbahafsins, frá leit þess að sjálfsmýnd og frá sögu svæðisins. Írena horfir á sjálfa sig í spegli og segir: „Mér getur fundist að ég sé hlekkjuð og að ég eigi bág. En ekki í dag [...]“.⁸⁴ Lára virðir einnig fyrir sér eigin spegilmynd í búðarglugga í New York og raular lagið „Stand up for your rights“ með Bob Marley. Báðar tilheyra þær samfélagshópum sem standa á jaðrinum, minnihlutahópum sem við upphaf 21. aldar eru enn að leita samnefnara til að styrkja stöðu sína. En ólíkt karlpersónum skáldsagnanna lætur Rossi þær efast, gagnrýna, ögra og gera tilraunir til úrbóta. Hún lætur þeim mistakast, þær verða að endurskoða aðferðir sínar og reyna aftur, og aftur.

Skáldsögur Rossi veita innsýn í samfélagsmál á Karíbahafsströnd Kostaríku. Í verkum hennar er því lýst að eftir fimm hundruð ára sögu menningar-, tungumála- og blóðblöndunar, þar sem frumbyggjar, Evrópumenn og síðar afrískir þrælar hafa orðið ein þjóð, ræður aðskilnaður enn ríkjum. Skáldsögurnar varpa ljósi á menningarsögu svæðisins og leggja lið baráttunnar fyrir viðurkenningu á margbreytileika og verðleikum tiltekinna menningarkima og jaðarsamfélaga. Rossi gerir sögu og ævisögu íbúa hafnarborgarinnar Limón og Karíbahafsstrandar Kostaríku að hluta af ímynd þjóðarinnar og bókmenntasögu landsins. Með sköpun sögupersónanna,

83 „Hay que españolizar a la raza de color“, Rossi, *Limón Blues*, bls. 384.

84 „Puedo sentirme amarrada o hacerme la sufrida. Pero hoy no [...]“, Rossi, *Limón Blues*, bls. 394.

Orlandusar og Írenu, Percivals/Ahmeds og Láru/Aishu, sýnir hún hvernig samfélagið mótar einstaklinginn um leið og hann hefur áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Margs konar blöndun kynþátta og menningar veldur óstöðugri sjálfsmynd og um leið veiku sjálfsmati sem gerir persónunum erfitt að hasla sér völl sem jafningjar hins hvíta meirihluta í Kostaríku.

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er sjónum beint að menningarlegum margbreytileika samfélaga á Karíbahafsströnd Kostaríku. Skáldsögur rithöfundarins Anacristina Rossi, *Limón Blues* (2002) og *Limón Reggae* (2007) sem „vegsama fjölmenningu og blandaðan uppruna íbúa Kostaríku“⁸⁵ eru skoðaðar út frá sögu, menningu, aðstæðum og sjálfsmyndum minnihlutahópa. Sjónum er sérstaklega beint að mótun sjálfsmynda íbúa af blönduðum uppruna og gerð grein fyrir ósýnileika þeirra í ímynd þjóðarinnar. Fjallað er um bókmenntir sem mögulegt vopn í baráttunni gegn ofureinföldun veruleikans, gegn ósýnileika lítt þekkts menningarafkima Kostaríku – og jafnvel gegn útskúfun þjóðfélagshópa.

Lykilorð: Bókmenntir, Kostaríka, Anacristina Rossi, þjóðarbot, sjálfsmyndir

85 Quince Duncan, *Contra el silencio: afro descendientes y racismo en el Caribe continental hispanico*, bls. 211.

ABSTRACT

**Peering into Dark Corners:
Costa Rican Multicultural Communities
as represented by Anacristina Rossi**

This article discusses the cultural diversity of the Costa Rican Caribbean coast and examines the invisibility of the country's minority populations. The many different aspects of the minority communities are thoroughly portrayed in Anacristina Rossi's latest novels *Limón Blues* (2002) and *Limón Reggae* (2007), which "exalt the multicultural and multiethnic nature of the Costa Rican people" and examine cultural heritage and history.⁸⁶ The discussion focuses on these two novels and explores the complex issues of identity formation and how literature can be used as a medium of expression in the fight against invisibility and exclusion.

Keywords: Literature, Costa Rica, Anacristina Rossi, Minorities, Identity

86 Sama rit.

HEIMILDIR

- Alverenga Venotolo, Patricia, „La inmigración extranjera y la nación costarricense“, Heredia, Kostaríka: Universidad Nacional, sjá: <http://www.denison.edu/istmo/articulos/inmigracion.html> [sótt í september 2011].
- Án höfundar, „Marcus Garvey“, rannsóknarsetur Berkeley-háskóla í Kaliforníu, sjá: www.international.ucla.edu/africa/mgpp/ [sótt í september 2011].
- Baeza, Manuel, *Los caminos invisibles de la realidad social: Ensayo de sociología profunda sobre los imaginarios sociales*, Santiago, Síle: Red Internacional del Libro, 2000.
- Bedley, Cristal, „The Formation of Multiracial Identities“, fyrirlestur fluttur á ársþingi *American Sociological Association*, 31. júlí 2008, sjá: <http://www.allacademic.com/> [sótt í september 2011].
- Berger, Michele Tracy og Kathleen Guidroz (ritstj.), *The Intersectional Approach. Transforming the Academy through Race, Class and Gender*, Chapel Hill: The University of North Carolina Press, 2009.
- Bernard Little, Eulaila, *Ritmohéroe*, San José, Kostaríka: Editorial Costa Rica, 1982.
- Brown, Philip M., „Biracial Identity and Social Marginality“, *Child Adolescent Social Work Journal* 4/August 1990, bls. 319–37.
- Castiñeira, Ángel, „Naciones imaginadas: Identidad personal, identidad nacional y lugar de memoria“, Resina og Winter (ritstj.), *Casa encantada. Lugares de memoria en la España constitucional (1974–2004)*, Madrid: Iberoamericana, 2005.
- Castoriadis, Cornelius, *The Imaginary Institution of Society*, Cambridge: Polity Press, 1987.
- Churnside, Róger, „Yo soy limonense“, *Tiempo y Testimonios*, San José, Kostaríka: Nuestra Tierra, 1999, bls. 23–32.
- Corticelli, María Rita, *El Caribe Universal: La obra de Antonio Benítez Rojo*, Berlín: Peter Lang, 2006.
- Crenshaw, Kimberlé, „Introduction“, *Canon of American Legal Thought*, David Kennedy og William W. Fisher III (ritstj.), Princeton NJ: Princeton University Press, 2006.
- Crenshaw, Kimberlé o.fl., *Critical Race Theory: The Key Writings that Formed the Movement*, New York: New Press, 1995.
- Cuevas Molina, Rafael, „Tendencias de la dinámica cultural en Costa Rica en el siglo XX“, sjá: http://www.hcostarica.fcs.ucr.ac.cr/index.php?option=com_content&view=article&id=88:dinamculturalcr&catid=13:neoliberalismo&Itemid=2 [sótt í september 2011].
- Duncan, Quince, og Carlos Meléndez, *El negro en Costa Rica*, San José, Kostaríka: Editorial Costa Rica, 1981.
- Duncan, Quince, *Contra el silencio: afrodescendientes y racismo en el Caribe continental Hispánico*, San José, Kostaríka: EUNED, 2001.

- Duncan, Quince, „El afrorealismo, una dimensión nueva de la literatura latino-americana“, *Ánales del Caribe*, Havana: Casa de las Américas, 2006, bls. 9–19.
- González-Mena, Janet, og Dora Pulido-Tobiasen, „Apoyando el desarrollo de una identidad sana“, sjá: <http://teachingforchange.org/files/022-B.pdf> [sótt í september 2011].
- Gudmundson, Lowell, og Justin Woulf, *Blacks & Blackness in Central America: Between Race and Place*, Durham og London: Duke University Press, 2010.
- Harpelle, Ronald N., *The West Indians of Costa Rica: Race, Class and the Integration of an Ethnic Minority*, Kingston, Jamaíka: Ian Randle Publishers, 2001.
- Hólmfríður Garðarsdóttir, „Ríkjandi rótleysi: Dáðleysi ungra manna í mexíkóskum stórborgarmyndum“, *Ritið* 2/2010, bls. 121–143.
- Hólmfríður Garðarsdóttir, „La mujer de color: Diáspora globalizadora de la subalternidad“, *Serie VII de HAINA*, Gautaborg: Gothenburg University, 2007, bls. 171–183.
- Hólmfríður Garðarsdóttir, „Transculturalción paulatina: La integración del pueblo negro en la sociedad costarricense“, *El Caribe Centroamericano*, Helsinki: The Renvall Institute, 2005, bls. 138–152.
- Hólmfríður Garðarsdóttir, „Kvenlegar ásýndir Rómönsku Ameríku“, *Ritið* 2005, bls. 65–83.
- Ibáñez, Enrique del Acebo, *Félagsfræði rófestunnar: Hugmyndir um mótun borgar-samfélagsins*, Hólmfríður Garðarsdóttir og Helgi Gunnlaugsson, (ritstj. og umsjón þýðingar), Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007.
- Margulis, M., og Urresti, M. (ritstj.), *La segregación negada: Cultura y discriminación social*, Buenos Aires: Editorial Biblos, 1999.
- McDonald, Delia, *La lluvia es una piel*, San José, Kostaríka: Ministerio de Cultura, 1999.
- Michel-Peres, Dominique, *Understanding the Identity Choices of Multiracial and Multicultural Afro-European and Black Women Living in Germany: Identifying a Model of Strategies and Resources for Empowerment*, sjá: edoc.ub.uni-muenchen.de/6489/1/Michel-Peres_Dominique.pdf [sótt í september 2011].
- Montobbio, Manuel, „Sobre la identidad de la identidad en la era de la globalización“, *Revista de Occidente* 352/Septiembre 2010, bls. 130–159.
- Mosby, Dorothy E., *Place, Language and Identity in Afro-Costa Rican Literature*, Columbia og London: University of Missouri Press, 2003.
- Morejón, Nancy, „Introducción“, *Anales del Caribe*, Havana: Casa de las Américas, 2006, bls. 5–9.
- Ortiz, Fernando, „Del fenómeno social de la “transculturación” y de su importancia en Cuba“, *Contrapunteo cubano del tabaco y azúcar*, Enrico Mario Santí (ritstj.), Madrid: Cátedra, 2002, bls. 254–262.
- Panesi, Jorge, „Villa, el médico de la memoria“, *Archivos de la memoria*, Barrenechea, Ana María (ritstj.), Rosario, Argentína: Beatriz Viterbo Editora, 2003.

- Phinney, Jean S., „Ethnic Identity in Adolescents and Adults. Review of Research“, *Readings in Ethnic Psychology*, Balls Organista, Pamela Gerardo Marín og Kevin M. Chun (ritstj.), Routledge og New York: Rotledge University, 1998, bls. 73–99.
- Quesada Soto, Álvaro, *Uno y los otros: Identidad y literatura en Costa Rica 1890–1949*, San José, Kostaríka: Editorial Universidad de Costa Rica, 1998.
- Rama, Ángel, *Transculturación narrativa en América Latina*, Mexico D.C., Mexíkó: Siglo XXI, 1982.
- Rossi, Anacristina, *Limón Blues*, San José, Kostaríka: Alfaguara, 2002.
- Rossi, Anacristina, *Limón Reggae*, San José, Kostaríka: Editorial Legado, 2007.
- Sarlo, Beatriz, „Women, History and Ideology“, *Women's Writing in Latin America: An Anthology*, Boulder: Westview Press, 1991.
- Sepúlveda, Magda, „La construcción de identidades, sus imaginarios y su posición en la literatura“, *Taller de letras* 32/2003, bls. 67–78.
- Sigurður Hjartarson, *Leiðarbækur úr fyrstu siglingunni til Indíalanda 1492–1493*, Reykjavík: Uglan, 1992.
- Smart, Ian, *Central American Writers of West Indian Origin: A New Hispanic Literature*, Washington, D.C.: Three Continents Press, 1984.
- Soto-Quirós, Ronald, „Imaginando una nación de raza blanca en Costa Rica: 1821–1914“, sjá: <http://alhim.revues.org/index2930.html> [sótt í september 2011].
- Stryker, S., og Burke P., „The Past, Present, and Future of an Identity Theory“, *Social Psychology Quarterly*, American Sociological Association 4/2000, bls. 287–297.
- Woo, Summer, „The Radical Identity of Asian American/White Children and Experiences of Race“, fyrirlestur fluttur á ársþingi *American Sociological Association*, 31. júlí 2008, sjá: <http://www.allacademic.com/> [sótt í september 2011].

Ys og þys út af Shakespeare

Þótt níundi áratugur 19. aldar væri að mörgu leyti ömurleg harðindaár á Íslandi, var samt furðumikil gróska í menningarlífinu, þar með talið í þýðingum erlendra bókmenntaverka, og þá einkum leikrita Williams Shakespeare (1564–1616). Þannig þýðir Eiríkur Magnússon (1833–1913) *Storminn* (1885) og Matthías Jochumsson (1835–1920) *Rómeó og Júlíu* (1887), en áður hafði hann þýtt *Óthelló* (1882) (og *Macbeth* 1874 og *Hamlet* 1878). Þessi *Óthelló*-þýðing Matthíasar átti eftir að valda miklum deilum, en það er einmitt um þær sem mig langar að fjalla í þessari grein.

Þýðing Matthíasar á *Óthelló eða Máranum frá Feneyjum* kom út á vegum Hins íslenzka bókmenntafélags, og skipaði það þriggja manna ritnefnd sem átti að hafa umsjón með útgáfunni. Í nefndinni sátu Steingrímur Thorsteinsson, Björn M. Ólsen og Benedikt Gröndal. Varla hefur sú nefnd starfað náíð saman, því að þótt Benedikt væri fremur vel til Steingríms¹ hafði hann verið svarinn óvinur Björns um langa hríð. Hann fyrirleit Björn sem samkennara sinn við Lærða skólann² og kenndi honum umfram aðra um brottrekstur sinn frá skólanum.³ Ekki er að sjá að ritnefndin hafi nokkurn tíma fundað né skipt sér af þýðingarvinnu Matthíasar.

Í desember 1883 birtist í *Þjóðólfi* ritdómur um *Óthelló* eftir Eirík Magnússon, bókavörð í Cambridge, sem var svo langur (4 bls.) að

1 Benedikt Gröndal, *Dægradvöl*, Reykjavík: Mál og menning, 1965, bls. 170 og 249.

2 Sama rit, bls. 267–269.

3 Sama rit, bls. 269–272. Benedikt Gröndal missti tvær dætur sínar á barnsaldri 1876 og 1879, og þegar kona hans, Ingigerður, dó 1881 ágerðist drykkjuskapur hans mjög, og hann fór að mæta stopult til kennslu. Þetta segir hann að hafi dugað Birni til að rægja sig linnulaust við skólayfirvöld uns þau viku honum úr starfi.

blaðið þurfti að prenta hann í tvennu lagi.⁴ Í stuttu máli fann Eiríkur allt sem hugsast mátti að þýðingunni og þýðandanum og gagnrýndi auk þess óspart Hið íslenska bókmenntafélag og sér í lagi forseta þess, Magnús Stephensen, fyrir vanrækslu og slæleg vinnubrögð.⁵ Þessi árás Eiríks á þá Matthías og Magnús átti sér nokkurn aðdraganda. Þeir Eiríkur og Matthías höfðu verið vinir um langt skeið, þótt Matthías tortryggði stundum Eirík og fyndist hann ekki alltaf meta sig að verðleikum.⁶ Árið 1874 urðu hins vegar algjör vinslit þegar Matthías, sem var þá eigandi og ritstjóri *Þjóðólfs*, neitaði að birta nafnlausa skammargrein Eiríks um Jón Hjaltalín landlækni. Að auki mun Eiríki hafa þótt Matthías linur í stuðningi blaðsins við Jón Sigurðsson.⁷ Eiríkur var sömuleiðis illur út í Magnús Stephensen vegna útfærslunnar á hallærisbjörginni 1882.⁸ Öllum ber saman um að Eiríkur hafi verið mjög geðríkur og langrækinn maður, og það svo mjög segir ævisöguritari hans, Stefán Einarsson, að hann átti „jafnan erfitt með að láta aðra njóta sannmælis fyrir sakir skaps síns“.⁹ Með ritdóminum um *Ótbelló* gafst honum nú tækifæri til að slá tvær flugur í einu höggi og jafna rækilega um bæði Matthías og Magnús.

En þá að ritdóminum sjálfum. Eiríkur fór fyrst almennum orðum um þýðingu Matthíasar og sagði meðal annars að betra hefði verið að láta hana eiga sig en að sitja uppi með illa þýtt leikrit; Matthías væri ekki nógu kunnugur Shakespeare, og hann hefði mátt læra af Steingrími Thorsteinssyni (1831–1913) sem hafi þýtt *Lear konung* (1878) „snilldarlega“. Að vísu fyndust „heppnar glepsur hér og hvar“ en í heild hefði þýðingin mistekist hörmulega; málið á henni væri óvandað, textinn losaralegur og frummálið víða

4 Eiríkur var þekktur fyrir að skrifa langa ritdóma. Sá lengsti er eflaust dómur hans um síðasta rit Guðbrands Vigfússonar: *Origines Islandicae* sem birtist í *Saga-Book of the Viking Club*, 4, árið 1905 og var hvorki meira né minna en 51 blaðsíða.

5 *Þjóðólfur*, 15. og 22. desember 1883, bls. 137–140 og 141–142.

6 Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér*, Akureyri: Þorsteinn Gíslason, 1922, bls. 240–241 og 244 og Þórunn Erlu Valdimarsdóttir, *Upp á sigurbæðir*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2006, bls. 226.

7 Þórunn Erlu Valdimarsdóttir, *Upp á sigurbæðir*, bls. 295 og Stefán Einarsson, *Saga Eiríks Magnússonar*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1933, bls. 238–239.

8 Þórunn Erlu Valdimarsdóttir, *Upp á sigurbæðir*, bls. 376.

9 Stefán Einarsson, *Saga Eiríks Magnússonar*, bls. 101. Sjá einnig Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér*, bls. 240–241 og 244 og Þórunni Erlu Valdimarsdóttur, *Upp á sigurbæðir*, bls. 274.

misskilið. Þá hafi ekki hjálpað að Matthías styddist við sænska þýðingu C. A. Hagbergs, sem væri meingölluð, og treysti henni betur en eigin þekkingu á frummálinu.¹⁰

Næst vék Eiríkur að textanum sjálfum og taldi upp 24 þýðingavillur sem hann hefði fundið og það einungis í fyrsta þætti. Yrði það að duga, því að rúmsins vegna hefði hann ekki tök á að sýna fleiri dæmi.¹¹ Af einstökum villum sem hann tíundaði má nefna að Matthías lætur Óthelló kyrkja en ekki kæfa Desdemónu, eðla verður að froski, línum í frumtexta er sums staðar sleppt, orðum bætt við sem breyttu merkingu frumtextans og íslenski textinn á köflum óskiljanlegur. Hér er því við að bæta að Eiríkur var með öllu ósveigjanlegur í þeirri afstöðu sinni að texta yrði að þýða frá orði til orðs,¹² en þannig vann Matthías alls ekki eins og ég mun víkja betur að síðar. Þannig voru margar aðfinnslur Eiríks þess eðlis að ekki verður annað séð en Matthías leysi málin ágætlega, þótt það brjóti í bága við þessa stefnu Eiríks. Að lokum klykkti Eiríkur út með þeim orðum að þýðingin væri í heild „ónýtt verk“, „ósamboðið inum klasíska frumhöfundi“, „blygðunar innsigli dugleysis og vanræktar“ og til þess fallin að „gjöra bókmenntir þjóðarinnar að athlægi“. Því næst setur höfundurinn fram þá ósk – sem hann undirstrikar svo enn frekar með því að skáletra hana – að forseti Hins íslenska bókmenntafélags, Magnús Stephensen, „*gæti betr skyldu sinnar næst*“ (bls. 142).

Þórunn Erlu Valdimarsdóttir lýsir viðbrögðum við þessum ritdómi Eiríks þannig að áhrif hans hafi farið „sem rafmagn um íslenskan menningarheim“ og þótti ýmsum að hann hefði farið skammarlega með Matthías,¹³ enda mætti margt gott um Óthelló-þýðingu hans segja. Matthías var þó til í að fallast á sumt í gagnrýni Eiríks og þá sérstaklega það að heilar línur skyldu hafa fallið niður¹⁴ En fyrstu viðbrögð við ritdóminum komu þó ekki frá Matthíasi heldur Magnúsi Stephensen sem ekki var vanur að láta andstæðinga

10 Þjóðlífur, 15. desember 1883, bls. 138.

11 Sama blað, 15. desember 1883, bls. 138–140 og 22. desember 1883, bls. 141–142.

12 Stefán Einarsson, *Saga Eiríks Magnússonar*, bls. 101.

13 Þórunn Erlu Valdimarsdóttir, *Upp á sigurbæðir*, bls. 374.

14 Sama rit, bls. 374. Þess má geta að Matthías kenndi ritnefndinni um að svo hefði farið og stóð greinilega í þeirri trú að hún hefði skipt sér eitthvað að útgáfunni. Sjá Kristján Albertsson, *Bréf Matthíasar Jöcbumssonar til Hannesar Hafsteins*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1959, bls. 31.

sína eiga neitt inni hjá sér. Strax í fyrsta tölublaði *Þjóðólfs* eftir að grein Eiríks lauk birti hann stuttan pistil sem hann nefndi „Leiðréttingu“. Þar bar hann af sér allar ásakanir um vanrækslu þar sem útgáfa þýðingarinnar hefði alfarið verið á ábyrgð ritnefndarinnar sem átti að hafa umsjón með verkinu.¹⁵

Matthías varð heldur seinni til andsvara, en í *Þjóðólfi*, 2. febrúar 1884, svaraði hann Eiríki. Í greininni tók hann undir það sjónarmið Magnúsar að ábyrgðin á þýðingunni væri alfarið hjá ritnefndinni sem Hið íslenska bókmenntafélag hafði skipað. Matthías taldi *Óthelló*-þýðingu sína vera þá bestu af þeim fjórum sorgarleikjum Shakespeares sem hann hefði þýtt: *Macbeth* 1874, *Hamlet* 1878, *Óthelló* 1882 og *Rómeó og Júlíu* (sem Matthías lauk við 1881, en kom ekki út hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi fyrr en 1887). Hann viðurkenndi að hafa kannski stutt sig fullmikið við hina sænsku þýðingu Hagbergs, og eins væri bagalegt að skýringar sem áttu að fylgja *Óthelló*-þýðingunni skyldu hafa fallið niður. Hins vegar taldi hann að hinar meintu villur sem Eiríkur tilgreindi hefðu fæstar nokkra verulega þýðingu. Hann lét svo í ljós þá skoðun að Eiríkur hefði „fordæmt þessa þýðingu móti betri vitund“ og hitt væri víst „að enginn lifandi maður hrósaði fyrr meir kveðlingum og þýðingum mínum meir en fornkunni minn herra Eiríkr Magnússon.“ Að lokum fór Matthías fram á að „fyrteð nefnd [ritnefndin] gjöri bókmenntafélagsins vegna grein fyrir sinni skoðun“, enda hafi hann reynt að þýða rétt anda skáldsins, og slíkt útiloki orðrétta þýðingu.¹⁶

Nú leið og beið, og ekkert bólaði á greinargerð frá ritnefnd bókmenntafélagsins. Matthías fór því aftur á stúfana tæpu ári síðar (28. janúar 1885) og nú í *Ísafold*. Hann sagðist hafa vonað að ritnefndarmennirnir mundu bera hönd fyrir höfuð sitt og svara ritdómi Eiríks sem væri bæði „rangur og ósvífinn“. Það hafi svo sannarlega verið í verkahring þeirra Benedikts, Bjarnar og Steingríms að svara „öfgum og óskapagangi Eiríks“. *Óthelló*-þýðingin væri eitthvert hans „vandadasta ritsmíði“ og ritnefndarmönnunum hafi borið skylda til að svara því sem þeir álitu sannast og réttast.¹⁷

15 *Þjóðólfur*, 5. janúar 1884, bls. 146–147.

16 Sama blað, 2. febrúar 1884, bls. 14–15.

17 *Ísafold*, 28. janúar 1885, bls. 15.

Nú var Benedikt Gröndal nóg boðið. Í mars 1885 svaraði hann Matthíasi með grein í *Norðanfara*.¹⁸ Benedikt var sem kunnugt er heldur í nöp við Matthías, sem hann taldi iðulega trana sér fram á sinn kostnað,¹⁹ og kom ekki til hugar að skera hann úr snörunni. Greinin er með þeim kostulegri sem Benedikt samdi, í dæmigerðum nöldurtón og full af skensi og skætingi. Hann taldi sig enga ábyrgð bera á útgáfunni, og ekki hægt að ætlast til að hann tæki að sér að vinna eins mikið verk og það væri að bera saman *Óíhelló*-þýðingu Matthíasar við frumtexta Shakespeares án þess að fá greitt fyrir. Þýðandinn yrði sjálfur að bera ábyrgð á þýðingunni. Ekki væru hundrað í hættunni, þótt eitthvað hefði skolest til. Ef hin gallaða þýðing Hagbergs væri nógu góð fyrir Svía, mundi þýðing Matthíasar duga fyrir Íslendinga. Sjálfur hefði hann aldrei lagt sig sérstaklega eftir Shakespeare; Íslendingar hefðu ekkert við hann að gera, því að þeir skildu ekkert í honum. Enginn mætti gagnrýna þessi smáskáld sem „nú eru alltaf að kvaka,“ og allt sem sagt væri um þau yrði að vera tómmt lof og reykelsisfórnir. Þetta skeyti var greinilega ætlað Matthíasi vegna viðbragða hans við ritdómi Eiríks.

Í lok greinarinnar kom þó Benedikt loks að umkvörtun Matthíasar um þögn þeirra ritnefndarmanna. Málið væri einfaldlega of ómerkilegt til að gera veður út af því, og Matthías væri ekki hið raunverulega skotmark Eiríks:

Nú vill [...] svo til, að riddari nokkur á Englandi²⁰ hefir ráðizt á Matthías með órímilegheitum og afar-löngum ritgjörðum [...] en jeg hef ekki getað fundið svo mikið fútt í þessu riddara-masi, að mjer finnist Matthías þurfa að taka það nærri sjer, einkum þegar þess er gætt, að það ber það með sjer, að tilgangurinn er ekki sá, að eyðileggja Matthías, heldur að blamera forsetann [þ.e. Magnús Stephensen].²¹

Benedikt klykksti svo út með því að staðhæfa að ágallar þýðinga og annarra bóka hlytu alltaf að bitna á höfundinum sjálfum, ekki forsetum eða nefndum, og best væri að hafa engar ritnefndir. Þetta

18 „Út af «Othello»“, *Norðanfari*, 14. mars 1885, bls. 38–39.

19 Sjá Benedikt Gröndal, *Dægradvöl*, bls. 45, 202–203 og 266.

20 Eiríkur hafði hlotið nafnbótina riddari af Dannebrog árið 1882.

21 „Út af «Othello»“, *Norðanfari*, 14. mars 1885, bls. 39.

ætti sér í lagi við um það „þýðingarmóð“ sem „nú um tíma hefur verið mokað út um allt land“ og hann hirti ekkert um.²² Varla hefur þetta svar orðið Matthíasi til mikillar hugarhægðar í rimmunni við Eirík, og ekki var Eiríkur hættur.

Tveimur mánuðum eftir að svar Benedikts til Matthíasar birtist er hann enn kominn á stúfana með grein í *Ísafold* þar sem hann tekur fyrir þær tvær svargreinar sem Matthías hafði birt gegn ritdóminum.²³ Þessi grein Eiríks er enn meinfýsnari en upphaflegi ritdómurinn, og er þá langt til jafnað. Í raun hafði enginn orðið til að koma Matthíasi til varnar,²⁴ og sú staðreynd virtist hafa sömu áhrif á Eirík og blóðlykt á hákarl. Fyrst rifjar hann upp þau ummæli sem Matthías hafði látið falla að ritdómurinn væri rangur og ósvífinn sleggjudómur. Hans eigið vottorð um að svo sé eigi að duga til að sanna það. Þá hengir Eiríkur sig á þau ummæli Matthíasar að gagnrýni hans beinist einkum að „vafastöðum“.²⁵ Þetta hafi verið „vafastaðir“ fyrir Matthíasi einfaldlega vegna þess að hann skildi þá ekki, þótt í raun hafi enginn vafi verið um merkingu fyrir þá sem skildu mál Shakespeares. Þetta hafi Matthías sem sagt nú játað opinberlega. Hann hafi heldur ekki borið við að rengja það að Eiríkur hafi skilið þessa „vafastaði“ rétt, og með þögn sinni viðurkenni hann að dómur Eiríks hafi í raun verið réttlátur. Ritdómurinn hefði mátt vera mýkri í orðum hér og þar, en það breyti engu um réttmæti og sannleiksgildi hans. Og hví skyldi Matthías sækja svo fast að fá ritnefndina til þess að hafna dómi sínum yfir *Óthelló*? Það, segir Eiríkur, er af því að hann getur í engu hrakið hann sjálfur og vill skýla sér á bak við ritnefndina. Í ljósi þessa snýst sú einkunn sem presturinn gaf ritdóminum – „rangur og ósvífinn sleggjudómur“ – í höndunum á honum, og „allr, mórall“ prestsins um þá siðspillingu sem sé fólgin í „ójafnaði“ í ritdómnum, verður að þeim vendi, í hans eigin hönd, sem hann agar í ógáti sjálfan sig með“.²⁶

Eiríkur vék síðan að þeirri staðhæfingu Matthíasar að *Óthelló*-þýðingin væri sín vandaðasta ritsmíði og sagði það vel geta verið,

22 Sama blað, 14. mars 1885, bls. 39.

23 *Ísafold*, 6. maí 1885, bls. 79–80.

24 Finnur Jónsson hugleiddi að taka svari Matthíasar, en segist ekki hafa haft tíma til þess, enda væri slíkt „slettirekuskapur“. Sjá Þórunni Erlu Valdimarsdóttur, *Upp á sigurbæðir*, bls. 374–375.

25 Sjá grein Matthíasar í *Þjóðlíf*, 2. febrúar 1884, bls. 14.

26 *Ísafold*, 6. maí 1885, bls. 80.

þótt það sannaði ekki að hún væri vönduð. Þá bæri presturinn sig upp undan því að ritdómur Eiríks rotaði þýðinguna gagnvart lesendum sem lítið eða ekkert vissu um hvað verið væri að tala. Ef svo væri, segir Eiríkur, væri einfaldast fyrir Matthías að hrinda dóminum með rökum, enda fengi hann þá að öllum líkindum það skjall sem hann sæktist eftir frá þessum sömu lesendum sem lítið eða ekkert vissu um hvað verið væri að tala. Nei, segir Eiríkur svo í greinarlok, ritdómur hans sé ekki ætlaður slíku fólki, heldur þeim sem hafa vit á og kunna að meta Shakespeare og vita hver frágangur á þýðingum verka hans þarf að vera svo að – og Eiríkur skáletrar lokaorðin til áherslu – „*boðleg bókmentafélagsbók verði úr*“.²⁷

Nú lauk þessari ritdeilu loksins, og enginn vafi er á því að Eiríkur stóð uppi sem sigurvegari – í fyrstu, að minnsta kosti. Þessari síðustu grein Eiríks, þar sem hann hæddi og spottaði Matthías óspart, néri honum þekkingarleysi í ensku um nasir ásamt heigulshætti og hégómagirnd, svaraði Matthías ekki, enda má telja víst að Eiríkur hefði haldið áfram að karpa við hann fram í rauðan dauðann. Líklega hefur Matthías loks áttað sig á því að eina leiðin til að þagga niður í Eiríki var að virða hann ekki svars.

Eins og þegar hefur komið fram leit Matthías svo á að ritdómur Eiríks væri ekkert annað en síðbúin hefnd hans vegna vinslitanna árið 1874. Benedikt Gröndal taldi, eins og fram kom í grein hans, að raunverulegur tilgangur Eiríks væri að koma höggi á Magnús Stephensen. Bæði Matthías og Benedikt hafa eflaust nokkuð til síns máls. En Eiríki hefur hugsanlega gengið eitt enn til. Þýðing hans á *Storminum* (*The Tempest*) eftir Shakespeare kom út árið 1885. Stefán Einarsson telur að deilan um *Óthelló* hafi orðið til þess að Eiríkur tókst á hendur að þýða þetta verk, þótt hann taki einnig fram að Eiríkur hafi byrjað að þýða *Storminn* haustið 1883, þ.e. nokkrum mánuðum áður en ritdómur hans um *Óthelló*-þýðingu Matthíasar birtist.²⁸ En hvað sem því líður vaknar sú spurning hvort þessi þýðing hafi átt að sýna Matthíasi og öðrum hvernig „boðleg“ Shakespeare-þýðing liti út, og árás Eiríks á Matthías þá að einhverju

27 Sama blað, 6. maí 1885, bls. 80.

28 Stefán Einarsson, *Shakespeare á Íslandi*, sérprent úr *Tímariti Þjóðræknisfélags Íslendinga* [í Kanada], Winnipeg, Manitoba: The Viking Press, 1939, bls. 12–13 og Stefán Einarsson, *Saga Eiríks Magnússonar*, bls. 188.

leyti árás væntanlegs keppinauts um hylli Shakespeare-lesenda. Og sé þetta rétt, átti þýðing Eiríks á *Storminum* væntanlega að kóróna þá niðurlægingu sem Matthías hafði þegar mátt þola í ritdeilunni við hann.

En nú fór Eiríkur sneypuför. Tveir ritdómar birtust um þýðinguna, annar eftir þá Jón Stefánsson og Valtý Guðmundsson²⁹ og hinn eftir Grím Thomsen³⁰ (sem ritaði undir dulnefninu Ariel). Báðir voru mjög neikvæðir, og nú mátti Eiríkur þola á eigin skinni að vera fórnarlamb óvæginnar ritdómara. Jón og Valtýr gagnrýndu þýðinguna meðal annars fyrir stirt málfar, stirða kveðandi og óljósar setningar, og tekur Stefán Einarsson undir þá gagnrýni í ávisögu Eiríks.³¹ En þeir félagar fundu líka aðra annmarka, svo sem ónákvæmni hér og þar í þýðingunni (bls. 78) og málvillur ásamt ensku- og dönskukeim í sumum setningum (bls. 81). Þá gagnrýndu þeir Eirík fyrir villur sem slæðst hefðu inn í skýringarnar sem fylgdu þýðingunni (bls. 81), ósamkvæmi í rithætti og of margar prentvillur (bls. 82).

Í grein sinni sagðist Grímur Thomsen skilja mál Shakespeares ágætlega, en hann væri í mesta basli með að skilja þýðingu Eiríks á *Storminum*, og það þó að hann hefði frumtexta verksins til hliðsjónar (140. dálkur). Þá hafi Eiríkur í formála að þýðingunni sagst ætla að leggja áherslu á að þýða eins nákvæmlega og hann gæti, en það sagði Grímur hafa mistekist hrapalega (141. d.). Í heild væri ekkert meistaralegt við þýðinguna nema það að hún væri eftir meistara Eirík Magnússon (143. d.).

Eiríkur brást hinn versti (eins og vænta mátti) við gagnrýni þeirra Jóns og Valtýs (ritdómur Gríms hafði enn ekki birst) og svaraði henni með langri grein í tveimur tölublöðum *Þjóðólfs* í ágúst 1886.³² Hann þvertók fyrir það að málið á þýðingunni væri stirt og illskiljanlegt og sakaði þá Jón og Valtý um hótfyndni og það sem hann kallaði „ritvendni“ (bls. 150). Hann viðurkenndi að finna mætti tvær málvillur í allri þýðingunni, en að öðru leyti væri

29 *Þjóðólfi*, 14. og 21. maí 1886, bls. 78–79 og 81–82.

30 *Fróði*, 6. september 1886, dálkar 140–143.

31 Stefán Einarsson, *Saga Eiríks Magnússonar*, bls. 102.

32 *Þjóðólfi*, 24. og 27. ágúst 1886, bls. 149–150 og 154–155. Eiríkur svaraði svo Grími ári seinna með bæklingi sem hann nefndi: *Dr. Grímur Thomsen, ritdómari og skáld: Vörn og sókn*, Cambridge, prentaður hjá Spalding printer, 1887.

ekkert út á málfar að setja. Flestar athugasemdir ritdómaranna væru byggðar á misskilningi og fáfræði. Greininni lauk svo Eiríkur með þessum orðum:

Mér dettr sízt sú dul í hug að verk mitt sé óaðfinnanlegt. Enn það sem að því er fundið skyldi vera á rökum stutt, en ekki á misskilningi og vanskilningi aðfinnenda, eins og hér á sér stað í öllu sem í nokkru tilliti má verulegt heita. Eg get ekki fengið af mér að vera að fylla blöð með dómum merkra manna, sem mér hafa þegar borizt um Storminn, enn bregða mundi þó dómurum mínum í brún, ef þeir sæju þá.³³

Nú var illa komið fyrir Eiríki. Á sínum tíma hafði hann húðskammað að Matthías fyrir að gefa sjálfum sér vottorð um eigið ágæti hvað viðvæk þýðingunni á *Óthelló*, en nú var Eiríkur fallinn í sömu gryfjuna. Þeir Jón og Valtýr höfðu vit á að reyna ekki að svara grein hans, svo að eiginleg ritdeila varð aldrei úr gagnrýni þeirra á *Storminn*. Sé litið fáein ár til baka til þess tíma þegar Eiríkur var að úthúða Matthíasi, má segja að skamma stund verður hönd höggi fegin. Shakespeare-þýðingar Matthíasar – að *Óthelló* meðtöldum – njóta enn vinsælda, en villurnar, sem vissulega má þar finna, hrynja „eins og ryð af góðum málm“, eins og Stefán Einarsson komst svo hnyttilega að orði.³⁴ Þýðing Eiríks á *Storminum* mun nú hins vegar flestum gleymd.

Ekki virðist árás Eiríks á Matthías hafa haft langvarandi áhrif á hann, þótt undan sviði meðan mest gekk á. Í *Sögukjöflum af sjálfum mér* minnst hann ekki á hana einu orði. Í bókinni er dálítill kaflí um Eirík Magnússon (bls. 239–245). Matthías drepur þar á geðríki Eiríks og langrækni, en liggur að öðru leyti fremur gott orð til hans. Matthías hafði líka vel efni á að sýna Eiríki vinarþel eftir allt sem á undan var gengið. Hann stóð nefnilega að lokum uppi sem sigurvegari. Enginn varð til að taka undir hina heiftúðugu gagnrýni Eiríks á Matthías, og á endanum féll hún um sjálfa sig. Sá hlær best sem síðast hlær segir máltækið, og hér átti það svo sannarlega við um Matthías.

33 Sama blað, 27. ágúst 1886, bls. 155.

34 Stefán Einarsson, *Shakespeare á Íslandi*, bls. 23.

ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein er fjallað um heiftarlega ritdeilu milli þeirra Eiríks Magnússonar og Matthíasar Jochumssonar sem kom til vegna þýðingar hins síðarnefnda á *Óthelló* eftir William Shakespeare. Á árunum um og fyrir 1880 voru leikrit Shakespeares mjög vinsæl meðal íslenskra þýðenda, og á þessum tíma litu hvorki meira né minna en sex þeirra dagsins ljós í íslenskri þýðingu. Þeir Steingrímur Thorsteinsson og Eiríkur Magnússon þýddu hvor í sínu lagi *Lear konung* 1874 og *Storminn* 1885, en Matthías Jochumsson *Macbeth* 1874, *Hamlet* 1878, *Óthelló* 1882 og *Rómeó og Júlíu*, (sem Matthías lauk við 1881, en kom ekki út hjá Hinu íslenzka bókmenntafélagi fyrr en 1887). Af þessum leikritum olli *Óthelló*-þýðing Matthíasar mestu fjaðrafoki, og átti það sér upphaf í afar rætnum ritdómi sem Eiríkur Magnússon skrifaði um hana 1883 og lauk í raun ekki fyrr en þremur árum síðar þegar Eiríkur varð fyrir svipaðri árás vegna þýðingar sinnar á *Storminum*. Ýmsir aðrir en þeir Eiríkur og Matthías drógust inn í þessa deilu þeirra tveggja sem lauk með sigri Matthíasar, þótt hann færi halloka fyrir Eiríki framan af.

Lykilorð: Eiríkur Magnússon, Matthías Jochumsson, Shakespeare-þýðingar, ritdómar, ritdeilur

ABSTRACT

Much Ado About Shakespeare

This article deals with a vicious literary feud between Eiríkur Magnússon (University Librarian at Cambridge University) and Matthías Jochumsson (one of Iceland's foremost poets during the 19th century) which was occasioned by the latter's translation of Shakespeare's *Othello* into Icelandic. During the years before and after 1880, Shakespeare's plays were very popular with Icelandic translators and no less than six of them were translated. Steingrímur Thorsteinsson translated *King Lear* in 1874, Eiríkur Magnússon *The Tempest* in 1885, and Matthías Jochumsson *Macbeth* in 1874, *Hamlet* in 1878, *Othello* in 1882 and *Romeo and Juliet* (which Jochumsson completed in 1881, but was not published until 1887). The *Othello* translation turned out to be the one that caused the greatest stir. It originated in a particularly nasty review which Eiríkur Magnússon wrote about Jochumsson's translation of the play. This feud went on for the next three years and did not really end until Magnússon came in for a similar attack for his translation of *The Tempest*. Various other leading literary figures were also dragged into this dispute between Jochumsson and Magnússon. Although Jochumsson found himself at the losing end to begin with, he did, however, emerge as having conclusively defeated Eiríkur Magnússon in the end.

Keywords: Eiríkur Magnússon, Matthías Jochumsson, Shakespeare translations, reviews, literary feuds

HEIMILDIR

Benedikt Gröndal, *Dægradvöl*, Reykjavík: Mál og menning, 1965. *Fróði*, 6. september, 1886.

Eiríkur Magnússon, *Dr. Grímur Thomsen, ritdómari og skáld: Vörn og sókn*, Cambridge, prentaður hjá Spalding printer, 1887.

Fróði, 6. september, 1886.

Ísafold, 28. janúar og 6. maí, 1885.

Kristján Albertsson (útg.), *Bréf Matthíasar Jochumssonar til Hannesar Hafsteins*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1959.

Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér*, Akureyri: Þorsteinn Gíslason, 1922.

Norðanfari, 14. mars, 1885.

Stefán Einarsson, *Saga Eiríks Magnússonar*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1933.

Stefán Einarsson, *Shakespeare á Íslandi*, sérprent úr *Tímariti Þjóðræknisfélags Íslendinga* [í Kanada], Winnipeg, Manitoba: the Viking Press, 1939.

Þjóðólfur, 15. desember og 22. desember 1883; 5. janúar og 2. febrúar 1884; 14. maí, 21. maí, 24. ágúst og 27. ágúst, 1886.

Þórunn Erlu Valdimarsdóttir, *Upp á sigurbæðir*, Reykjavík: JPV-útgáfa, 2006.

Adaptation Studies and Biological Models: *Antigone* as a Test Case

1. Introduction

The main focus of adaptation studies since its inception about half a century ago has been transference from page to screen and, until fairly recently, this focus has either implied or directly claimed the primacy of the former. In the past ten years or so, attempts have been made to redress this balance and to move away from what is commonly known as the ‘fidelity’ issue (the extent to which an adaptation remains faithful to its source) into more productive analyses and discussions of inter- and transtextuality, and especially of intermediality. However, as Thomas Leitch remarked in the inaugural volume of the prestigious journal *Adaptation*, just less than three years ago:

[D]espite the best efforts of [...] virtually every other theorist of adaptation past and present, the field is still haunted by the notion that adaptations ought to be faithful to their ostensible sourcetexts.¹

Leitch suggests that one of the reasons that adaptation studies is still haunted by the ghost of fidelity is precisely because theorists appear not to be able to refrain from reiterating what they have long been at pains to reject. In other words, time and again, the titles of articles, chapters, books and courses on adaptation foreground the

1 Thomas Leitch, ‘Adaptation Studies at the Crossroads’, 1/2008, p. 64.

very binary hierarchies they are attempting to deconstruct or at least undermine.² In recent years, some attempts have been made to shift the issue of adaptation to new and more scientific ground. Linda Hutcheon is perhaps foremost among those theorists who want to look at adaptation as a ‘process’ and not simply as a ‘product.’ To this end, Hutcheon’s book-length study *The Theory of Adaptation*, which appeared five years ago and, to an even greater extent, an article she co-wrote a year later, provocatively suggest that adaptation studies might do well to at least consider some of the terminology employed by biology.³ By dividing various written, visual and audio works into genotypes and phenotypes, concentrating on replication and mutation (both of which comprise repetition with variations), Hutcheon hopes to encourage us to ‘redefine’ the concept of success. Instead of using fidelity to measure success and thereby restricting itself to qualitative pronouncements, adaptation studies might then clear itself some space to focus on *what* survives in an adaptation, *how* it survives, and *what new forms* emerge to secure further survival.

Some will argue that this approach is only pseudoscientific and that Hutcheon is merely restating the aims and methods of memetics. Taking its name from Richard Dawkins’ coinage of *meme*, meaning a ‘unit of cultural transmission, or a unit of *imitation*’ and corresponding to the gene, memetics is the study of what might be called the mechanics of culture. The *meme*, unlike its biological counterpart the gene, need not be any particular size. It can be applied to a theme, a thread, a leitmotif, or even to an entire work. For Dawkins, the crucial concept is imitation—he originally cre-

2 From George Bluestone’s seminal *Novels into Film*, Baltimore: Johns Hopkins University Press, 1957, to Mireia Aragay’s (ed.) *Books in Motion*, Amsterdam: Rodopi, 2005, a plethora of volumes has followed this pattern, almost all of them prefaced by an introduction that deplores the persistence of measuring films against books. See, for example, Cartmell and Whelehan’s introduction to *The Cambridge Companion to Literature on Screen*: “This book looks at literary texts not as primary sources but as “intertexts,” one (albeit dominant) of a multiplicity of perspectives, thereby freeing an adaptation from unprofitable “eye for eye” comparisons’, p. 3, or John Golden’s ‘Literature into Film (and back Again): Another Look at the Old Dog’, *The English Journal*, 1/2007, pp. 24–30). The pairs ‘fiction and film’, ‘page and screen’, ‘novel and cinema’ appear with striking regularity.

3 Linda Hutcheon, *A Theory of Adaptation*, Oxford: Routledge, 2006 and Linda Hutcheon and Gary R. Bortolotti, ‘On the Origin of Adaptations: Rethinking Fidelity Discourse and “Success” – Biologically’, *New Literary History* 2/2007, pp. 443–58.

ated the word as an abbreviation of the Greek *mimeme*. By copying or replication, memes can thus be transmitted from one place to another, one time to another, and one human being to another.⁴ As such, their propagation has sometimes been regarded as having more in common with the spread of a virus than the blending of chromosomes. However, one need not go so far as try to present a one-to-one correspondence between biological and literary adaptation, nor indeed is that the intention of either Dawkins or Hutcheon. While arguing for a homology rather than an analogy, Hutcheon offers the idea that there is 'a similarity in structure that is indicative of a common origin' and not merely a 'metaphorical association'.⁵ However, reluctant to press the issue much further, she adds: '[w]e are not saying that cultural adaptation is biological; our claim is more modest. It is simply that both organisms and stories "evolve"—that is, replicate and change'.⁶ Among the obvious advantages of exploring such a homology would be an escape from the fidelity syndrome. A film, for example, need no longer 'be true' to its source if it is regarded not as an end-product but as part of a continuum. Thus, to quote one of Hutcheon's examples, instead of measuring, say Baz Luhrman's *Romeo and Juliet* (1996) against Shakespeare's 'original' play, one could look, and far more productively, at the survival of the central narrative of that story across various media. Ovid's tale of Pyramus and Thisbe (*Metamorphoses*, 8AD) stands at one end of this spectrum and works such as James Cameron's *Titanic* (1997) and Ang Lee's *Brokeback Mountain* (2005) at the other. In between, of course, are hundreds if not thousands of versions of star-crossed lovers.

I would like to show here not only that Hutcheon's concept of homology is viable, but also that the shift from product to process will result in a significant advance for adaptation studies. I have chosen *Antigone* as a test case for several reasons: it reaches back to the beginnings of European literature, it has undergone a very large number of adaptations and transformations and, perhaps most im-

4 Richard Dawkins, *The Selfish Gene*, Oxford: OUP, 1976, p. 192.

5 Hutcheon, 2006, p. 444.

6 *ibid.*, 446.

portantly, it has become a paradigm for tales about strong, independent women.

2. Antigone

Ekkert fannst mér undarlegra við þannig náttstað minn en forvitni fólksins sem streymdi inn eftir að ég hafði opnað dyrnar. Það fyrsta sem það spurði hvort annað var: „Kvar hefur hún sofið“ (wo hat sie denn geschlafen?). Blessað fólkið gat alls ekki skilið, hvernig ég gat verið *alein* í kirkju í miðjum kirkjugarðinum; það hélt ég væri hálfgerður draugur eða jafnvel töframaður [...] Þegar ég sá undrandi andlit þeirra, varð ég alltaf að snúa mér undan til þess að skella ekki upp úr.¹⁹

Hún greinir einnig frá því að prestar hafi spurt hana hvort hún kynni latínu og orðið mjög undrandi yfir því að svo væri ekki, algengt var að menntamenn kynnu latínu og því hafa þeir gengið út frá þeirri kunnáttu hjá Idu Pfeiffer. Þá skýrir hún frá því að alþýðufólk hafi leitað til hennar og sýnt mein sín eða veikindi, fólk áleit hana ráða yfir kunnáttu sem – að hennar sögn – einungis karlmenn réðu yfir á þeim tíma.²⁰ Þetta sýnir að alþýðufólkið hefur talið að hún kynni margt fyrir sér og lýsir það virðingu Íslendinga

18 Ida Pfeiffer, *Nordlandfabrt*, bls. 85.

19 „Nichts kam mir bei meinen derartigen Nachtquartieren komischer vor, als die Neugierde der Leute, die stets, nachdem ich des Morgens die Tür aufgeschlossen hatte, hereinstürmten. Das erste, was sie zueinander fragten, war: „Kvar hefur hun sovid“ (wo hat sie denn geschlafen?). Die guten Leute konnten durchaus nicht begreifen, wie es mir möglich sei, die ganze Nacht *allein* in einer Kirche mitten auf dem Friedhof zuzubringen; sie hielten mich für einen halben Geist oder wohl gar für eine Zauberin [...] – Wenn ich dann ihre verblüfften Gesichter gesehen hatte, mußte ich mich immer umwenden, um nicht laut aufzulachen.“ Sama rit, bls. 145–146.

20 Sama rit, bls. 122.

fyrir henni og sýnir e.t.v. viðhorf þeirra til útlendinga sem til landsins komu. Hún undraðist að fólk virtist stara á hana eins og naut á nývirki, einu sinni var meira að segja hrópað 'hún er hvít' sem e.t.v. bendir til þess að alþýðufólk hafi haldið að hún væri blökkukona eða „blámaður“ fyrst hún var útlensk. Hafi Íslendingar verðið framandi í augum Idu Pfeiffer fer ekki á milli mála að hún er það svo sannarlega í þeirra augum líka. Ekki gat Ida Pfeiffer tjáð sig við alþýðufólkið svo ekki áttu sér stað nein samskipti sem víkkað hefðu sjóndeildarhring Íslendinga í garð hennar eða veitt henni meiri innsýn í líf og störf Íslendinga en þannig hefðu fordómar á báða bóga minnkað. Framkoma Idu Pfeiffer ber vitni um að hún er fáfróð um landið og íbúa þess.

Ferðlýsingar kvennanna tveggja eiga það sameiginlegt að rekja ferðirnar nánast eins og um dagbækur væri að ræða. Ida Pfeiffer hafði meðferðis meðmælabréf sem hún afhenti stiftamtmaninum Hoppe í Kaupmannahöfn en þar voru þau samtímis. Ekki fannst Idu Pfeiffer hann taka vel á móti sér, hann réð henni meira að segja frá því að leggja í Íslandsförina, hún ætti eftir að lenda í ófyrstíganlegum erfiðleikum. Hún fór ekki að ráðum hans og henni var því létt þegar hann bauð henni í reiðtúr upp að Elliðavatni, hélt hún þá að hún væri komin í náðina hjá heldri stétt manna á Íslandi sem aðallega voru Danir. Ekki reyndist það þó vera því stiftamtmannsfrúin lét heilan mánuð líða áður en hún heimsótti Idu, sem bjó steinsnar frá fjölskyldunni, og það sem var verra var; það fylgdi ekki boð heim til þeirra í kjölfar þeirrar heimsóknar. „Dýrmæt meðmælabréf duga ekki ævinlega til þess að bræða ís hins norræna stéttardrambs“²¹, skrifar hún vonsvikin, og „ef ég hefði ekki kunnað að einbeita mér að einhverju gagnlegra, myndi mér hafa veitst harla erfitt að drepa tímann. Það virðist aldrei hvarfla að þeim, þessum frúm, að ég væri útlendingur, alein og algerlega útilokuð frá samskiptum við menntað fólk.“²² Idu Pfeiffer sveið mjög að vera ekki boðið í fín boð, sem hún frétti að væru haldin í bænum, en hún virðist ekki hafa náð hylli fyrirfólksins. Í Svíþjóð var hún hins vegar þekkt sem landkönnuður og þegar þangað kom var tekið á móti

21 Ida Pfeiffer, *Íslandsferð fyrir 100 árum*, þýð. Jón Helgason, Reykjavík: Skuggsjá II.1, án árs (líklega 1945), bls. 16.

22 Sama rit, bls. 19.

henni við hirðina þar sem hún hitti drottninguna. Ida Pfeiffer hefur líklega ekki verið af nægilega fínnum austurrískum ættum til þess að eiga greiðan aðgang að samfélagi heldra fólksins á Íslandi og í samskiptum sínum við stiftamtmanninn hefur hún ekki náð að vekja áhuga hans á því að aðstoða sig. Hann hafði ráðið henni frá förinni og því ekki fundist hann skuldbundinn henni á neinn hátt. Ida Pfeiffer lagði sig ekki fram um að kynna Íslendingum.

Ina von Grumbkow lýsir upplifun sinni og föruneysis síns á hverjum stað, hún segir frá rannsóknum Hans Reck á jarðfræði landsins og hvar og hvernig hún teiknaði íslenska náttúru. Samskipti fylgdarmanns við heimamenn, þar sem hún getur sér oft til um umræðuefnið, ratar einnig í lýsingar hennar, hún lýsir máltíðum þeirra á ferðalaginu, gerir góð skil erfiðinu við að koma farangrinum á milli staða, svo að ekki sé minnst á lýsingar á liðan og ástandi hestanna. Lýsingar Idu Pfeiffer eru einnig mjög ítarlegar, viðfangsefnunum er lýst af stakri nákvæmni og eru þær að því leyti mjög góð heimild um það sem fyrir augu bar. Frásögn hennar ber vott um ríka athyglisgáfu og hefur að geyma ýmsan fróðleik. Ágætt dæmi um það eru lýsingar hennar á íslenskum híbýlum sem hún flokkar í „evrópsk“ og „íslensk“. Húsakynni danskra embættismanna og fólks úr yfirstéttinni minntu hana á evrópskan stíl og þeim lýsir hún ekki eins nákvæmlega og íslensku torfbæjunum²³ sem hún kynnist í Reykjavík. Þessi lýsing gefur góða vísbendingu um það hversu gerólík húsakynnin voru þeim sem hún átti að venjast og hversu framandi þau hafa verið í hennar augum:

Næst kom ég inn í nokkra kofanna [sic], sem reyndust vera miklu mun íslenzkari. Þeir eru litlir og lágir, hlaðnir úr hraungrýti og torfi og þekjan öll grasi gróin. Það hefði auðveldlega mátt villast á þeim og náttúrulegum mishæðum á jörðinni, ef tréstromparnir, lágar dyrnar og hartnær ósýnilegir gluggarnir hefðu ekki ljóstrað því upp, að þeir voru mannahíbýli.²⁴

Ina von Grumbkow lýsir ekki heimilum alþýðufólks, en af lýsingu hennar á heimsókn til Havsteensfólksins við Akureyri að dæma er

23 Ida Pfeiffer kallar torfbæina 'die Kote' og 'die Kotten' á þýsku.

24 Ida Pfeiffer, *Íslandsferð fyrir 100 árum*, bls. 9.

atlætið á Íslandi ólíkt því sem hún á að venjast. „Þar heimsóttum við hið elskulega Havsteensfólk, [...] Við nutum alúðlegrar gestrisni á heimili þeirra, og enn einu sinni urðu okkur ljós menningarþægindi meginlandsins.“²⁵ Viðurgerningur hefur greinilega verið góður en aðstæðurnar minnt hana á hvað margir íbúar á meginlandi Evrópu bjuggu við betri aðstæður en Íslendingar.

Áhugi Íslendinga á mögulegu ríkidæmi Idu Pfeiffer kom illa við hana og ekki varð hún yfir sig hrifin af þeim Íslendingum sem byrjuðu á því að spyrja hana þegar hún kom til landsins, hvort hún væri rík, hvort von væri á veisluhöldum hjá henni og mikilli vinnu fyrir þá.²⁶ Þeir féflett hana, hún þurfti að kaupa hest þegar hún kom, og selja hann þegar hún fór:

Alla hesta, sem nota þarf, verður að kaupa, því að ógerlegt er að fá hest að láni. Þeir eru í þokkabót dýrir: [...] Vilji menn svo selja hestana að enduðu ferðalaginu, fæst ekki nema gjafverð fyrir þá, því enginn býður í þá neitt, sem heitir, og sannast hér enn, að alls staðar í veröldinni er mönnum gjarnt að hugsa mest um sinn hag. Menn vita, að skepnurnar verður að skilja eftir, og þess vegna gæta þeir þess að bjóða ekki of hátt verð. Ég verð að viðurkenna, að á þessu sviði er skapgerð Íslendinga mun lítilmótlegri heldur en ég hafði búið við og ennþá aumari en frá er sagt í þeim bókum, sem ég hafði lesið um þá.²⁷

Ida Pfeiffer vísar þarna til ferðabóka sem hún hafði kynnt sér þar sem fjallað er um fégræðgi Íslendinga. Við undirbúning ferðar sinnar studdist hún mjög við ferðalýsingar George Steuarts Mackenzies. Hún var því viðbúin slíku en ekki nægilega eins og þarna kemur fram. Ina von Grumbkow minnst hins vegar aldrei á það í lýsingum sínum að Íslendingar ásældust fé hennar. Hún kallar verðlag „að enskum hætti“ en um það segir hún: „Verðlag var hér raunar að enskum hætti, en vel var að okkur búið og hafa verður í huga, hve dýrt og erfitt er að afla hér margra lífsnauðsynja.“²⁸

25 Ina von Grumbkow, *Ísafold*, bls. 119–120. „Das große Behagen kontinentaler Zivilisation“ er þýtt sem ‘menningarþægindi meginlandsins’.

26 Ida Pfeiffer, *Nordlandfabrt*, bls. 64.

27 Ida Pfeiffer, *Íslandsferð fyrir 100 árum*, bls. 36–37.

28 Ina von Grumbkow, *Ísafold*, bls. 36.

Að mati Idu Pfeiffer voru það einungis merkilegir náttúrufræðingar, þeir sem voru ríkir eða komu færandi hendi til Íslands, sem náðu hylli Íslendinga og danska fyrirfólksins: „Til þess að vera vel tekið hér, verður maður annaðhvort að vera ríkur eða ferðast sem náttúruvísindamaður.“²⁹ Hvorugt átti við um hana, hún var hvorki efnuð né var hún náttúruvísindamaður. Sambærilegar lýsingar er ekki að finna hjá Inu von Grumbkow. Hvort viðhorf Íslendinga til útlanda höfðu breyst á þeim árum sem liðu á milli ferðanna eða hvort Ina von Grumbkow flokkaðist sem náttúruvísindamaður er erfitt að dæma um.

Ina von Grumbkow og Ida Pfeiffer höfðu báðar áhuga á landslagi og náttúru landsins. Ida Pfeiffer lýsir náttúrunni sem stórfenglegri, en líklega hefur hrifning hennar náð hámarki á Heklu:

Héðan af Heklutindi gat ég horft yfir óbyggðir landsins, – myndin af sköpunarverki, dauð og hreyfingarlaus en þó svo einstaklega stórfengleg – mynd sem þeim sem einu sinni hafa séð líður aldrei úr minni og minningin ein um myndina bætir upp alla erfiðleikana og hættur sem ganga þurfti í gegnum.³⁰

Og í Laka kynnist Ina von Grumbkow fyrir alvöru sérkennum íslenskrar náttúru og hversu auðvelt er að tapa áttum og rammvillast: „Af öllu, sem ég sá á Íslandi, var ekkert, er jafnast á við þá framandlegu ógn og þrúgandi hrylling, sem fylgdi þessari nætturreið í þoku.“³¹ Ina von Grumbkow er undrandi á því að í íslenskri náttúru eru engin skilti, þetta er ólíkt því sem er í heimalandinu og henni finnst það skrítið. Hún segir á einum stað: „Það er í rauninni ákaflega viðkunnanlegt að Ísland skuli vera laust við öll skilti. – Alls staðar „er leyft að ganga um grasið“, og samkvæmt því mega menn líka sökkva í fenin og villast um auðnirnar.“³² Einnig fundust henni merkingarnar á farangri þeirra, sem þau sendu með skipinu Ceres

29 „Um hier gut aufgenommen zu werden, muß man entweder reich sein oder als Naturforscher reisen.“ Ida Pfeiffer, *Nordlandfahrt*, bls. 64.

30 „Hier, von der Spitze des Hekla, konnte ich weit hinein in das unbewohnte Land sehen – das Bild einer erstarrten Schöpfung, tot und regungslos, und doch dabei so einzig großartig – ein Bild, das, nur einmal gesehen, nie mehr dem Gedächtnis entschwindet und dessen Erinnerung allein schon für alle ausgestandenen Beschwerden und Gefahren entschädigt!“ Sama rit, bls. 153.

31 Ina von Grumbkow, *Ísafold*, bls. 79.

32 Sama rit, bls. 43.

norður til Akureyrar, í hæsta máta undarlegar, en á þeim stóð: „Útlenskt ferðafólk. Fylgdarmaður Sigurður Sumarliðason“. ³³ Slíkar merkingar, að nefna þann sem þjónar ferðafólkinu með nafni en ekki ferðafólkið sjálft, hefðu væntanlega verið óhugsandi í Þýskalandi. Hún gerði sér brátt grein fyrir mikilvægi þess að fara að ráðum Íslendinga varðandi ferðalagið. Hún hafði t.d. haft með sér kvensöðul frá Þýskalandi sem hún hugðist nota. En eftir að hafa reynt hann í reiðferð frá Reykjavík að Esjunni tók hún mark á leiðangursstjóranum og fékk sér hnakk: „Ferðalag um Ísland á hestum sýndi mér brátt, hvílíka nauðsyn bar til þess að fylgja svo góðviljuðu ráði.“ ³⁴ Hún var því fljót að átta sig á mikilvægi þarfasta þjónsins.

Útlit Íslendinga varð Idu Pfeiffer umfjöllunarefni. Lýsingar hennar á Íslendingum eru skorinorðar: „Íbúar landsins eru kraftalega vaxnir og frekar stórir. Þeir eru ljóshærðir eða rauðbirknir og með blá augu. Karlmennirnir eru yfirleitt ljótir, konurnar skárri, já og meðal ungra stúlkna sjást stundum nokkuð falleg andlit.“ ³⁵ Og á bæ í Borgarfirði segist hún hafa hitt fegurstu mannveru, 10–12 ára gamla stúlku, sem hún hafi nokkurn tíma séð. Einni konu lýsir hún sérstaklega, sú er orðin sjötug, en lítur út fyrir að vera fimmtug, klæðist karlmannsfötum og gengur í erfiðisverkin sem karlmaður væri, rær af krafti, í einu er hún þó eftirbátur karlanna, það er í drykkjunni. Þetta er lýsing Idu Pfeiffer á hinu mikla atgervi Þuríðar formanns. ³⁶ Ina von Grumbkow lýsir sjaldan útliti Íslendinga, hún segir þó á einum stað: „nokkrir yngri meðlimir fjölskyldunnar af bænum [Svartanúpi] sem voru vaktir til þess að sinna hestunum, fylgdust þegjandi en illa til hafðir af miklum áhuga með öllu því sem við tókum okkur fyrir hendur.“ ³⁷

33 Sama rit, bls. 117.

34 Sama rit, bls. 39.

35 „Was die Bewohner Islands betrifft, so sind sie von ziemlich kräftigem, mittelgroßem Schlage. Sie haben blondes, oft ins Rötliche spielendes Haar und blaue Augen. Die Männer sind meist häßlich, die Weiber weniger, ja unter den Mädchen findet man manchmal sogar recht liebliche Gesichtchen.“ Ida Pfeiffer, *Nordlandfahrt*, bls. 66–67.

36 Sama rit, bls. 59.

37 „Einige jüngere Familienglieder der Farm, die der Pferdeversorgung wegen geweckt waren, verfolgten stumm in äußerst mangelhafter Toilette, mit großem Interesse all unsere Unternehmungen.“ Í þýðingu Haraldr Sigurðssonar er þessi kafli þýddur á eftirfarandi hátt: „Nokkrir yngri meðlimir fjölskyldunnar, sem voru vaktir til þess að annast hestana, fylgdust þegjandi og ákafir með takmarkaðri snyrtingu okkar og öllu er við tókum okkur fyrir hendur.“ Í þýðingunni virðist vera um misskilning að ræða þar sem „in äußerst mangelhafter Toilette“ á við Íslendingana.

Íslendingarnir eru að mati Idu Pfeiffer latir, óstundvísir og gráðugir³⁸; aðalástríða þeirra sé drykkjuskapurinn en því næst komi neftóbakið.³⁹ Ina von Grumbkow hafði ráðið sér fylgdarmann áður en hún fór frá Berlín og öðlast því ekki sambærilega reynslu og Ida Pfeiffer þegar til landsins er komið. Öfugt við Idu Pfeiffer nefnir Ina von Grumbkow ekki drykkjuskap eða leti fylgdarmanna sinna og því er ekki unnt að fullyrða neitt um það hvort hún upplifði nokkuð slíkt, en hún nefnir stundum að þau hafi skálað við fylgdarmenn sína. Hún tekur fram að þau hafi beðið drygklanga stund eftir samferðamönnunum, en ekki kallar hún það óstundvísi Íslendinga. Eina dyggð virðast Íslendingar þó hafa haft að mati Idu Pfeiffer, það er heiðarleikinn, en hún hrósar Íslendingum upp í hástert fyrir þann eiginleika: „Helsti eiginleiki þeirra er heiðarleikinn. – Ég gat alls staðar skilið eftir hlutina mína og verið í burtu tímunum saman – aldrei hvarf nokkur hlutur.“⁴⁰ Hún hefur orð á hversu fljótir Íslendingar séu að átta sig á hlutunum og hælir þeim fyrir að vera þokkalega vel að sér. Hún segir einnig að varla hafi hún séð nokkurn sem ekki væri í góðum og hlýlegum sokkum og skóm, og fáir illa til fara.⁴¹

Ida Pfeiffer hefur vissulega út á margt að setja, hún gagnrýnir hversu skítugt sé og hvað lyktin sé slæm og maturinn finnst henni vondur, henni mislíkar hversu mikið er notað af lýsi í hann, en bæði hún og Ina von Grumbkow eru yfir sig hrifnar af kaffinu á Íslandi og lofa það í hástert. Lýsingar þeirra á kaffinu myndu sóma sér vel á matseðlum kaffihúsa og vekja forvitni erlendra gesta.

Þegar líður að ferðalokum hjá Inu von Grumbkow er greinilegt að ferðalagið hefur aukið mjög skilning hennar á hættum íslenskrar náttúru: „Áður en ég sá Knebelvatnið og Öskju trúði ég því enn, að týndu mennirnir hefðu kannski lifað af og við gætum ef til vill fundið einhver ummerki um þá hérna.“⁴² Kvöldið sem þau náðu til

38 Ida Pfeiffer notar þýsku orðin 'träge', 'unpünktlich' og 'gierig'.

39 „Eine große Leidenschaft der Isländer ist das Trinken“; Eine zweite ihrer Hauptleidenschaften ist das Tabakschnupfen“, sama rit, bls. 168.

40 „Die vorzüglichste ihrer Eigenschaften ist die Ehrlichkeit – Ich konnte meine Sachen überall liegen lassen und stundenlang davon entfernt bleiben, – nie mangelte mir das Geringste“, sama rit, bls. 165.

41 Sama rit, bls. 78.

42 Frank Schroeder, *Hula þagnarinnar*, bls. 82.

Öskju skrifar hún: „Lengi sátum við fyrir framan tjöldin, niðursokkin í að virða þetta furðulega, fagra vatn fyrir okkur. Hve konungleg gröf er þeim báðum búin sem hvíla á botni þess.“⁴³

Ina von Grumbkow og Hans Reck ferðuðust um Ísland í ellefu vikur, fóru alls 1500 kílómetra, dvöldust á 31 tjaldstað og Ina von Grumbkow segir þá alla hafa verið fagra. Það voru um 100 vötn og ár sem þau fóru yfir, aðeins einu sinni gátu þau ekki haldið ferð sinni áfram vegna veðurs og einungis ein jökulsá reyndist ófær.

Í ferðalok hafði Ina von Grumbkow kynnst íslenskri náttúru og öðlast skilning á aðstæðum og því ef til vill sætt sig við að fá aldrei svar við gátunni:

Gátan, sem við reyndum að ráða á mannlega vísu, er enn óleyst, og að jarðneskum hætti verður spurningunni ‘hvernig’ og ‘hvers vegna’ slysið í Öskju bar að höndum hinn 10. júlí 1907 aldrei svarað. Þegar takmörkuðum skilningi er náð, verðum við að láta okkur lynda að hafa fundið þyt eilífðarinnar. Efnisleifa höfum við leitað árangurslaust, en við höfum fundið að fyrir okkar mannlegu sjónum eru þær aðeins umbúðir lífsins. Hið sanna líf kemur og hverfur ekki með efninu. Endurskin guðlegra sanninda er eilíft.⁴⁴

Ferð Inu von Grumbkow nær ekki tilgangi sínum að því leyti að ekki tókst að leysa gátu Öskjuslyssins, en hún kveður landið sáttari þar sem hún hefur kynnst aðstæðum. Vonbrigði Idu Pfeiffer yfir móttökum embættismannastéttarinnar og heldra fólksins skjóta sífellt upp kollinum í lýsingum hennar. Sú reynsla setur mikinn svip á ferðalagið. Hún hefur greinilega átt von á því að hún, nokkuð þekktur landkönnuður, ætti greiðan aðgang að samfélagi heldra fólksins. Stéttaskiptingin í föðurlandi hennar stendur henni vafalaust fyrir þrifum og vonbrigðin yfir að samlagast ekki heldra fólkinu litar upplifun hennar. Forvitni hennar og áhugi á lífi alþýðufólksins beindist að híbýlum og lifnaðarháttum þess, hún tengist því engum böndum og hafði lítil sem engin samskipti við það. Ina von Grumbkow skrifaði hins vegar Sigurði fylgdarmanni sínum jólakveðjur og til er bréf frá árinu 1927 frá Inu, þá ekki

43 Ina von Grumbkow, *Ísafold*, bls. 156.

44 Sama rit, bls. 206.

lengur von Grumbkow heldur Reck, en þau Hans Reck gengu í hjónaband, þar sem hún skrifar: „Berðu [...] kveðju okkar öllum þeim Íslendingum sem við kynntumst. Segið þeim að jafnvel þótt leiðir okkar liggi ekki framar til Íslands, þá munum við aldrei gleyma eylandinu þínu stóra og fagra.“⁴⁵ Svo jákvæð ummæli viðhefur Ida Pfeiffer ekki. Þegar hún hafði ferðast um og séð það af landinu sem hún hugðist sjá, hóf hún strax að leita leiða til að komast úr landi. Ekki þáði hún þó skipspláss hjá Knudson til Kaupmannahafnar, en hún kom siglandi með skipi hans til landsins. Á heimleiðinni hugðist hún skoða Noreg og Svíþjóð, þar sem hún var komin á norðurslóðir, og því beið hún betra tækifæris. Hún beið í fjórar „langar“ vikur í Reykjavík til að komast í skip og sigldi loks burt þann 29. júlí. Henni reyndist ekki erfitt að kveðja landið. Ida Pfeiffer nefnir enga Íslendinga sem hún muni sakna. Hún kynnist ekki mörgum á Íslandi og tekur fram við ferðalok að það séu einungis Bernhöftsfjölskyldan og herra Knudson sem hún muni sakna, það góða sem hún hafi upplifað eigi hún þeim að þakka.⁴⁶ Ida Pfeiffer er nokkuð dómhörð og kærir sig ekki um að aðlagast aðstæðum íslensks alþýðufólks, hún gisti oft í kirkjum þar sem hún gat ekki hugsað sér að þiggja gistirými hjá fólki sem var tilbúið að ganga úr rúmi fyrir hana, henni fundust óhreinindin svo mikil og afþakkaði því gestrisni Íslendinga. Hún greinir frá presti, Herr Horfuson (séra Jón Torfason) við Rangá, þar sem hún fékk góða gistingu og þegar hún kvaddi hann gaf hann henni marga fallega steina og íslenska bók frá árinu 1601. Hann lofar hún upp í hástert án þess að taka fram hvaða mál þau töluðu.⁴⁷ Staðreyndin er þó sú að Ida Pfeiffer yfirgefur Ísland mjög vonsvikin.

4. Viðbrögð við ferðalýsingum Idu Pfeiffer og Inu von Grumbkow

Viðbrögð við ferðalýsingum Idu Pfeiffer og Inu von Grumbkow eru afar misjöfn og þeim hefur verið misvel tekið. Íslendingar urðu t.d.

45 Haraldur Sigurðsson, *Íslandsferð Inu von Grumbkow*, bls. 81.

46 Ida Pfeiffer, *Nordlandsfabrt*, bls. 173.

47 Sama rit, bls. 156.

ekki ýkja hrifnir af lýsingum Idu Pfeiffer á landi og þjóð eins og skrif Þorvalds Thoroddsens eru glöggt dæmi um:

[E]n svo kom þýzk kona, sem víða hafði farið um lönd, til Íslands 1845, hún hét *Ida Pfeiffer*. Hún ferðaðist vanalegar leiðir til Heklu og Surtshellis og er bók hennar mjög illorð og léleg og lýsir önnuglyndi og vondu skapi. Frú Pfeiffer var ein síns liðs, kunni ekkert í málinu og gat illa gert sig skiljanlega: [...] Hún segir, að Íslendingar séu ógestristnir, óráðvandar, ágjarnir og óþrifnari en nokkrir Skrálingar, þeir séu þess utan svo ógurlega latir, að þeir vilji ekkert vinna, [...] ⁴⁸

Þessi dómur Þorvalds Thoroddsens hefur án efa haft mikil áhrif á skoðun Íslendinga á frásögn Idu Pfeiffer, en þar sem bókin hefur ekki enn verið þýdd á íslensku geta einungis þeir sem hafa þýsku á valdi sínu kynnt sér lýsingar hennar. Stutt endursögn Jóns Helgasonar frá árinu 1945 kemur einungis örlitlu af lýsingum hennar á framfæri. Allt annað er uppi á teningnum með rit Inu von Grumbkow sem þýtt var á íslensku, þó ekki væri það fyrr en árið 1982, og einnig eru til þýðingar á bréfum hennar til Íslendinga. Þá hefur einnig verið þýtt verk þýska blaðamannsins Franks Schroeders, sem fetaði í fótspor Inu von Grumbkow 86 árum eftir ferð hennar, eða árið 1995. Hann reyndi að komast að því hver Ina von Grumbkow var og fór á stúfana í leit að einhverju sem gæti gefið gleggri mynd af persónu hennar. Frank Schroeder leitaði fyrst uppi staði í Berlín þar sem hann gæti átt von á að finna upplýsingar sem skýrt gætu hvarf Walters von Knebels og líf Inu von Grumbkow. Hann hélt áfram að rekja slóð Inu von Grumbkow og fór til Íslands. Hann heimsótti sömu staðina og hún hafði lýst, tók fram teikningar hennar og leitaði upp staði og fólk sem varpað gæti ljósi á hana. Verkið *Die Eisumschlungene. Spurensuche in Island* sem komið hefur út í íslenskri þýðingu Sigurjónu Scheving og ber titilinn *Hula þagnarinnar. Myndbrot frá Íslandsferð* er afrakstur leitarinnar að Inu og ferðalagsins um Ísland. Þessar útgáfur sýna lifandi áhuga á ferðum Inu von Grumbkow um Ísland.

48 Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands. Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og nannsóknir, fyrr og síðar*, IV. bindi, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafjelag, 1904, bls. 112–113.

5. Að lokum

Þegar ferðalýsingar Idu Pfeiffer og Inu von Grumbkow eru bornar saman kemur í ljós að þær bera mjög sterk einkenni höfunda sinna. Ina von Grumbkow ritar mjög persónulegan texta og notar óspart lýsingarorð eins og ‘elskulegur’, ‘hjálpægur’ og ‘kærkominn’ þegar hún fjallar um Íslendinga sem aðstoðuðu hana. Samskipti Idu Pfeiffer við Íslendinga einkennast hins vegar af því að hún vill fá þjónustu og aðstoð við ferðalagið, hún nefnir t.d. ekki fylgdarmenn sína með nafni, einungis segir hún „man zeigte mir“⁴⁹ (‘mér var sýnt’) eða „wie mein Führer behauptet hatte“⁵⁰ (‘eins og fylgdarmaður minn hafði fullyrt’). Ida Pfeiffer er óvægin í orðavali sínu og texti hennar er ópersónulegri en ekki verður framhjá því litið að í verki hennar eru mjög nákvæmar og greinargóðar lýsingar á því sem fyrir augu bar. Lýsingar hennar eru ítarlegri og viðameiri en lýsingar Inu von Grumbkow.

Ida Pfeiffer upplifði hér á landi aðstæður sem hún hafði ef til vill ekki kynnst í heimalandi sínu. Hefði hún litið inn í kotin uppi í austurrísku fjöllumum hefði hún líklega ekki verið eins gagnrýnin á íslenskt alþýðufólk og aðstæður þess. Henni fannst sér ekki sýndur nægilegur sómi hér af stétt heldri manna og það setur mjög svip sinn á ferð hennar og ferðabók að Íslendingar fara að hennar mati í manngreinarálit við gesti sem komu til landsins. Hún var hvorki fræg né rík og féll því ekki í kramið. Hún hefur haft trú á meðmæla-bréfunum sem hún hafði meðferðis frá Austurríki og ekki verið búin undir þá erfiðu ferð sem hún lagði í. Ida Pfeiffer hefur vanmetið aðstæður hér og reitt sig á að fá aðstoð. Ekki verður annað sagt en Ida Pfeiffer hafi sjálf farið í manngreinarálit, verið snobbuð – hún þáði ekki húsaskjól eða máltíðir alþýðufólksins, henni þóttu óhreinindin of mikil og leit niður á alþýðufólk. Upplifun Inu von Grumbkow á ferðalaginu er ekki alltaf auðvelt að bera saman við reynslu Idu Pfeiffer. Ina von Grumbkow ferðast ekki ein, hún hafði komið vel útbúin til hálendisferða og ferðaðist mikið utan alfaraleiða. Það kemur á óvart hversu útbúnaði Idu Pfeiffer var ábótavant, hún sem

49 Ida Pfeiffer, *Nordlandfabrt*, bls. 131.

50 Sama rit, bls. 156.

alvön var að kanna lönd kom illa útbúin til ferðalaga, hafði ekki tjald, teppi og hlýjan fatnað meðferðis og hefur ekki getað keypt sér það. Baslið, kvefið og vosbúðin setti mark sitt á ferðina. Hún tekur fram að ferðalagið á Íslandi sé það erfiðasta sem hún hafi reynt, ferðir hennar í Austurlöndum hafi t.d. ekki verið eins mikil þolraun. Ida Pfeiffer telur Íslendinga mjög fégráðuga. Þegar til Noregs var komið tekur hún sérstaklega fram að allt fólk sem hún kaupir ekki þjónustu af sé ljúft og gott, einungis hjá þeim sem veiti þjónustu finni hún fyrir fégræðgi. Þennan greinarmun gerir hún ekki á samskiptum sínum við Íslendinga enda erfitt þar sem hún kynntist þeim ekki. Idu Pfeiffer finnst erfitt að setta sig við agaleysi, óstundvísi og drykkjuskap þeirra sem hún ræður sem fylgdarmenn á Íslandi. Þetta er reynsla sem hún hefur ekki upplifað áður.

Af ferðalýsingunum tveimur að dæma mætti draga þá ályktun að Íslendingar hefðu breyst mjög á þeim tíma sem leið á milli ferðanna veggja. Slíkt er þó harla ólíklegt. Þótt 63 ár líði á milli ferðanna eru þær um margt líkar þar sem íslenskt þjóðfélag og atvinnuhættir höfðu ekki gerbreyst á þessum tíma, þótt vissulega hafi þjóðfélagið tekið breytingum. Konurnar ferðast t.d. um á hestum en vert er að benda á að Ida Pfeiffer ferðaðist einungis um Suðurland, Ina von Grumbkow kynntist hins vegar einnig Norðlendingum. Framkoma Idu Pfeiffer og Inu von Grumbkow við Íslendinga hefur áreiðanlega verið mjög ólík og endurspeglar ólíka persónuleika þeirra. Ida Pfeiffer var tilætlunarsöm og kannski nokkuð nísk, ótrúlega illa undirbúin til ferðalaga af reyndum landkönnuði að vera, en Ina von Grumbkow þakklát og jákvæð í garð Íslendinga. Hafi Inu von Grumbkow mislíkað eitthvað hefur hún ekki orð á því. Það sem Ina von Grumbkow og Ida Pfeiffer eiga sameiginlegt eftir ferðina til Íslands eru vonbrigði. Ida Pfeiffer varð fyrir vonbrigðum með margt í fari Íslendinga og hversu erfið ferðin reyndist henni og hvað henni var illa tekið af stétt heldri manna. Hún er engu að síður ánægð með að hafa upplifað einstaka íslenska náttúru. Ina von Grumbkow varð einnig fyrir vonbrigðum en á allt annan hátt. Ferðalagið sannfærði hana um að dauða unnusta hennar gæti hafa borið að við Öskju eins og almennt var talið, hún kynnist íslenskri náttúru og hættum hennar. Þessi miklu vonbrigði hafa ekki áhrif á viðhorf hennar til Íslendinga.

Það er umhugsunarefni hvort Íslendingar hafi tekið öðruvísi og þá betur á móti Inu von Grumbkow en Idu Pfeiffer þar sem sú fyrrnefnda kom í kjölfar Öskjuslyssins með styrk frá prússnesku vísindaakademíunni og í fylgd með þýskum vísindamanni. Voru fleiri reiðubúnir að greiða götu Inu von Grumbkow, sýna henni vinsemi og hlýlegt viðmót en Idu Pfeiffer, sem kemur eins síns liðs, ekki með mikla fjármuni og virðist ganga út frá því að vera þekkt fyrir könnunarferðir sínar? Margir greiddu götu Inu von Grumbkow. Nægir þar að benda á frú Zoëga á Hótel Reykjavík, sem tók á móti henni af mikilli hlýju, þýska ræðismanninn, Björn Runólfsson bónda í Holti sem fylgdi henni í Laka og Árna prófast í Mývatnsveit sem fyrir alla muni vildi útvega sérstakan fylgdarmann í Herðubreiðarlindir. Ida Pfeiffer nefnir einungis Bernhöftsfjölskylduna og Knudson fyrir utan séra Torfason sem dæmi um fólk sem hafi tekið henni vel.

Ferðabækur Inu von Grumbkow og Idu Pfeiffer eiga erindi við Íslendinga. Þær geta nýst vel í menningartengdri ferðabjónustu, þar sem í æ ríkara mæli er kappkostað að tengja sögu og menningu gestanna við áfangastaði í landinu sem heimsótt er. Frásagnir Inu von Grumbkow og Idu Pfeiffer gefa okkur einnig tækifæri til að hugleiða sjálfsmynd okkar. Viðbrögð Íslendinga við gagnrýni Idu Pfeiffer hafa oftast verið á einn veg, lítið tillit hefur verið tekið til hennar, hún var í raun litin hornauga og kölluð öfluglynda frúin frá Vínarborg. Af lýsingum Inu von Grumbkow er aðra sögu að segja, ferðabók hennar hefur sérstöðu meðal íslenskra ferðalýsinga erlendra gesta. Fáir hafa farið eins fallegum orðum um land og þjóð og Ina von Grumbkow gerði og ferðabók hennar hefur öðlast ákveðinn heiðursess í hugum Íslendinga. Það er því ekki unnt að útiloka að Íslendingar hafi fremur viljað halda á lofti jákvæðum og fögrum lýsingum Inu von Grumbkow en óvægnum en hreinskiptum lýsingum Idu Pfeiffer. Voru Íslendingar ekki forvitnari en svo um fyrri tíð að þeir vildu ekki lesa lýsingar Idu Pfeiffer á reynslu hennar samfara því að kynnast því sem henni þótti framandi eða miður í fari þeirra? Þessu má velta upp við umfjöllun um ímynd Íslands og sjálfsmynd Íslendinga. Sú umræða hefur einkennst af því að leggja meiri áherslu á og halda á lofti lofsamlegum lýsingum en því að brjóta gagnrýni og aðfinnslufni til mergjar. Gátu Íslendingar ekki

litið á lýsingar Idu Pfeiffer og vegið og metið hvað var rangt og hvað rétt í þeim og hvaða ályktanir mætti draga af reynslu hennar hér á landi? Lýsingar Idu Pfeiffer eiga erindi við Íslendinga rétt eins og *Ísafold* Inu von Grumbkow átti erindi við íslenska lesendur 74 árum eftir að hún ferðaðist um landið, en íslensk þýðing á *Nordlandfabri* Idu Pfeiffer, sem skrifuð var fyrir næstum 170 árum, lætur ekki á sér bóla. Ólíkar raddir Idu Pfeiffer og Inu von Grumbkow geta verið innblástur í menningartengdri ferðaþjónustu og þyrftu að heyrast í umræðunni um ímynd lands og þjóðar.

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er fjallað um ferðalýsingar tveggja þýskumælandi kvenna, hinnar þýsku Inu von Grumbkow og hinnar austurrísku Idu Pfeiffer. Ida Pfeiffer ferðaðist um Ísland árið 1845 og skrifaði bókina *Nordlandfabrt. Eine Reise nach Skandinavien und Island im Jahre 1845* að loknu ferðalaginu. Ina von Grumbkow kom til Íslands árið 1908, ári eftir að unnusti hennar Walther von Knebel og vinur hans Max Rudloff fórust í rannsóknarleiðangri í slysi í Öskjuvatni, til að leita ummerkja um afdrif unnusta síns. Bók hennar *Ísafold. Bilder einer Islandreise* kom út árið 1909 og hefur verið þýdd á íslensku. Í greininni er fjallað um lýsingar þeirra Inu von Grumbkow og Idu Pfeiffer á aðstæðum á Íslandi, lifnaðarháttum Íslendinga, húsakynnum og náttúru landsins eins og það kemur þeim fyrir sjónir. Einnig er fjallað stuttlega um viðbrögð Íslendinga við ólíkum lýsingum þeirra Idu Pfeiffer og Inu von Grumbkow og mikilvægi slíkra ferðalýsinga í menningartengdri ferðabjónustu.

Lykilorð: Ida Pfeiffer, Ina von Grumbkow, menningartengd ferðabjónusta, ferðalýsingar á þýsku

ABSTRACT

In the Tracks of Travellers
The Travelogues of Ida Pfeiffer
and Ina von Grumbkow

This article deals with the travel books of two women who travelled around Iceland and wrote about their journeys, the German Ina von Grumbkow and the Austrian explorer Ida Pfeiffer. Pfeiffer visited Iceland in 1845 and wrote her observations in *Nordlandfabrt. Eine Reise nach Skandinavien und Island im Jahre 1845*. Von Grumbkow travelled around Iceland in 1908 after her fiancée, the German scientist Walther von Knebel, and his friend the painter Max Rudloff disappeared without a trace on their expedition in Iceland in 1907. Von Grumbkow did not believe the explorers could vanish without a trace and therefore went to Iceland to search for them or some evidence on their disappearance. After her journey she wrote the book *Ísafold. Bilder einer Islandreise*. This article focuses on the experience of Pfeiffer and von Grumbkow in Iceland and their descriptions of Icelandic nature and of the islanders and their culture. The advantages of travelogues in cultural tourism are also discussed.

Keywords: Travel literature on Iceland, Ida Pfeiffer, Ina von Grumbkow, cultural tourism

Uno studio critico sulle *Lezioni americane* di Calvino¹

1. Introduzione

AGore Vidal si deve la “nascita” della fama di Italo Calvino negli Stati Uniti. Lo stesso Calvino lo aveva dichiarato in un’intervista rilasciata nel 1984: “Negli Stati Uniti [...] il mio nome si afferma [...] grazie a qualche importante *opinion maker* letterario (come Gore Vidal: si può dire sia stato lui a lanciarmi)”.² Gore Vidal è anche colui che, in un celebre articolo uscito pochi mesi dopo la morte (1985) dello scrittore italiano,³ racconta le ultime fasi dell’agonia di Calvino (che fu colpito da emorragia cerebrale il 6 settembre 1985 e morì per le conseguenze della stessa il 19 settembre successivo), ma soprattutto “fotografa” quella che fu la percezione della sua morte in Italia:

in Italia, ogni giorno per due settimane, furono pubblicati i bollettini dell’ospedale di Siena, e all’improvviso l’intera nazione era unita nella sua stima non solo per un grande scrittore ma per qualcuno che raggiungeva non soltanto gli scolari delle scuole elementari attraverso le sue collezioni

1 Questo articolo è rivolto ad un pubblico islandese, e questo spiega l’abbondanza di precisazioni biografiche su Calvino e l’abbondanza di precisazioni su altri personaggi e fatti della recente storia e storia letteraria italiana.

2 Italo Calvino, *Eremita a Parigi. Pagine autobiografiche*, Milano: Mondadori, 1994, p. 196.

3 “Gli italiani erano fieri d’aver generato uno scrittore di livello mondiale la cui reputazione americana iniziò, se lo posso dire, poiché nessun altro lo farà, dal 30 Maggio 1974, quando io descrissi uno dei suoi romanzi su *The New York Review of Books*.”, Gore Vidal, *United States, Essays 1952–1992*, New York: Random House, 1993, p. 497. Già in “*The New York Review of Books*”, 21 novembre 1985.

di racconti popolari e favole, ma anche, una volta o l'altra, tutti coloro che leggono.⁴

La morte di Calvino non colpisce solo il suo paese d'origine. Per Vidal è tutto il continente ad esserne fortemente impressionato: "L'Europa considerava la morte di Calvino come una calamità per la cultura."⁵ Nel momento della morte, in effetti, la fama di Italo Calvino è già andata oltre quella del narratore di successo tradotto in cinque continenti. Calvino è ormai anche uno degli intellettuali più affermati nella cultura del suo tempo.

Sempre per sottolineare quanto la popolarità di Calvino fosse vasta, Vidal scrive che fino al 1985, "fatta eccezione per l'Inghilterra, Calvino era letto ovunque fossero letti i libri."⁶ Questo è senz'altro vero anche se guardiamo alla diffusione del Calvino teorico. Infatti, il volume che fino al 1985 rappresenta la "summa" del pensiero calviniano sulla letteratura e sulla società, *Una pietra sopra* (1980)⁷, all'epoca in cui Vidal scrive è tradotto in spagnolo (*Punto y aparte: ensayos sobre literatura y sociedad*, 1983⁸), francese (*La machine littérature: essais*, 1984⁹) e tedesco (*Kybernetik und Gespenster: Überlegungen zu Literatur und Gesellschaft*, 1984¹⁰), ma uscirà in inglese solo nel 1986, un anno dopo la morte del suo autore (*The Uses of Literature*, 1986¹¹).

L'ultimo saggio sulla letteratura di Calvino sono le *Lezioni americane. Sei proposte per il prossimo millennio* (1988). Nell'anno accademico 1985–1986 Calvino avrebbe dovuto tenere un ciclo di lezioni alla Harvard University, nell'ambito delle prestigiose *Charles Eliot*

4 Ibid, p. 498.

5 Ibid, p. 498.

6 Ibid, p. 497.

7 L'altra opera saggistica di Calvino raccolta in volume, *Collezione di sabbia* (1984), è una serie di testi composti da pagine "d'occasione", come Calvino scrisse nella sua stessa presentazione (anonima) per la quarta di copertina, in occasione dell'uscita del libro per Garzanti.

8 <http://catalogo.bne.es/uhtbin/cgisirsi/syyGh5hNLT/BNMADRID/86015550/9> (consultato il 10 giugno 2011).

9 http://0-www.worldcat.org.patris.apu.edu/title/machine-litterature-essais/oclc/11121399?referer=list_view (consultato il 10 giugno 2011).

10 <http://www.worldcat.org/title/kybernetik-und-gespenster-uberlegungen-zu-literatur-und-gesellschaft/oclc/046153319> (consultato il 10 giugno 2011).

11 <http://copac.ac.uk/search?rn=4&au=Calvino&ti=The+literature+machine> (consultato il 10 giugno 2011).

Norton Poetry Lectures, affidate per la prima volta a un italiano. Il dattiloscritto delle *Lezioni americane* (lezioni mai tenute da Calvino, prematuramente scomparso poco prima di partire per gli Stati Uniti), è stato raccolto dalla moglie Esther e pubblicato in volume (con il titolo sopra citato), con pochissime modifiche rispetto all'originale, tre anni dopo la scomparsa dello scrittore. Le *Lezioni americane* sono quindi l'ultima opera a cui Calvino si è dedicato nel corso della sua vita e la prima opera inedita uscita dopo la sua morte.

Calvino lavora alacremente alla composizione dei saggi sulla letteratura destinati al pubblico di studenti e accademici di Harvard, con un impegno che, come riferisce la moglie, era diventato addirittura ossessivo¹². Secondo Eugenio Scalfari¹³, amico di Calvino dai tempi del liceo, “la sensazione è che, al termine della vita, Calvino abbia prodotto il suo capolavoro [...] un capolavoro sopra il quale è morto (credo che quest'ipotesi sia molto probabile dal punto di vista clinico e sia certissimamente esatta dal punto di vista artistico e creativo) per lo sforzo immane di concentrazione cui si è sottoposto per produrlo.”¹⁴ È probabile che queste parole, usate proprio in occasione dell'uscita delle *Lezioni americane* in volume, siano state scritte sull'onda di un'emozione che nell'amico d'infanzia di Calvino non si era ancora sopita, oppure che si era ravvivata proprio nel rileggere le ultime pagine dello scrittore, a tre anni dalla sua morte. È anche questa una testimonianza dell'emotività che il nome di Calvino era in grado di sollecitare, pure a distanza di anni dalla scomparsa.

In Italia, nel solo 1988, *Lezioni americane* esce in ben otto edizioni. Nello stesso anno (anzi, pochi mesi prima della prima edizione in italiano), il volume esce anche in inglese per la Harvard University Press, con il titolo *Six Memos for the Next Millennium*. Il successo delle *Lezioni americane* è planetario: escludendo le edizioni italiane del volume, *Lezioni americane*, tra il 1988 e il 2009 esce in

12 Premessa di Esther Calvino a Italo Calvino, *Lezioni americane*, Milano: Garzanti, 1988.

13 Eugenio Scalfari (1924) è stato il fondatore (1976) de *La Repubblica*, oggi uno dei due più importanti quotidiani italiani, e lo ha diretto dall'anno della fondazione al 1996.

14 Eugenio Scalfari, “E una sera Calvino sulle ali di Mercurio ...”, 2 giugno 1988, www.repubblica.it.

almeno diciassette lingue e in almeno 37 edizioni¹⁵. La prima edizione in francese è del 1989, quelle in tedesco e in olandese del 1991, quelle in spagnolo e in norvegese¹⁶ del 1992, e poi verranno via via tutte le altre, in catalano, danese, finlandese, galiziano, polacco, portoghese, sloveno¹⁷, ceco¹⁸, giapponese¹⁹, norvegese, olandese²⁰, svedese²¹, turco²². *Lezioni americane* è oggi uno dei saggi più letti nel mondo, a partire dagli anni immediatamente successivi alla sua uscita; lo si adotta comunemente nell'ambito di programmi e corsi universitari, come si vedrà più in dettaglio, e costituisce fonte di ispirazione anche per chi opera in campi di interesse non specificamente letterari²³.

Questo successo si potrebbe spiegare, semplicemente e ovviamente, con il fatto che si tratta di un bel libro, anzi, di un ottimo libro, il quale, pur affrontando un tema impegnativo, come quello relativo alla funzione e al destino della letteratura, è facilmente fruibile anche da non specialisti. Come scrive Vidal: “un grande scrittore [...] che raggiungeva [...] tutti coloro che leggono.”²⁴ Forse questo è persino *troppo* vero, come si vedrà. Tuttavia, in questo articolo mi propongo di fare alcune osservazioni sul libro e sulla sua fortuna, osservazioni che – lo premetto – non sono in armonia con la vulgata critica che sul libro è andata formandosi nell'ultimo quar-

15 http://www.worldcat.org/title/six-memos-for-the-next-millennium/oclc/16833530/editions?cookie=&start_edition=1&sd=desc&se=yr&referer=di&qt=show_more_In%3A&editonsView=true&fq=&fc=ln%3A_25 (consultato il 10 giugno 2011).

16 <http://ask.bibsys.no/ask/action/show?pid=921458932&kid=biblio> (consultato il 12 giugno 2011).

17 http://www.worldcat.org/title/six-memos-for-the-next-millennium/oclc/16833530/editions?cookie=&start_edition=1&sd=desc&se=yr&referer=di&qt=show_more_In%3A&editonsView=true&fq=&fc=ln%3A_25 (consultato il 12 giugno 2011).

18 http://aleph.nkp.cz/F/9SQE4Y214LBR57N2HYI2KUNUN1TS4J5VGR81TIQMKYVPPH9VG7-41953?func=full-set-set&set_number=018306&set_entry=000002&format=999 (consultato il 12 giugno 2011).

19 http://triton.lib.toyo.ac.jp/opac/servlet/opac.OpacLocalDetailServlet?ACTION_TYPE=local_book&INDEX=25&SLV=10 (consultato il 12 giugno 2011).

20 http://www.worldcat.org/title/zes-memos-voor-het-volgende-millennium-de-charles-eliot-norton-lezingen-1985-1986/oclc/65659247&referer=brief_results (consultato il 12 giugno 2011).

21 <http://libris.kb.se/bib/7247808> (consultato il 12 giugno 2011).

22 http://www.worldcat.org/title/amerika-dersleri-gelecek-binyil-icin-alt-oneri-lezioni-amicane-sei-proposte-per-il-prossimo-millennio/oclc/283055084&referer=brief_results (consultato il 12 giugno 2011).

23 Vedere l'appendice 1 di questo articolo.

24 Gore Vidal, *United States. Essays 1952–1992*, p. 498.

to di secolo. Ma prima di entrare nel merito di tali osservazioni, è opportuno ripercorrere alcune tappe relative alla formazione culturale di Calvino e alla sua precedente produzione saggistica.

2. Formazione

Nel 1942, a Sanremo, dove vive con la famiglia, Calvino consegue la licenza liceale senza dare l'esame di maturità, perché all'epoca gli esami di maturità sono sospesi a causa della guerra. Dei tempi del liceo Calvino ricorda, tra le altre cose, la propria scarsa propensione allo studio ("Ho frequentato il ginnasio e il liceo senza risultati troppo brillanti, tranne che per l'italiano, materia in cui riuscivo facilmente".²⁵). Dopo il liceo non si iscrive subito a Lettere, perché quel tipo di facoltà non sembra offrire sbocchi professionali particolarmente attraenti: "l'unica cosa che sapevo di quella facoltà è che la sceglieva chi voleva diventare insegnante di scuole secondarie, un avvenire che non esercitava su di me nessuna attrattiva."²⁶ La prima facoltà universitaria a cui si iscrive è allora agraria, a Torino (1942), anche per ragioni "d'opportunismo familiare"²⁷, dato che il padre, agronomo, vi aveva insegnato fino a pochi anni prima. Al liceo, Calvino conosce Eugenio Scalfari, con il quale instaura una grande amicizia. Nel periodo in cui Calvino è iscritto ad agraria, Scalfari frequenta l'Università a Roma e durante le vacanze torna a Sanremo. È proprio lui che desta in Calvino l'interesse per la lotta politica e ne orienta le prime letture (Huizinga, Montale, Vittorini, Pisacane)²⁸. È solo dopo la Liberazione (1945) che Calvino, già entrato in contatto con il mondo del giornalismo e degli ambienti letterari, decide di iscriversi a lettere: "Mi ero iscritto alla facoltà di lettere, a Torino, direttamente al terz'anno, date le facilitazioni per i reduci. Diedi tutti gli esami dei quattro anni durante il '46, e presi anche qualche buon voto. Nel '47 mi laureai con una tesi sull'intera opera di Joseph Conrad."²⁹ La carriera universitaria di Calvino alla facoltà

25 Italo Calvino, *Eremita a Parigi*, p. 186.

26 Ibid, p. 186.

27 Ibid, p. 187.

28 Ibid, p. 15.

29 Ibid, p. 21.

di Lettere dura in tutto poco più di un anno, quindi. In diverse occasioni lo scrittore riconosce di aver frequentato le aule universitarie in modo insufficiente e del tutto superficiale: “a dire il vero ho frequentato poco la nuova facoltà perché ero troppo impaziente di partecipare alla vita culturale e politica.”³⁰ Il rammarico di Calvino talvolta affiora, nei ricordi, anche se compensato dal fatto che i suoi interessi, in quel periodo, erano soprattutto altri: “Ho fatto l’università troppo in fretta, e me ne pento; ma allora avevo la testa ad altro: alla politica [...] e non me ne pento; al giornalismo [...] alla letteratura creativa”.³¹ La formazione di Calvino è estranea all’ambiente accademico. In *Nota biografica obiettiva*, uno scritto autobiografico in terza persona, egli scrive, parlando di se stesso: “Si può [...] dire che la sua formazione avvenne interamente fuori dalle aule universitarie, in quegli anni tra la Liberazione e il 1950, discutendo, scoprendo nuovi amici e maestri, accettando incarichi di lavoro precari e occasionali, nel clima di povertà e di iniziative febbrili del momento.”³² In effetti Torino, nel dopoguerra, diventa uno dei centri italiani di maggior rilevanza politica (specie per la presenza di una forte sinistra comunista) e culturale. Proprio nel 1945, in quella città nasce anche un periodico, *Il Politecnico*³³, al quale Calvino collabora, in questo periodo che lo vede esordire anche come narratore. Inoltre, sempre a partire dal 1945, Calvino comincia a gravitare attorno alla casa editrice torinese Einaudi e, soprattutto dal ’46, entra in rapporti più stretti con Cesare Pavese (1908–1950), direttore della casa editrice e scrittore già affermato, che di fatto Calvino considererà, più che un “maestro”, quasi un iniziatore della propria attività di scrittore, colui che, tra l’altro, nel corso di passeggiate ed escursioni apre al discepolo gli occhi sulla città e sulla vita:

30 Ibid, p. 187.

31 Ibid, pp. 21–22.

32 Ibid, p. 134.

33 La rivista, nata praticamente “dentro” il PCI, avrà, nei suoi due anni di vita, un rapporto conflittuale con il partito. In particolare proprio il suo direttore, Elio Vittorini (1908–1966), soprattutto nella famosa *Lettera a Togliatti* (1946), ma anche in altri articoli, rivendicherà – fino alla chiusura avvenuta nel 1947 per il taglio dei fondi da parte della dirigenza del partito comunista stesso di Palmiro Togliatti – l’autonomia e la non subordinazione dell’arte e della cultura alla politica.

Posso dire che per me, e per altri che lo conobbero e lo frequentarono, l'insegnamento di Torino ha coinciso in larga parte con l'insegnamento di Pavese. La mia vita torinese porta tutta il suo segno; ogni pagina che scrivevo era lui il primo a leggerla; un mestiere fu lui a darmelo immettendomi in quella attività editoriale per cui Torino è oggi ancora un centro culturale d'importanza più che nazionale; fu lui, infine, che m'insegnò a vedere la sua città, a gustarne le sottili bellezze, passeggiando per i corsi e le colline.³⁴

Di fatto, Pavese e gli altri intellettuali che gravitano attorno alla Einaudi, ad esempio Elio Vittorini (1908–1966) e poi lo stesso Giulio Einaudi (1912–1999), il filosofo cattolico Felice Balbo (1913–1964) sono i veri formatori dello scrittore, come egli stesso conferma: “L'ambiente della casa editrice torinese, caratterizzato dalla preponderanza degli storici e dei filosofi sui letterati e gli scrittori, e dalla continua discussione tra diversi sostenitori di diverse tendenze politiche e ideologiche, fu fondamentale per la formazione del giovane Calvino”.³⁵ Quelli che vanno dal 1945 al 1950 sono gli anni che coincidono con un momento importante nella storia dell'Italia post-fascista. Il dibattito sull'autonomia dell'arte e sull'impegno dell'artista, cruciale in quel periodo, lascerà tracce per così dire indelebili in Calvino (“così prese forma quel mondo poetico dal quale bene o male non mi sono più discostato di molto.”³⁶), sia nel Calvino narratore sia nel Calvino teorico:


99 Nell'appendice 1 a questo articolo sono riportati alcuni siti italiani a testimonianza dell'uso della retorica che le *Lezioni americane* hanno innescato nei campi e nelle discipline più disparate.

100 Claudio Giunta, *Le «Lezioni americane» di Calvino*, p. 664.

101 Italo Calvino, *Saggi 1945–1985*, a cura di Mario Barenghi, Milano: Meridiani Mondadori, (tomo primo), 1995, p. 3035–3042.

quella diretta da Giulio Ferroni (1991)¹⁰² e in quella diretta da Enrico Malato (2000),¹⁰³ Calvino è l'ultimo autore cui viene dedicato un capitolo monografico; in quella diretta da Ugo Dotti (2007), Calvino conclude di fatto il Novecento,¹⁰⁴ poiché a Sciascia, l'ultimo autore in assoluto, viene dedicata poco più di mezza pagina (contro le tre di Calvino, che lo precede) e l'autore siciliano viene introdotto così: "Su un piano minore possiamo accostare a Calvino Leonardo Sciascia".¹⁰⁵ E l'opera di Calvino, ovviamente, si conclude con le *Lezioni americane*, che, come rileva Giunta, "è l'ultimo tra i classici del canone, tant'è vero che chiude anche l'ultimo volume delle *Opere* della *Letteratura Italiana* Einaudi, unico saggio del secondo Novecento ad esservi incluso."¹⁰⁶ Quanto alle università, è sufficiente effettuare una ricerca in rete, neppure troppo approfondita, per trovare una quantità di facoltà universitarie che, per i loro corsi e programmi di laurea o post laurea, adottano le *Lezioni* di Calvino.¹⁰⁷

L'attenzione degli specialisti dimostrata nei confronti delle *Lezioni americane* va di pari passo con un approccio al discorso sulla letteratura fuorviante. Fuorviante perché, come si è cercato di dimostrare commentando proprio le *Lezioni americane*, mette in secondo piano il valore delle conoscenze e delle competenze specifiche. Il fatto grave è che tale approccio ha preso piede anche in quei luoghi che dovrebbero essere deputati al mantenimento di tali conoscenze e competenze, cioè le scuole e le università. Questo nonostante Calvino stesso, in un'intervista rilasciata a Maria Corti nel 1985 (quindi nell'anno della stesura delle *Lezioni*), si esprimesse in questi termini:

Non credo [...] d'avere una vera vocazione teorica. *Il divertimento a sperimentare un metodo di pensiero* come un gadget [il corsivo è mio] che pone

102 *Storia della letteratura italiana* di Giulio Ferroni (Vol. IV), Einaudi Scuola, Elemond-Editori Associati, Milano 1991 (I edizione), pp. 565–589.

103 *Storia della letteratura italiana* diretta da Enrico Malato, Roma: Salerno Editrice, 2000, Vol IX, *Il Novecento*, cap. XI, *Italo Calvino*, di Giuseppe Zaccaria, pp. 883–923.

104 *Storia della letteratura italiana* di Ugo Dotti, Roma: Carocci, 2007, pp. 585–588.

105 Ibid, p. 588.

106 Claudio Giunta, *Le «Lezioni americane» di Calvino*, p. 663.

107 Nell'appendice 2 a questo articolo sono riportati alcuni siti universitari, con corsi che comprendono la lettura o lo studio delle *Lezioni americane*.

regole esigenti e complicate può coesistere con un agnosticismo e un empirismo di fondo; il pensiero dei poeti e degli artisti credo funzioni quasi sempre a questo modo. Altro è investire in una teoria o in una metodologia (così come in una filosofia o in un'ideologia) tutte le proprie aspettative di raggiungere una verità. Il rigore della filosofia e della scienza l'ho sempre molto ammirato e amato; ma sempre un po' da lontano.¹⁰⁸

Forse anche in considerazione di queste idee, Calvino, nelle *Lezioni*, immaginandosi di fronte agli studenti e ai professori di Harvard – una delle platee in assoluto più devote alla teoria – di tanto in tanto si dimostra insoddisfatto, si lascia andare a considerazioni amare, come se non stesse riuscendo davvero a dire ciò che vorrebbe (“Questa conferenza non si lascia guidare nella direzione che m’ero proposto.”¹⁰⁹; “Forse piuttosto che parlarvi di come ho scritto quello che ho scritto, sarebbe più interessante che vi dicessi i problemi che non ho ancora risolto”¹¹⁰; “Alle volte cerco di concentrarmi sulla storia che vorrei scrivere e m’accorgo che quello che m’interessa è un’altra cosa”¹¹¹).

Le ragioni del successo delle *Lezioni americane* sono diverse e andrebbero indagate attraverso uno studio specifico e appropriato. Non avendo qui lo spazio necessario, mi limito a considerare un fatto: Calvino, interrogandosi sui meccanismi che determinano la diffusione della cultura di massa, si chiedeva quale sarebbe stato il futuro dell’immaginazione individuale in quella che si usa chiamare la civiltà dell’immagine.¹¹² Sarà possibile, osservava,

la letteratura fantastica nel Duemila, in una crescente inflazione d’immagini prefabbricate? Le vie che vediamo aperte fin da ora possono essere due. 1) Riciclare le immagini usate in un nuovo contesto che ne cambi il significato. Il post-modernism può essere considerato la tendenza a fare un uso ironico dell’immaginario dei mass media, oppure a immettere il gusto del meraviglioso ereditato dalla tradizione letteraria in meccanismi

108 Italo Calvino, *Eremita a Parigi*, p. 212.

109 Italo Calvino, *Lezioni americane*, p. 67.

110 Ibid, p. 67.

111 Ibid, p. 67.

112 Italo Calvino, *Lezioni americane*, p. 91.

narrativi che ne accentuino l'estraneazione. 2) Oppure fare il vuoto per ripartire da zero.¹¹³

Tra le due vie che egli vede aperte, la seconda è espressa da Calvino per scrupolosità, ma è ovvio che si tratta di un sogno irrealizzabile, dato che non solo la letteratura, ma la cultura in generale, è un *continuum* che nemmeno le più grandi catastrofi determinatesi nella storia dell'umanità sono riuscite a interrompere del tutto, facendo *tabula rasa* del passato. Resta la prima "via", ed essa sembra proprio lo specchio del procedimento adottato da Calvino nelle *Lezioni*: riciclare le "immagini usate" (leggi "i testi della tradizione letteraria occidentale") in un nuovo contesto che ne cambi il significato. È proprio come dice Calvino: tra le potenzialità del cosiddetto post-modernismo c'è quella di "immettere il gusto del meraviglioso ereditato dalla tradizione letteraria in meccanismi narrativi che ne accentuino l'estraneazione". Nel momento in cui la narrativa *post-modern* giustificava l'uso dell'ironia e il gusto del meraviglioso per accentuare la propria estraneazione dalla tradizione letteraria, è accaduto che uno dei più influenti intellettuali europei e certo il più influente narratore italiano del momento, Calvino, l'ultimo Calvino, il Calvino post-moderno, con le *Lezioni americane*, ha improntato di post-modernismo anche la propria visione critica, cioè ha deciso (Calvino, dall'alto della sua legittima autorità, poteva permetterselo) di mettere da parte l'ermeneutica della tradizione e di sostituirla, come dice Asor Rosa, con l'uso "dimostrativo" dei testi, per creare (in sostanza è questo che fanno le *Lezioni americane*) una sorta di ermeneutica personalizzata, un "gadget", un "divertirsi (divertimento probabilmente momentaneo, a leggere tra le righe sopra citate dell'intervista a Maria Corti) a sperimentare un metodo di pensiero". Calvino non si prendeva troppo seriamente, insomma, e non ha mai disconosciuto, come si è cercato di mettere in evidenza, i propri limiti di teorico né il proprio fondamentale "agnosticismo ed empirismo" riguardo alla teoria. Il successo decretato alle *Lezioni* sembra non voler tenere conto di questo, sembra anzi affannarsi a dimostrare il contrario, sembra voler garantire al "gadget" di

113 Ibid, p. 95.

Calvino uno *status* che soprattutto sotto il profilo teorico giustifichi il mettere assieme, il connettere praticamente qualsiasi testo di qualsiasi tradizione, “autori che, se esaminati con altra chiave, non rivelerebbero nulla di comune.”¹¹⁴ Questa sorta di comparativismo selvaggio, sotto la spinta delle *Lezioni* e sotto l’egida del post-modernismo, si è cominciato a proporla anche nei dipartimenti di studi umanistici¹¹⁵. Quell’“altra chiave”, che è poi la chiave che si è sempre usata, e che necessita di competenza (storica, esegetica, filologica), derivante da *tempo* dedicato allo studio e all’applicazione agli autori e ai testi, oggi sembra si possa anche non usare più. Questa sì, è una “colpa” che si può lecitamente far ricadere sul Calvino delle *Lezioni americane*. Ma è una colpa secondaria, per così dire preterintenzionale. Quella più grave (premeditazione o negligenza, delle due l’una) sta nel tessuto (un certo ambiente accademico), che non solo ha visto nelle *Lezioni* la presenza di un “metodo” e ha permesso a quel metodo di attecchire, ma lo ha anche assunto come modello. Fuor di metafora, le *Lezioni* di Calvino vanno bene nel momento in cui, come afferma Giunta, “le competenze specifiche relative alla storia, alla filosofia, alla filologia, alle lingue classiche declinano (nel momento in cui, per esempio, nei dipartimenti di *Classics* si varano curricula che non prevedono lo studio del greco e del latino), mentre non declina e anzi cresce il numero delle persone che aspirano a una formazione culturale di alto livello”¹¹⁶. Allora, “la comparazione a maglie larghe – che talvolta può essere un’opzione interessante – diventa l’unica opzione possibile: non c’è altro da fare, perché non si è in grado di fare altro.”¹¹⁷

114 Alberto Asor Rosa, «*Lezioni americane*» di Italo Calvino, p. 37.

115 Vedere l’appendice 2 di questo articolo.

116 Claudio Giunta, *Le «Lezioni americane» di Calvino*, p. 666.

117 Ibid, p. 666.

ÚTDRÁTTUR

Um *Lezione americane* eftir Italo Calvino

Árið 1986 var Italo Calvino boðið til Harvard-háskóla til að halda fyrirlestra á vegum *Charles Eliot Norton Poetry Lectures*. Hann var fyrsti Ítalinn sem hlotnaðist þessi heiður. Hann átti að halda sex fyrirlestra um markmið og framtíð bókmennta, en lést í september 1986, nokkrum vikum áður en hann hugðist fara til Bandaríkjanna. Eiginkona hans varðveitti handritið að fyrirlestrunum, sem voru síðan gefnir út 1989 (enskur titill: *Six Memos for the Next Millennium*; ítalskur titill: *Lezioni americane, sei proposte per il prossimo millennio*). Verkið er talið besta fræðirit Calvinos. Það hefur verið þýtt á meira en fimmtán tungumál og verið notað í háskólakennslu, bæði á Ítalíu og í öðrum löndum, sem fyrirmynd að samanburðarrannsóknunum í bókmenntum.

Calvino var aldrei hrifinn af kenningum, og leit á þær sem afþreyingu, eins og hann sagði sjálfur í viðtali nokkrum mánuðum áður en hann lést. Markmið greinarinnar er að benda á veikleika í samanburðaraðferðum Calvinos. Auk þess skoðar greinarhöfundur ástæðuna fyrir vinsældum þessa verks Calvinos sem hefur orðið metsölubók víða um heim. Að lokum bendir hann á að aðferð Calvinos sé „einföldun“, það er að segja, hún krefst ekki sérstakrar bókmenntafræðilegrar kunnáttu (í bókmenntasögu, þekkingarfræði eða textafræði). Þess vegna á aðferð hans vel við í mörgum hugvísindadeildum nú á dögum, sem þurfa að berjast við vaxandi niðurskurð og tímaskort, en ein afleiðing þess er að innan þeirra gefst lítið ráðrúm til að kafa dýpra í fræðin.

Lykilorð: Calvino, bókmenntir, léttleiki, samanburðaraðferð, póstmóðernismi

ABSTRACT:

*A critical study of Six Memos for
the Next Millennium by Italo Calvino*

In 1986, on the occasion of the prestigious *Charles Eliot Norton Poetry Lectures*, Italo Calvino was invited to give a series of talks at Harvard University. He was the first Italian writer in history to be given such an honour. Calvino was supposed to give six lectures on the function and the destiny of literature, but he died in September 1986, a few weeks before going to the U.S. The typescript of those lectures, collected and edited by Calvino's wife and published under the title *Six Memos for the Next Millennium* (Italian title: *Lezioni americane, sei proposte per il prossimo millennio*) three years after his death, has been considered Calvino's major scholarly work. It has been translated into more than fifteen languages and used on numerous academic courses, in Italy and abroad, as a model of comparative method.

According to Calvino himself, he never had a vocation for theory; on the contrary, he always tended to consider theories, in general, as "gadgets", or "amusements" to play with, as he claimed in an interview a few months before his death.

The aim of this article is to show that the comparative method Calvino adopted in his *Six Memos* has several weak aspects to it (i.e. contrived comparisons among authors, apodictic – instead of dialectic and problematic – judgments or assertions) which testify his aforementioned attitude towards theory. On the other hand, this article, which does not follow the generally enthusiastic critical reception of Calvino's *Six Memos*, analyses the reasons why this work is a worldwide best seller nevertheless. The article concludes by emphasizing the fact that Calvino's method is "easy", that is to say it does not require particular literary competencies, in terms of historical, exegetic or philological knowledge. The method therefore suits many contemporary academic departments of humanities,

which increasingly have to cope with a lack of funds and time and, as a consequence, cannot invest much of either in improving their literary theory courses and materials.

Keywords: Calvino, Literature, Lightness, Comparative (method), Post-modernism

APPENDICE I

Le *Lezioni americane* come libro *inspirational*. I siti di seguito riportati costituiscono alcuni esempi sull'uso della retorica che il libro ha innescato in campi diversi da quello strettamente letterario.

Pittura: <http://www.globartmag.com/la-pittura-italiana-alla-fondazione-brodbeck/5985/> (consultato il 2 giugno 2010).

Calcio: http://www.tecalibri.info/C/CAVALLARO-L_interismo.htm p. 7. (consultato il 2 luglio 2011).

Teatro: <http://www.livecity.it/2009/03/31/recensione-lezioni-americane-di-italo-calvino-con-giorgio-albertazzi-al-teatro-ghione-di-roma/> (consultato il 2 giugno 2010).

Teatro: <http://www.televisionando.it/articolo/sanremo-2009-la-pession-recita-calvino/10605/> (consultato il 2 giugno 2010).

Teatro: <http://www.improntalaquila.org/2010/03/01/leredita-di-de-sanctis-viaggio-nella-letteratura-italiana/> (consultato il 2 giugno 2010).

Architettura: <http://frustrazioniarchitetoniche.blogspot.com/2009/01/leggerez-zaimmateriale.html> (consultato il 2 giugno 2010).

Musica: <http://marcominghetti.nova100.ilsole24ore.com/2008/08/iachetti-si-acc.html> (consultato il 2 giugno 2010).

Musica: <http://padovajazzclub.blogspot.com/2009/11/qassociazione-culturale.html> (consultato il 2 giugno 2010).

Musica: <http://www.indie-eye.it/recensore/2009/10/vegetable-g-calvino-olivia-records-2009/> (consultato il 2 giugno 2010).

Didattica: http://www.dillinger.it/come-scrivere-tesi-laurea-martone-35744.html#utm_source=feed&utm_medium=feed&utm_campaign=feed (consultato il 2 giugno 2010).

Cinema: <http://www.nazioneindiana.com/2010/01/26/cinema-strumento-di-poesia/> (consultato il 2 giugno 2010).

Nuove tecnologie: <http://www.etnografia.it/2009/12/28/odi-et-amo-di-twitter/> (consultato il 2 giugno 2010).

Giurisprudenza: <http://toghe.blogspot.com/2009/02/gli-avvocati-garanti-del-diritto.html> (consultato il 2 giugno 2010).

Design: <http://housestyle.blognetwork.it/2008/12/18/ara-la-piantana-di-nemo-disegnata-da-ilaria-marelli/> (consultato il 2 giugno 2010).

Entertainment: <http://scavicchialanotizianew.blogspot.com/2009/02/paolo-bonolis-sanremo-lascio-in-eredita.html> (consultato il 2 giugno 2010).

Ambiente / ecologia: <http://www.lafucinacomo.org/2009/01/18/le-lezioni-americane-di-calvino-e-le-sfide-ambientali/> (consultato il 2 luglio 2011).

APPENDICE 2

Le *Lezioni americane* come testo universitario (tutti i siti consultati il 27 giugno 2011).

Università di Trento: Scuola di dottorato in “Studi letterari, linguistici e filologici”, 2010–2011, http://www.unitn.it/files/download/9698/manifesto_degli_studi_a.a._2010-2011.pdf.

Università Cattolica del Sacro Cuore, Milano: “Letteratura italiana”, corso magistrale. 2010–2011, www.unicatt.it.

Università di Ferrara: corso di “Letteratura italiana moderna e contemporanea”, 2010. <http://docente.unife.it/donatella.capodarca/didattica>.

Università di Cagliari: cicli seminari, 2009–2010, <http://unica2.unica.it/filolog/newsa.htm>.

Università di Genova: Diras (Dipartimento di italianistica, romanistica, arti e spettacolo), dottorato in “Filologia, interpretazione e storia dei testi italiani e romanzi”. Lezione su “Calvino e Conrad: dalla tesi di laurea alla sesta lezione americana”, 2009, <http://www.diras.unige.it/eventi/eventi2009.php>.

Università di Salerno: Facoltà di lingue e letterature straniere, corso di “Letteratura tedesca IV”, 2007–2008, http://www3.unisa.it/uploads/1327/insegnamenti_07_08.pdf.

Università degli Studi di Roma 1: Facoltà di lettere e filosofia, dipartimento di italianistica e spettacolo. Laboratorio cinematografico in “Teoria e tecnica della sceneggiatura”, 2005–2006, <http://www.disp.let.uniroma1.it/fileservices/filesDISP/Guidaspett.pdf>.

Università Cattolica e del Sacro Cuore (sede di Brescia): Insegnamento: “Filmologia”, 2004–2005, http://brescia.unicatt.it/lettere_e_filosofia_guida_lettere_0405.pdf.

Università di Bari: insegnamento: “Storia della critica e della storiografia letteraria”, corso monografico: “Indagine sul postmoderno”, 2003–2004, http://web.uniba.it/amministrazione/serv_edit/LINGUE.pdf.

Università di Catania: corso di “Letteratura italiana contemporanea”, 2003–2004, <http://www.flingue.unict.it/docs/Vademecum200304.pdf>.

Università degli Studi di Roma 3: corso di laurea in filosofia. Insegnamento: “Didattica della filosofia”, 1999–2000, <http://www.uniroma3.it/downloads/lettere.pdf>.

Aðrar greinar

Stefna og framkvæmd símenntunar og aðlögun innflytjenda á Íslandi og öðrum Norðurlöndum

1. Inngangur

Á haustmánuðum 2008 leitaði Norræna ráðherranefndin til Danmarks Pædagogiske Universitetsskole um að stýra sam-norrænni rannsókn á þætti símenntunar og fullorðinsfræðslu í aðlögun¹ innflytjenda og afkomenda þeirra á Norðurlöndum. Markmið rannsóknarinnar var að gera samanburð á opinberri stefnu í menntunarmálum fullorðinna innflytjenda, bera saman framkvæmd slíkrar stefnu á Norðurlöndunum fimm og lýsa sérstaklega þeim símenntunarúræðum sem í boði eru í hverju landi og hvernig þau hafa gagnast innflytjendum.² Helstu niðurstöður rannsóknarinnar

-
- 1 Orðið aðlögun er notað í greininni en þá er ekki átt við að innflytjendur einir eigi að aðlaga sig að samfélaginu heldur þvert á móti, það er trú höfundar að farsæl aðlögun sé ólíkleg nema að þjóðfélagið í heild aðlagi sig að fjölmenningslegri samsetningu íbúanna. Tilgangur rannsóknarinnar var einmitt að skoða hvernig símenntun kemur til mótis við þarfir innflytjenda.
 - 2 Birna Arnbjörnsdóttir og Ingibjörg Hafstað, *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse. En nordisk komparativ undersøgelse. Island*, Kaupmannahöfn: Nationalt Center for Kompetenceudvikling, 2010; Perly Folstad Norberg, *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse. En nordisk komparativ undersøgelse. Norge*, Kaupmannahöfn: Nationalt Center for Kompetenceudvikling, 2010; Tinne Geiger og Karen Lund, *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse. En nordisk komparativ undersøgelse. Danmark*, Kaupmannahöfn: Nationalt Center for Kompetenceudvikling, 2010; Petri Salo, og Pia-Stina Sarin, *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse. En nordisk komparativ undersøgelse. Finland*, Kaupmannahöfn: Nationalt Center for Kompetenceudvikling, 2010; Per Olof Thång, og Monica Larson, *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse. En nordisk komparativ undersøgelse. Sverige*, Kaupmannahöfn: Nationalt Center for Kompetenceudvikling, 2010; Bjarne Wahlgren, Karen Lund og Tinne Geiger, *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse. En nordisk komparativ undersøgelse. Tværgående analyser og sammenfatninger*, Kaupmannahöfn: Nationalt Center for Kompetenceudvikling, 2010.

eru að innflytjendastefna allra Norðurlandanna miðar að því að auka virkni á vinnumarkaði og gengið er út frá því í stefnu og reglugerðum sem henni fylgja að forsenda aðlögunar innflytjenda sé kunnátta í þjóðmáli hvers lands fyrir sig, þekking á samfélaginu og aðgengi að menntun og vinnumarkaði. Rannsóknin leiddi í ljós að þrátt fyrir samræmi í stefnu er framkvæmd hennar í löndunum fimm mjög mismunandi og var því í niðurstöðum rannsóknarinnar m.a. kallað eftir meiri samhæfingu og samvinnu um framkvæmd og sérstaklega um rannsóknir, kennaramenntun og þróun námsleiða. Niðurstöðunum verður lýst nánar í þessari grein sem er skipt í þrjá hluta.

Í fyrsta hluta er gerð grein fyrir baksviði rannsóknarinnar og teknar saman helstu niðurstöður samnorrænu rannsóknarinnar. Sá hluti hefst á samantekt³ um fjölda og stöðu innflytjenda á Norðurlöndunum, lýst er stefnu í innflytjendamálum og framkvæmd hennar í hverju landi fyrir sig og gerð grein fyrir skipulagi og innihaldi náms í öðru máli eins og það kemur fyrir í opinberum námskrám. Þá er lýst námsleiðum í almennri fullorðinsfræðslu sem innflytjendur hafa aðgang að og tímabundnum námskeiðum ætluðum ákveðnum hópum innflytjenda. Í lok fyrsta hlutans eru kynntar námsleiðir sem hafa tekist vel (e. *Best Practices*) og kynntar tillögur rannsóknarhópsins að aðgerðum sem styrkja þátt símenntunar í aðlögun innflytjenda. Annar hluti greinarinnar, sem er all viðamikill, er tileinkaður íslenska hluta rannsóknarinnar. Niðurstöður íslensku rannsóknarinnar eru að þó að mikið hafi áunnist er enn nokkuð verk óunnið áður en markmiðum yfirlýstrar stefnu íslenskra stjórnvalda er náð.⁴ Í síðasta hluta greinarinnar er haldið áfram þar sem frá var horfið í norrænu rannsókninni og teknar saman hugleiðingar um hvað megi læra af rannsókninni í heild. Velt er upp hugmyndum um hugsanleg neikvæð áhrif sterks velferðarkerfis Norðurlandanna á gerendahæfni (e. *agency*) innflytjenda og þar með á möguleika þeirra til aðlögunar og bent á leiðir til að auka samvinnu hins opinbera og fræðimanna innan hvers lands og á milli Norðurlandanna.

³ Sama rit.

⁴ Birna Arnþjórsdóttir og Ingibjörg Hafstað, *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse*.

2. Baksvið norrænu rannsóknarinnar. Markmið, þátttakendur og gagnasöfnun

Í hverju landi fyrir sig unnu rannsækendur eftir sömu aðferðafræði að sömu markmiðum. Áhersla var lögð á að safna áreiðanlegum gögnum frá hverju Norðurlandanna um stefnu þeirra í málefnum innflytjenda með áherslu á þátt fullorðinsfræðslu í aðlögun innflytjenda. Sérstök áhersla var lögð á gögn sem nýta mætti til samanburðar milli landanna svo að hvert land um sig gæti dregið lærdóm af reynslu hinna. Eingöngu voru skoðuð úrræði sem flokkast undir fullorðinsfræðslu eða símenntun. Þátttakendur í rannsókninni voru fræðimenn frá Nationalt Center for Kompetencesudvikling við Danmarks Pædagogiske Universitetsskole, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur við Háskóla Íslands, Forskningsenheden voksne i livslang læring við Norges Teknisk-Naturvidenskabelige Universitet, Institutionen för pedagogik och didaktik við Göteborgs Universitet í Svíþjóð og Åbo Akademi í Finnlandi.

Nokkur umræða var í hópnum um aðferðafræði, sérstaklega var reynt að þróa rannsóknaraðferðir sem hentuðu ólíkum aðstæðum í hverju landi fyrir sig. Þetta var gert til að forðast samanburð á ólíkum námskeiðum þó að þau gætu á yfirborðinu virst sambærileg. Danir höfðu þarna forystu t.d. með að flokka þær námsleiðir sem reknar voru til skoðunar, eftir almennum (opinberum og reglubundnum) úrræðum með reglubundna fjárveitingu annars vegar og sértækum, tímabundnum úrræðum hins vegar. Á Íslandi er t.d. erfitt að aðgreina námsleiðir með slíkum hætti þar sem fjármagnið kemur að mestu leyti úr sömu sjóðum til allra námskeiða. Í samræmi við ákvarðanir samstarfsaðila var gögnum safnað til þess að unnt væri að

- bera saman fjölda og bakgrunn innflytjenda og afkomenda þeirra á Norðurlöndum.
- greina stefnu, reglugerðir og opinber úrræði sem miða að því að efla þátttöku innflytjenda í hverju Norðurlandanna fyrir sig.
- kortleggja sérstök úrræði í fullorðinsfræðslu fyrir innflytjendur og afkomendur þeirra.
- lýsa því hvað er líkt og ólíkt með símenntun í löndunum og gefa innsýn í skipulag og árangur þeirra úrræða sem valin hafa verið.

- safna árangursmælingum og meta hvaða árangur hefur náðst (t.d. fjöldi atvinnulausra sem komast á vinnumarkað og/eða haldast á vinnumarkaði vegna þátttöku í námskeiðum).
- setja greininguna í alþjóðlegt samhengi og draga fram reynslu sem kemur fram í alþjóðlegum rannsóknum og nýtast mætti á Norðurlöndum.⁵

Niðurstöður gagnasöfnunar leiddu í ljós að mjög lítið er til af rannsóknum og árangursmælingum á sviði fullorðinsfræðslu, sér í lagi á úrræðum sérstaklega ætluðum innflytjendum á Norðurlöndunum. Flestar þeirra úttekta sem gerðar hafa verið eru mjög almennar, og unnar af aðilum sem ekki hafa sérstaka þekkingu á málefnum og bera niðurstöður keim af því. Sem dæmi má nefna að almennt virtist nóg til af námsefni fyrir innflytjendur en við nánari athugun var námsefni víða ómarkvisst og hentaði ekki endilega þeim hópi sem notaði það. Það kom þó ekki fram í birtum niðurstöðum.

Samantekt helstu niðurstaðna rannsókna frá öllum Norðurlöndum má finna í töflunum í næstu köflum.⁶ Fyrst verða bornir saman fjöldi og uppruni innflytjenda á Norðurlöndum, síðan stefnur, þá námskrár og að lokum verður farið stuttlega yfir almennar og sértækar námsleiðir sem í boði eru fyrir innflytjendur. Frekari upplýsingar um rannsóknina má nálgast í útgefnum skýrslum á www.ncfk.dk.

2.1 Fjöldi, bakgrunnur og atvinnustig innflytjenda á Norðurlöndum

Saga innflytjenda á Norðurlöndunum fimm er ólík og fjöldi og uppruni þeirra er mismunandi í hverju landi fyrir sig sem gerir samanburð flókinn. Þegar könnunin var gerð árið 2009 var hlutfall innflytjenda lægst í Finnlandi, eða tæp 3% af heildaríbúafjölda. Hlutfall innflytjenda er hæst í Svíþjóð, eða 16%, og er stærsti hópurinn flóttamenn. Á Íslandi,⁷ í Danmörku og í Noregi eru innflytjendur 8%, 9% og 11%. Innflytjendum fjölgar vegna aukins

5 Wahlgren o.fl., *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse*. Þýðing höfundar.

6 Sama rit.

7 Hagtíðindi 2009.1. <http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=9077> [sótt 07.06.11].

straums flóttafólks og sameiningar fjölskyldna á Norðurlöndunum en atvinnutengdur flutningur fólks frá ESB-löndunum er að aukast. Á Íslandi er innflutningur fólks aðallega atvinnutengdur enda er atvinnupátttaka innflytjenda þar langhæst, eða 91%, og mjög svipað atvinnustigi íbúa sem ekki teljast til innflytjenda sem var 93%⁸ þegar rannsóknin var gerð. Þessi tala er mun hærri en atvinnustig innflytjenda í Danmörku, Noregi og Svíþjóð sem er á milli 60 og 70% af heildarfjölda innflytjenda en atvinnupátttaka innflytjenda er lægst í Finnlandi eða um 50%. Atvinnupátttaka íbúa sem ekki teljast til innflytjenda eða afkomenda þeirra á Norðurlöndunum, annars staðar en á Íslandi, er 70–79%.

Tafla 1. Fjöldi, uppruni og atvinnupátttaka innflytjenda á Norðurlöndum árið 2009⁹

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Hluti innflytjenda af heildar-íbúafjölda¹⁰	9%	3% (2,7%)	8%	11%	16%
Uppruni	Sameining fjölskyldna. Atvinnutengdir fólksflutningar frá ESB. Innflytjendur utan Vesturlanda.	Sameining fjölskyldna. Innflytjendur frá Rússlandi og Eistlandi.	Aðallega atvinnutengdir fólksflutningar.	Sameining fjölskyldna. Atvinnutengdir fólksflutningar frá ESB. Flóttamenn.	Sameining fjölskyldna. Atvinnutengdir fólksflutningar frá ESB. Flóttamenn.
Atvinnustig	Innflytjendur: u.þ.b. 60% Aðrir Danir: 79%.	Innflytjendur: u.þ.b. 50% Aðrir Finnar: 70%.	Innflytjendur: u.þ.b. 91% Aðrir Íslendingar: 93%.	Innflytjendur: u.þ.b. 64% Aðrir Norðmenn: 72%.	Innflytjendur: u.þ.b. 67% Aðrir Svíar: 77%.

8 www.hagstofa.is [sótt 09.06.11].

9 Wahlgren og fl., *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse*, bls. 47, þýðing höfundar.

10 Innflytjendur á Íslandi hér eru þeir sem ekki eru með ríkisborgararétt í búsetulandinu. Athugið að oftast gilda aðrar reglur um flóttamenn en aðra innflytjendur. Hér er aðallega fjallað um innflytjendur.

2.2 Stefna í aðlögun innflytjenda á Norðurlöndum

Í öllum löndunum er lögð mikil áhersla á virkni á atvinnumarkaði í aðlögunarstefnunni og er atvinnuþátttaka og framfærslugeta talin vera ein forsenda góðrar aðlögunar. Eins og sjá má í töflu 2 hafa verið samþykkt lög um aðlögun innflytjenda í Danmörku, Finnlandi og Noregi. Í Svíþjóð og á Íslandi eru ekki til sérstök lög um aðlögun innflytjenda en unnið eftir ákveðinni stefnu um aðlögun. Lögin og stefnurnar eiga það sameiginlegt að mikil áhersla er lögð á alls konar ferli og menntunarleiðir sem hafa að lokatakmarki að koma fólki út á vinnumarkaðinn. Ísland sker sig hér úr þar sem í öllum áætlunum og stefnum er gengið út frá að innflytjendur séu í vinnu.

Í stefnu um innflytjendur á Norðurlöndunum kemur fram að færni í þjóðtungunni sé forsenda aðlögunar og „lykillinn“ að vinnumarkaði og samfélaginu í heild og alls staðar, utan Íslands, er unnið samkvæmt einstaklingsáætlunum í aðlögunarferli innflytjenda. Mikill munur er á þessum einstaklingsáætlunum milli landa og þeim viðurlögum sem er beitt sé þeim ekki fylgt. Í Danmörku t.d., þar sem gengið er lengst, lýsa einstaklingsáætlanir ákveðnum markmiðum í aðlögunarferlinu, leiðum til að ná þeim markmiðum og viðurlögum sem liggja við ef þau nást ekki. Þetta á ekki við um Ísland þar sem engin sérstök skilyrði fylgja veitingu atvinnuleyfis önnur en að vera í vinnu. Í mörgum tilfellum er atvinnuleyfi gefið út til atvinnuveitanda á Íslandi. Íslenskukunnátta er hins vegar forsenda búsetuleyfis en það er á ábyrgð innflytjandans að afla sér færni í íslensku. Í töflu 2 má sjá samanburð á lögum og stefnum Norðurlanda í málefnum innflytjenda.

Tafla 2. Samanburður á stefnu Norðurlanda í aðlögun innflytjenda¹¹

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Lög um aðlögun	Já. Lög frá 1998.	Já. Lög frá 1998.	Nei. Verið er að undirbúa lög 2011.	Já. Lög frá 2003.	Nei.
Markmið	Atvinna og sjálfsforsjá.	Atvinna og sjálfsforsjá.	Atvinna og sjálfsforsjá.	Atvinna og sjálfsforsjá.	Atvinna og sjálfsforsjá.
Móttöku-áætlun	Já. Einstaklingsáætlun með viðurlögum.	Já. Einstaklings-áætlun.	Nei.	Já. Einstaklings-áætlun.	Já. Einstaklings-áætlun.
Lengd aðlögunartíma	3 ár.	3 (+2) ár.	Á ekki við.	2 ár.	Engin tímamörk. Réttur til náms þar til nemandinn er metinn með næga málfærni.
Inntak móttöku-áætlunar	Áhersla á tungumálánám. Sveitarfélög geta boðið verkþjálfun á launum.	Áhersla á tungumálánám og menningarfærni í hversdagslífinu og á vinnu-markaði.	Á ekki við.	Áhersla á tungumálánám og verkþjálfun á vinnustað.	Áhersla á tungumálánám og tengsl við atvinnulífið.
Reglur um mat á starfsþjálfun og framhaldsnámi	Einstaklingsmat. Metin er símenntun, starfsþjálfun og framhaldsnám.	Einstaklingsmat fer fram í tengslum við aðlögunarferli.	Reglur og ferlar eru í vinnslu.	Matsreglur en ekki sjálfvirk ferli sem metur símenntun, starfsþjálfun og framhaldsnám.	Metin er símenntun, starfsþjálfun og framhaldsnám.

11 Wahlgren o.fl., *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse*, bls. 48. Þýðing höfundar.

2.3 Samanburður á námskrám í Norðurlandamálum sem öðru máli

Eins og fram kemur í töflu 3 er á öllum Norðurlöndunum lögð megináhersla á kennslu í þjóðtungunni og er færnin metin samkvæmt evrópsku færniviðmiðunum (e. *European Framework of Reference*). Meginmarkmið tungumálakennslu á Norðurlöndum er að innflytjendur nái nægilegri færni í tungumáli og menningu hvers lands til að geta tekið þátt í samfélaginu til jafns við aðra íbúa. Enda þótt niðurstaða rannsóknarinnar sé að yfirlýst markmið námskráa séu þau sömu er kennslufyrirkomulag og lengd náms sem innflytjendur eiga völ á í löndunum afar mismunandi. Í námskrá flestra landanna er tungumálanáminu skipt niður eftir þörfum, bakgrunni og menntun málnemanna (tafla 3). Á Íslandi á hinn bóginn er ein námskrá fyrir alla fullorðna og ekki tekið tillit til mismunandi menntunarstigs né undirbúnings. Lengd og réttur til náms er líka mjög mismunandi í löndunum. Innflytjendur á Íslandi bera sjálfir ábyrgð á námi sínu en í Svíþjóð eiga þeir rétt til framfærslu á meðan á námi stendur í þrjú ár eða lengur, og allt þar á milli. Námskrár ná yfir mislangan tíma, frá svo til ótakmörkuðum tíma í Svíþjóð niður í 240 tíma á Íslandi. Í flestum löndunum eiga innflytjendur rétt á 1600 til 1800 tíma tungumálakennslu og lögð er áhersla á að tengja samfélagsfræðslu og fræðslu um grunngildi samfélagsins inn í tungumálakennsluna.

Tafla 3. Samanburður á námi í öðru máli samkvæmt námskrám¹²

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Réttur til náms og lengd tungumálakennslu.	Réttur til þriggja ára tungumálakennslu.	Réttur til 45 vikna náms (mælt með).	Hvorki skylda né réttur.	Réttur til þriggja ára náms fyrir flóttamenn og þá sem eru sameindar fjölskyldum.	Engin tímatakmörk. Námi lýkur þegar málneminn hættir að hafa gagn af náminu.

12 Wahlgren o.fl., *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse*, bls. 48–51. Þýðing höfundar.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Tíma-mörk.	Að 1,2 ársverkum. (1 ársverk = 1.600 tímar).	1800 tímar.	240 tímar.	Að 300 tímum.	Engin tíma-mörk en mismunandi réttindi. Mælt með 15 tímum á viku.
Próf og mat á færni.	Próf eftir hvert stig í samræmi við evrópska tungumála-rammann.	Engin krafa um próf en símat sem fylgir ákveðnum færniköl-um.	Kennarar meta færni nemenda.	Próf eftir hvert stig (Spor 2 og Spor 3).	Ákv. einkunn eftir hvert stig. Námskeið-um B, C og D lýkur með stöðl-uðu prófi.
Er námið skilyrði fyrir dvalarleyfi/ríkisfangi?	Færni B1 (Evrópski ramminn) v/búsetu-leyfis, B2 (E) v/ ríkisfangs með ein-kunn 4. C1 (E) v/ framhalds-náms.	Ekki vegna búsetu-leyfis. Þurfa að ná færni-stigi 3 til að fá ríkis-fang.	150 tíma nám til að fá búsetu-leyfi. Staðl-að próf til að fá ríkis-fang.	300 tíma nám til að fá búsetu-leyfi og ríkisfang.	Engar tungumála-kröfur tengjast búsetuleyfi eða ríkis-fangi.
Krafa um menntun kennara eða um kennslu-réttindi.	Krafa um kennara-menntun á meistara-stigi í kennslu D2. Kröfur um menntun í kennslu fullorðinna.	Engin formleg krafa um kennslu-réttindi.	Engar formlegar kröfur um kennslu-réttindi.	Engar formlegar kröfur. Æskilegt að kennari hafi þekkingu á kennslu norsku sem annars máls eða kennslu inn-flytjenda.	Allir kennarar í sænsku sem erlendu máli skulu hafa kennararétt-indi. Ekki krafa um réttindi í sænsku sem öðru máli fyrir full-orðna.
Símennt-un fyrir kennara.	Ýmis námskeið fyrir kenn-ara í tungu-málamið-stöðvum.	Ýmis námskeið á vegum háskóla og annarra.	Engin regluleg símenntun.	Starfsdagar en engin reglubundin símenntun.	Engin reglu-bundin símenntun.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Skilyrði fyrir fjárveitingu.	Ákveðinn taxti sem sveitarfélög greiða (með styrk frá ríkinu). Fræðsluáðilinn fær greiðslu fyrir hvern nemanda sem er skráður í námskeið.	Atvinnu- miðstöðvar ráða aðila til fræðslunnar eftir útbod.	Mennta- og menningar- mála- ráðuneytið veitir styrki eftir ákv. reglum. Stéttarfélög styðja meðlimi að hluta.	Ríkið styrkir hvern einstakling sem tilheyrir hópum sem eiga rétt á fræðslu.	Sveitarfélög fá styrki miðað við fjölda inn- flytjenda og flóttamanna.
Evrópsk færni- viðmið.	Já	Já	Já	Já	Já
Meðlimir ALTE (Félags mats- manna í Evrópu)	Já	Já	Nei	Já	Já
Samsetning færni- hópa.	Valið í hópa að undan- gengnu mati.	Valið í hópa að undan- gengnu mati.	Mismun- andi færni og undir- búningur.	Valið í hópa að undan- gengnu mati.	Valið í hópa að undan- gengnu mati.
Inntak tungu- mála- náms.	Tungumála- nám og nám í menningu og sam- félagi.	Tungumála- nám og nám í menningu og sam- félagi.	Tungumála- nám og nám í menningu og sam- félagi sam- tvinnað.	Tungumála- nám í 250 tíma – 50 tíma nám í menningu og sam- félagi á máli sem nem- endur skilja.	Tungumála- nám sem telst fullt nám í 525 tíma á misseri. Mis- munandi eftir þörfum nemenda.
Náms- leiðir.	Þrjár náms- leiðir. Hver leið með 6 færnistig.	Þrjár náms- leiðir.	Ein náms- leið með fjögur færnistig.	Þrjár námsleiðir.	Fjöldi mismunandi leiða.
Lestrar- námskeið	Já	Já	Nei	Já	Já

Danmörk er eina landið með skýrar kröfur til kennara um að þeir hafi réttindi til kennslu í dönsku sem öðru máli. Afar brýnt er að annars staðar á Norðurlöndum sé gert slíkt hið sama. Fjármögnun tungumálanámsins er afar mismunandi í hverju landi fyrir sig sem og möguleikar innflytjenda til framfærslu á meðan á náminu stendur. En tungumálanámið tryggir innflytjendum ekki atvinnu. Í Danmörku eru tæplega 40% innflytjenda atvinnulaus eftir að málanáminu lýkur. Í Noregi og Finnlandi er hlutfall atvinnulausra innflytjenda að loknu námi rúmlega 30%. Þetta á ekki við um Ísland þar sem innflytjendur eru ekki skyldaðir til að sækja námskeið og gert er ráð fyrir að tungumálanám fari fram meðfram vinnu. Kannanir í Danmörku sýna að dönskukennsla fyrir útlendinga skilar ekki nægilega mikilli færni í málinu til að nemendur geti farið í almennt nám sem kennt er á dönsku.¹³

2.4 Almenn fullorðinsfræðslunámskeið á Norðurlöndum: Samanburður

Á öllum Norðurlöndunum er boðið upp á sérstakt aðfaranám og/eða símenntun fyrir innflytjendur og afkomendur þeirra innan almenns fullorðinsfræðslukerfis. Þessar námsleiðir eiga það sameiginlegt að fylgja námskrám og vera í boði reglulega. Hér er ekki átt við beint tungumálanám þó svo að stundum sé tungumálakennsla samtvinnuð kennslu í öðrum greinum, m.a. hafa verið þróuð námskeið og úrræði sérstaklega fyrir útlendinga á aðlöguðu tungumáli í Danmörku, á Íslandi og í Noregi í notkun vinnuvéla og fiskvinnslu. Innflytjendur í Noregi og Svíþjóð taka meiri þátt í almennri fullorðinsfræðslu en innflytjendur á hinum Norðurlöndunum þremur.¹⁴

Það að tvinna saman tungumálanám og annað nám er kennslu-aðferð sem hefur náð miklum vinsældum um allan heim, m.a. er námskrá í íslensku sem öðru máli fyrir grunnskóla þannig uppbyggð. Sama hugmyndafræði liggur til grundvallar starfstengdu tungumálanámi. Rannsóknin leiddi í ljós að góð reynsla er á öllum Norðurlöndunum af því að tengja saman starfsnám og tungu-

13 Wahlgren o.fl., *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse*, bls. 48–51.

14 Sama rit.

málakennslu. Framkvæmd slíkrar kennslu virðist þó með ýmsu móti. Mikið er um námskeið sem miða að því að koma innflytjendum í vinnu með því að bjóða námskeið í sjálfstyrkingu og efla almenna færni sem nýtist til atvinnuleitar. Það er ljóst að þó að slík námskeið séu talin til starfstengdra námskeiða eru markmið þeirra og innihald í eðli sínu öðruvísi en t.d. námskeiða í stjórn vinnuvéla eða námskeiða um öryggi á ákveðnum vinnustöðum. Fjöl margar tegundir slíkra starfstengdra námskeiða sem tengjast mismunandi starfsstéttum fyrirfinnast á Norðurlöndum og eru þau ýmist kennd á tungumáli viðkomandi, kennd með aðstoð túlka, eða að námskeiðin eru kennd á markmálinu og aðlöguð málfærni þátttakenda.¹⁵ Á Íslandi hefur samvinna fræðsluaðila við stéttarfélög og vinnustaði leitt til starfstengdra tungumálanámskeiða á vinnustöðum, oft í vinnutíma, og gefið mjög góða raun.¹⁶ Aðferðin er skilvirk, mætir sérstökum þörfum nemenda og er því nemandanum hvati til að leggja sig fram í náminu. Kannanir í Finnlandi sýna að þeir þátttakendur sem fara í starfstengt nám eftir námið í finnsku standa sig betur en þeir sem fara eingöngu í hefðbundið finnskunám.¹⁷ Rannsóknir á Íslandi sýna almenna ánægju og góðan árangur af starfstengdum námskeiðum.¹⁸ Þau hafa verið í boði reglulega á vegum stéttarfélaga á Íslandi en flokkast undir sérhæfð námskeið sem eru til umræðu í næsta kafla.

2.5 Sérhæfð tímabundin námskeið og þróunarverkefni á Norðurlöndum

Margvísleg sérhæfð námskeið fyrir innflytjendur eru í boði á öllum Norðurlöndunum. Með sérhæfðum námskeiðum er átt við tíma-bundin tilrauna- eða þróunarverkefni sem fjármögnuð eru af sérstökum sjóðum eða afmörkuðu átaki. Hér undir eru í rannsókninni flokkuð tímabundin námskeið s.s. aðfaranám og nám ætlað ákveð-

15 Sama rit.

16 *Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í mállefnum innflytjenda*, Þingskjal 1226. 535. mál, Reykjavík: Alþingi Íslendinga, 2008.

17 Wahlgren o.fl., *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse*.

18 Birna Arnbjörnsdóttir, „The HB Grandi Experiment. A Workplace Language Program“, *Second Languages at Work*, ritstj. Karen-Margrete Frederiksen, Karen Sonne Jakobsen, Michael Svendsen Pedersen og Karen Risager, Roskilde University: IRIS Publications, 1, 2006, bls. 37–63.

um hópum, t.d. konum, ungu fólki eða ólæsum, og námskeið tengd upplýsingatækni en einnig starfstengd námskeið.

Reynt hefur verið í öllum löndunum að sinna kennslu fyrir ólæsa, mismikið reyndar. Svíþjóð sker sig hér úr með því að kenna fólki að lesa á móðurmáli sínu. Annars staðar hefur verið reynt að kenna fólki að lesa á tungumáli meirihlutans. Margir ólæsra innflytjenda á Norðurlöndum eru konur og því eru til námskeið í læsi, bæði orða- og talnalæsi, sem sérstaklega eru ætluð konum. Finnar bjóða upp á 40 vikna nám fyrir ólæsa. Námskeið í almennri tölvunotkun fyrir innflytjendur eru til á öllum Norðurlöndunum, þó eru fæst í boði í Danmörku. Of langt mál er að lýsa öllum þeim fjölda námskeiða sem í boði eru á Norðurlöndum en í samantekt lýsinga á þessum námskeiðum virðist góður árangur nást þegar:

- þau eru unnin í samvinnu allra sem eiga hagsmuna að gæta.
- tekið er mið af starfstengdum þörfum nemenda í skipulagi námskeiða.
- markmið eru skýr og væntingar um atvinnumöguleika að námi loknu eru raunhæfar.
- tungumála- og starfsnámskeið eru samtvinnuð.
- skipulag er sveigjanlegt þannig að sem flestir hafi aðgang að námskeiðum, t.d. í fjarnámi.
- nemendur fá stuðning mentora með tengsl við vinnumarkaðinn.
- markhópur er afmarkaður og þarfagreining nákvæm.¹⁹

Stéttarfélög hafa átt mikinn þátt í að efla starfstengda tungumálakennslu og má segja að stéttarfélög á Íslandi hafi verið leiðandi á þessu sviði á Norðurlöndunum. Frá árinu 2007 hefur starfstengd tungumálakennsla verið hluti af almennu tungumálanámi í Finnlandi.

Mikilvægt er að hafa í huga að aðstæður í hverju landi eru mismunandi. Það sem ber árangur í einu landi mun ekki endilega bera árangur í öðru sem gerir samanburð erfiðan. Árangur verður aðeins metinn í samfélagslegu samhengi, þ.e. með þáttum eins og tækifærum á vinnumarkaði, hópnum sem á í hlut og úrræðum sem

19 Wahlgren o.fl., *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse*. Þýðing höfundar.

til eru. Það sem er líkast í löndunum er áherslan á að færni í tungu-málinu og aukin menntun sé forsenda aðlögunar. En framkvæmd og umgjörð námsins er afar mismunandi í hverju landi fyrir sig og erfitt að nálgast tölur um þá nemendur sem lokið hafa námi og um leið hver raunveruleg málfærni þeirra er að loknu námi. Það hlýtur einnig að teljast veikleiki í rannsókninni að innflytjendur sjálfir voru ekki spurðir hvernig námsúrræði sem þeim stóð til boða nýttust þeim. Í næsta kafla verður gerð nánari grein fyrir íslenska hluta rannsóknarinnar.

3. Íslenska rannsóknin

Gagnasöfnun fyrir íslensku rannsóknina hófst í árslok 2008 og stóð til hausts 2009. Sumar upplýsingar voru síðan uppfærðar fyrir útgáfu þessarar greinar eftir því sem við átti. Ekki voru uppfærðar tölur sem notaðar voru í norrænu samanburðarrannsókninni. Umsjón íslensku rannsóknarinnar var í höndum höfundar fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur við Háskóla Íslands. Með höfundi störfuðu Ingibjörg Hafstað hjá Fjölmenningu ehf. og Elsa Arnardóttir og Helga Steinsson hjá Fjölmenningssetri. Gagnasöfnun fór fram í samræmi við markmið sem lýst er á bls. 157 að ofan. Rýnt var í *Stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*,²⁰ framkvæmdaáætlun sem henni fylgdi frá 2008,²¹ námskrá, ýmsar útgefnar úttektir, námsleiðalýsingar og upplýsingar sem fengust frá ýmsum aðilum símleiðis og í netpósti. En eins og á hinum Norðurlöndunum er afar lítið um útgefnar lýsingar, beinar rannsóknir eða árangursmælingar á fullorðinsfræðslu fyrir innflytjendur á Íslandi.

3.1 Innflytjendur á Íslandi

Fjöldi innflytjenda á Íslandi hefur margfaldast síðustu árin. Árið 1994 voru innflytjendur 1,7% af heildaríbúafjölda en þeir voru orðnir um 8% af heildaríbúafjölda, eða um 25.000 manns, árið 2008. Árið 2009 hægði á fjölguninni vegna ástandsins í efnahags-

20 *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*, Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið, 2007.

21 *Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda*, Þingskjal 1226. 535. mál, Reykjavík: Alþingi Íslendinga, 2008.

málum en tölur frá 2011 sýna að fækkun hefur ekki verið viðvarandi. Samkvæmt Hagstofu voru 25.693 innflytjendur á Íslandi í janúar 2011 eða 8,1% af heildaríbúafjölda. Heildarfjöldi fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjenda var 8,9% af íbúafjölda við áramót 2010/ 2011.²²

Ólíkt því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum er fjöldi innflytjenda á Íslandi mjög tengdur atvinnustigi hverju sinni. Innflytjendasaga Íslands er því ekki aðeins styttri en hinna Norðurlandanna heldur sker hún sig eiginlega alveg úr að því leyti að hingað koma nær eingöngu innflytjendur sem fá ekki dvalarleyfi nema þeir séu í atvinnu. Þetta getur hugsanlega breyst eftir því sem fleiri innflytjendur fá búsetuleyfi og/eða verða íslenskir ríkisborgarar og fólki af annarri kynslóð innflytjenda fjölgar.

3.2 Stefna

Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda kom út árið 2007 og ári síðar var samþykkt þingsályktunartillaga um framkvæmd stefnunnar. Áður höfðu verið unnar fjöldamargar skýrslur og yfirlit um móttöku innflytjenda. Stefna íslensku ríkisstjórnarinnar er „að tryggja sem best að allir íbúar landsins njóti jafnra tækifæra“.²³ Í stefnunni segir að það „sé íslensku samfélagi til gæfu að gefa fólki sem hingað kemur tækifæri til að finna starfskröftum sínum, hugviti og hæfileikum farveg“.²⁴ Þar segir einnig: „Kunnátta í íslenskri tungu er lykillinn að íslensku samfélagi og getur ráðið úrslitum um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi.“²⁵ Í stefnu ríkisstjórnarinnar er gengið út frá því að innflytjendur á Íslandi séu virkir á vinnumarkaði. Áherslupættir í þjónustu við erlenda ríkisborgara eru því miðlun og öflun upplýsinga, atvinnumál og atvinnuþátttaka, jafnt aðgengi að heilbrigðis- og félagsþjónustu, menntamál almennt og kennaramenntun í íslensku sem öðru máli.²⁶ Í menntunarmálum innflytjenda er lögð áhersla á að efla íslenskukennslu m.a. með

22 <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=5679> [sótt 24.06.2011].

23 *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*, inngangur.

24 Sama rit.

25 Sama rit.

26 Sama rit.

samningu námskrár í íslensku sem öðru máli sem mætir þörfum innflytjenda óháð bakgrunni og bent á að starfstengd íslenskunámskeið þykja „skila bestum árangri“. Aðalinntak stefnu í íslenskukennslu er:

- að fullorðnir innflytjendur bæði á vinnumarkaði og utan hans eigi kost á góðri íslenskukennslu, og;
- að samfélagsfræðsla sé hluti af íslenskunámi fyrir innflytjendur.
- að tryggja framboð á námsefni sem hæfir markmiðum námskrár og veita styrki til samningar og útgáfu.
- að fram fari gæðamat og eftirlit með íslenskukennslu og að námskeið verði vottuð af menntamálaráðuneytinu samkvæmt gæðastöðlum er ráðuneytið setur.²⁷

Í markhópnum eru allir innflytjendur og eiga þeir að hafa aðgang að íslenskukennslu eftir þörfum hvers og eins.²⁸ Ekki er getið annarra sérstakra menntunarmöguleika en náms í íslensku. Í stefnunni er ekki kveðið á um sérstakt færniþróf né annað mat. Í stað þess kemur fram að í námskrá skuli lýsa almennum færnistigum sem mætti síðar nota til grundvallar umsókn um ríkisfang.²⁹

Þá er sérstaklega fjallað um kennaramenntun og sagt að stefnt skuli að því að „[f]ramboð af vel menntuðum kennurum sem hafa lært að kenna íslensku sem annað tungumál verði aukið“.³⁰ Leiðir til þessa eru taldar upp. Þær eru að:

- Skilgreina lágmarkskröfur sem gera þarf til kennara á þessu sviði.
- Kennaranemar fái þjálfun í grunnnámi í því að kenna íslensku sem annað tungumál.
- Gera tímabundið átak í námskeiðshaldi í íslensku sem öðru tungumáli fyrir kennara.
- Semja við viðurkennda aðila, t.a.m. háskólastofnanir, um að annast menntun og þjálfun kennara.³¹

27 Sama rit, bls. 9–10.

28 Sama rit, bls. 10.

29 Sama rit, bls. 9.

30 Sama rit, bls. 16.

31 Sama rit, bls. 16.

Stefnunni var fylgt eftir ári síðar með samþykki Alþingis á framkvæmdaáætlun „til að tryggja réttindi íbúa af erlendum uppruna, aðgang þeirra að opinberri þjónustu og aðlögun“.³² Í framkvæmdaáætluninni er fjallað um menntun og aðlögun innflytjenda í greinum 7, 8, 10 og 15. Kveðið er á um að „mat og viðurkenning á erlendra starfsmenntun og námi verði einfaldað“³³ og upplýsingar verði aðgengilegar. Þessi vinna virðist vera langt komin en er ólokið. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið eru ábyrg fyrir framkvæmdinni. Grein 8 fjallar um atvinnumál og sérstaklega er vísað til þess að námskeið í vinnuverndar- og öryggismálum skuli standa erlendu starfsfólki til boða á ýmsum tungumálum.³⁴ Sérstaka athygli samstarfsmannanna í norræna rannsóknarverkefninu vakti námskeið í að „virkja frumkvöðla meðal innflytjenda“ sem lýst er í framkvæmdaáætlun³⁵ og Nýsköpunarmiðstöð Íslands ber ábyrgð á. Ekki reyndist unnt að finna upplýsingar um hvort umrætt námskeið hafi verið haldið.

Framkvæmd stefnu um íslenskukennslu er aðallega lýst í fimmtánda grein en ábyrgð á framkvæmd hefur í flestum liðum „verkefnisstjórn um íslenskukennslu fyrir útlendinga“ hjá menntamálaráðuneyti. Verkefnisstjórnin var skipuð í nóvember 2007.³⁶ Ekki er að sjá að meðlimir í verkefnisstjórninni hafi menntun eða sérþekkingu á annarsmálsfræðum. Í fimmtánda grein kemur einnig fram að veittir verði „styrkir til fræðsluaðila og fyrirtækja sem uppfylla þau formskilyrði sem menntamálaráðuneyti setur vegna íslenskukennslu fyrir innflytjendur“.³⁷ Hvatt er sérstaklega til útgáfu námsefnis í samræmi við námskrár, þróunar mælistika um gæði námsefnis og að námsefnisgerð sé styrkt meðal annars með framlögum úr ýmsum þróunarsjóðum.³⁸ Kveðið er á um að samin verði gæðaviðmið um íslenskukennslu fyrir útlendinga og að viðmiðin eigi að vera tilbúin 2008. Gæðastaðlar hafa verið gefnir út

32 *Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í mállefnum innflytjenda*, bls. 1.

33 Sama rit, gr. 7.1, bls. 23.

34 Sama rit, gr. 8.5, bls. 26.

35 Sama rit, gr. 8.8, bls. 26.

36 *Íslenska með breim er líka íslenska. Greinargerð verkefnisstjórnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga. Staða verkefnisins*, 2008, Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, bls. 2.

37 *Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í mállefnum innflytjenda*, bls. 42.

38 Sama rit, bls. 41.

fyrir almennt námsefni sem nýta má til að meta námsefni í íslensku sem öðru máli.³⁹ Grein 15.5 fjallar um þróunarverkefni þar sem unnið verði að því með aðstoð upplýsingatækni að innflytjendur sem ekki kunna latneskt letur og hafa litla formlega menntun frá heimalandi sínu, eigi þess kost að læra að lesa og boðið sé upp á íslenskunám við hæfi, óháð búsetu.⁴⁰ Framkvæmd þessarar áætlunar er ekki hafin.

Hér hefur verið lýst stefnu og framkvæmdaáætlun með fáeinum athugasemdum. Sérstaklega verður fjallað um framkvæmd stefnu um styrkveitingar til fræðsluaðila, gæðaeftirlit, námsefnisgerð og kennaramenntun í næstu köflum.

3.3 Fjármögnun íslenskukennslu

Á árunum 2005–2009 veitti mennta- og menningarmálaráðuneytið 527 milljónum af fjárlögum til eflingar íslensku sem öðru máli. Auk þess veittu önnur ráðuneyti fjármagni til málaflokksins en í mun minna mæli þó. Tafla 4 sýnir fjárframlög hins opinbera til íslensku sem annars máls, stærsti hluti til kennslu, á árunum 2005–2009.

Tafla 4. Framlag til íslenskukennslu af fjárlögum 2005–2009.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
02-451 1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga ⁴¹	
Fjárlög 2009	128,0 m.kr.
Fjárlög 2008	240,1 m.kr.
Fjárlög 2007	119,6 m.kr.
Fjárlög 2006	24,3 m.kr.
Fjárlög 2005	15,0 m.kr.

39 *Viðmið um námsefni*, Reykjavík: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2006, http://www.namogstarf.is/Files/Skra_0038165.pdf [sótt 31.03.2010].

40 *Pingsályktun um framkvæmdaáætlun í mállefnum innflytjenda*, bls. 42.

41 Ólafur Grétar Kristjánsson, mennta- og menningarmálaráðuneytið, tölvupóstur, dags. 07. október 2009.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutar styrkjum í samræmi við reglur til fræðsluaðila og fyrirtækja er bjóða nám í íslensku sem ekki er hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Styrkirnir eru m.a. auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum og fer úthlutun fram tvisvar til þrisvar á ári. Rétt til að sækja um styrki eiga fræðsluaðilar og fyrirtæki í samvinnu við „hæfan“ fræðsluaðila. Í 4. grein í reglum um úthlutun kemur fram að umsækjendur skulu veita upplýsingar um „markmið námsins, lýsing[u] á inntaki þess, námsefni og aðstöðu til kennslunnar, kennara, menntun hans eða færni og starfsreynslu [...] kennslustundafjölda, nemendafjölda, kennslutíma, um námskeiðskostnað og fjármögnun.“⁴² Menntamálaráðuneyti hefur eftirlit með framkvæmd íslenskukennslu.⁴³

Aðrir en hið opinbera hafa lagt fé til íslenskukennslu. Á árunum fyrir 2007 höfðu ýmsir menntasjóðir á vegum stéttarfélaganna, aðallega *Landsmennt* (www.landsmennt.is) og *Starfsafl* (www.starfsafl.is) styrkt bæði námskeið og námsefnisgerð í íslensku sem öðru tungumáli. Á árunum 2004–2006 nam þessi upphæð 48,7 milljónum króna. Árið 2006 kölluðu Starfsgreinasambandið og Samtök atvinnulífsins eftir auknum fjárframlögum ríkisins til íslenskunámskeiða.⁴⁴ Ríkið brást skjótt við og árið 2007 var framlag til eflingar íslensku sem annars máls hækkað úr 24,3 milljónum króna frá árinu 2006 í 119,6 milljónir króna. Það ár fengu 77 fræðsluaðilar og fyrirtæki styrki til íslenskukennslu. Upphæð styrkja var frá rúmum 20 þúsund krónum til tæplega 40 milljóna króna, hinn stærsti vegna um 5.773 þátttakenda. Árið 2008 var úthlutað 155 milljónum króna til 65 fræðsluaðila og fyrirtækja. Upphæð til hvers umsækjanda var frá 75 þúsund krónum til 37,6 milljóna vegna um 5.100 þátttakenda en þó aðeins þeirra nemenda sem höfðu sótt a.m.k. 75% af kennslustundum.⁴⁵ Árið 2009 lækkaði heildarupphæðin niður í 128 milljónir vegna efnahagsástandsins. Ljóst er að hið opinbera var tilbúið að mæta aukinni þörf fyrir íslenskukennslu en hin mikla dreifing fjármagnsins, sérstaklega í

42 *Reglur um úthlutun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga vorið 2009*, Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-doc-eydublod/Uthlutunar-reglur_vor_2009.pdf [sótt 30.0711].

43 Sama rit.

44 *Íslenska með breim er líka íslenska*, bls. 7.

45 Sama rit.

ljósi þess hve mikið vantar af menntuðum kennurum og námsefni, hlýtur hins vegar að vekja spurningar um hvort mögulegt sé að mæta kröfum um gæði námskeiða. Þá er alls ekki skýrt hvort „hæfir“ fræðsluaðilar hafi unnið með styrkþegum eins og getið er um í framkvæmdaáætlun né heldur hvernig skilgreina skal hæfa fræðsluaðila.

Þátttakendur í íslenskunámskeiðum sem eru virkir á vinnumarkaði geta áfram sótt um stuðning vegna námskeiðsgjalda hjá stéttarfélagi sínu sem oftast greiðir 75–80% af kostnaði einstaklingsins. Hluttur einstaklingsins í námskeiðsgjaldi getur verið á bilinu milli 17.000 og 30.000 íslenskar krónur eftir lengd námskeiðs.

Þar sem um 90% innflytjenda á Íslandi eru í vinnu er ekki til staðar stuðningskerfi sem gerir ráð fyrir að þeir fái framfærslulífeyri á meðan þeir tileinka sér íslensku. Gengið er út frá því að íslenskunám fari fram með vinnu eða í vinnutíma og að námskeið sem styrkt eru fylgi námskrá.

3.4 Námskrá

Námskrá í íslensku sem öðru máli fyrir fullorðna kom út árið 2008. Hún lýsir 240 tíma námsleið sem skiptist í 4 stig, en hvert stig nær yfir 60 tíma kennslu. Í námskrá er gert ráð fyrir að kennslan sé einstaklingsmiðuð og að fræðsla um íslenskt samfélag og grunngildi sé samtvinnuð kennslu í íslensku máli. Gengið er út frá að kennt sé íslenskt mál sem nýtist innflytjendum í hversdagslífinu og auðveldi þeim þátttöku í íslensku samfélagi, námi og starfi. Kennslan á að vera sveigjanleg. Gefið er ráðrúm til að halda námskeið á vinnustöðum, hjá fræðsluaðilum, í og utan vinnutíma, óháð tímatak-mörkunum.

Lokamarkmið eftir 240 tíma eru að nemandi:

- geti bjargað sér við daglegar aðstæður í skóla, vinnu og einkalífi
- geti bjargað sér við óvæntar aðstæður
- hafi öðlast nægilegt vald á orðaforða til að geta tekið þátt í umræðum um kunnugleg málefni
- geti skilið einfaldar samræður milli manna
- geti lesið stuttan texta á einföldu máli um kunnugleg efni

- geti skrifað stuttan texta á einföldu máli um kunnugleg efni
- hafi öðlast undirstöðuþekkingu í helstu siðum og venjum í íslensku samfélagi
- geti greint aðalatriði í ljósvakamiðlum, sjónvarpi og útvarpi þegar um kunnugt efni er að ræða.⁴⁶

Námskrá fylgir almennum evrópskum færniviðmiðum A1–A2. Í stefnu stjórnvalda eru ekki ákvæði um sérstök samræmd próf né mat. Kennarar meta því fæрни nemenda að námskeiði loknu. Innflytjendur sem sækja um búsetuleyfi þurfa að sýna fram á þátttöku í 150 tíma námskeiðum í íslensku. Þeir sem sækja um ríkisborgararétt skulu standast samræmt próf í íslensku.⁴⁷ Haustið 2009 kom út framhalds-námskrá þar sem lokamarkmiðin miðast við evrópska færniviðmiðið B2. Sá hængur er á þessari nálgun að ekki er gerður greinarmunur á mismunandi forsendum innflytjenda til að takast á við námið og situr því háskólamenntað fólk í námskeiðum með ólæsum nemendum. Öllum má vera ljóst að ef eitt próf er notað til að úrskurða um málfærni þeirra sem sækja um búsetuleyfi eða ríkisfang, þá hallar verulega á þá sem hafa minni menntun og eru jafnvel ólæsir.

3.5 Framkvæmd íslenskukennslu

Enda þótt öllum sem uppfylla kröfur um gæði námskeiða sé heimilt að sækja um styrk beint til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, gerði ráðuneytið sérstakan samning⁴⁸ við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) árið 2003 um framkvæmd íslenskunámskeiða fyrir innflytjendur. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (www.frae.is) var stofnuð árið 2002 af Alþýðusambandi Íslands (www.asi.is) og Samtökum atvinnulífsins (www.sa.is) til að sinna fullorðinsfræðslu. Sérstaklega er Fræðslumiðstöðinni ætlað að styrkja möguleika fullorðinna til þátttöku í atvinnulífinu. FA gerði síðan samning við Mími – símenntun og átta aðrar símenntunarmiðstöðvar víðs vegar um landið um að bjóða íslenskunámskeið reglulega (www.frae.is/um-fa/).⁴⁹

46 *Námskrá. Íslenska fyrir útlendinga. Grunnmál*, Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2008.

47 www.namsmatsstofnun.is [sótt 07.06.11].

48 Þjónustusamningur: www.frae.is/um-fa/thjonustusamningur [sótt 15.12.2009].

49 *Úttekt á Fræðslumiðstöð atvinnulífsins*, Reykjavík: ParX Viðskiptaráðgjöf IBM, 2007, bls. 8.

Árið 2007 var aftur gerður samningur við FA og þá um 1) gerð námsefnis í íslensku sem öðru máli og 2) þjálfun kennara í að nota námsefnið. Námsefnið átti að vera tilbúið haustið 2007.⁵⁰ Samkvæmt upplýsingum frá Fræðslumiðstöð í lok júlí 2011 hefur uppfært námsefni nú verið gefið út.⁵¹

Eins og áður hefur komið fram er í stefnu ríkisstjórnarinnar kveðið á um að efla beri kennaramenntun m.a. með því að skilgreina lágmarkskröfur og að kennarar fái grunnþjálfun en að tímabundið átak verði gert í námskeiðshaldi með því að semja við háskólastofnanir um að annast menntun kennara.⁵² Árið 2007 var enn á ný gerður samningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, nú um þjálfun kennara til að kenna íslensku sem annað mál og voru FA veittar 9,5 milljónir til verksins. Í úttekt ráðuneytisins á FA frá 2009⁵³ kemur fram að markviss þjálfun kennara hafi ekki farið fram. Skýringin sem er gefin er að þar sem námsefnið hafi ekki verið tilbúið hafi ekki verið unnt að þjálfra kennara í notkun þess. FA hélt tveggja daga námskeið á þremur stöðum á landinu haustið 2008 og vorið 2009. Á námskeiðunum var farið yfir almennar aðferðir í kennslu fullorðinna, ný námskrá kynnt, aðferðir í kennslu tungumála og námsefni sem Mímir – símenntun notar.⁵⁴ Ljóst er að hér er mikið verk óunnið og stefna ríkisstjórnarinnar hefur ekki komið til framkvæmda hvað varðar aukningu vel menntaðra kennara og námsefnis við hæfi.

Í umræddri úttekt frá desember 2009 segir að jákvætt sé að tengja íslenskukennslu fyrir innflytjendur almennri fullorðinsfræðslu en í sömu andrá segir í úttektinni að spurningar vakni um hvort íslenskukennsla eigi að einskorðast við „útlendinga á vinnu-markaði“.⁵⁵ Lagt er til í úttektinni að mennta- og menningarmálaráðuneytið „móti heildstæða stefnu í íslenskukennslu fyrir útlendinga“.⁵⁶

50 Sama rit.

51 Sólborg Jónsdóttir, tölvupóstur, dags. 20. júlí 2011.

52 *Stefna ríkisstjórnarinnar*, bls.16.

53 *Úttekt*, bls. 17.

54 Sólborg Jónsdóttir, tölvupóstur, dags.15. október 2009.

55 *Úttekt*, bls.17.

56 Sama rit, bls. 3.

3.6 Fjöldi þátttakenda í íslenskunámskeiðum

Könnun á skilvirkni námskeiða fyrir innflytjendur var eitt aðalmarkmið norrænu rannsóknarinnar, en á Íslandi, eins og reyndar á hinum Norðurlöndunum, var afar erfitt að nálgast gögn sem skilgreindu fjölda þátttakenda, útkomu að loknu námskeiði og fjármagn sem til þess var varið. Símenntunarmiðstöðvarnar eru langstærstu fræðsluaðilar á þessu sviði á Íslandi og þeir einu sem hafa safnað tölum um þátttakendur. Ógerlegt var að fá þessar tölur hjá öðrum aðilum enda alls ekki skýrt hvenær fyrirtæki höfðu samráð við símenntunarmiðstöð og hvenær þau voru í samstarfi við aðra um kennslu námskeiða á þeirra vegum. Í þessum kafla er því eingöngu lýst fjölda þeirra nemenda sem sótt hafa námskeið í íslensku sem öðru máli hjá Mími – símenntun og hinum átta símenntunarmiðstöðvunum. Tölurnar ná yfir bæði almenn og starfstengd námskeið. Tölurnar frá 2005–2007 eru ekki nákvæmar að sögn heimildarmanns⁵⁷ en tölurnar frá 2008 gefa nokkuð góða mynd af fjölda nemenda það ár. Gífurleg fjölgun milli 2007 og 2008 er ekki eingöngu vegna betri upplýsinga heldur í samræmi við fjölgun innflytjenda á þessum árum. Hugsanlega er þetta vísbending um að margir úr hópi innflytjenda séu komnir til að vera á Íslandi.

Tafla 5. Nemendafjöldi í íslenskunámskeiðum hjá Mími – símenntun frá 2005–2008⁵⁸

Íslenska 2	2005	2006	2007	2008
Fjöldi þátttakenda	909	2.582	2.774	6.152
Fjöldi nemendastunda*	2.719	126.540	128.108	172.694

*Nemendastundir = fjöldi nemenda x fjöldi kennslustunda.

3.7 Sértek námskeið og verkefni

Innflytjendum standa til boða námskeið og menntunarmöguleikar sem ekki fylgja námskrá í íslensku sem öðru máli en geta falið í sér tungumálanám. Ekki er þó fyrir miklum fjölda að fara þar sem oft er erfitt að fjármagna námskeið sem ekki fylgja námskrá. Markmið

57 Björgvin Þór Björgvinsson, tölvupóstur, dags. 24. apríl 2009.

58 Sama heimild.

og markhópar eru mismunandi. Hér er um að ræða þróunarverkefni og sérstök einstök námskeið og undirbúningsnám hvers konar sem sérhannað er fyrir innflytjendur eða ákveðna hópa innflytjenda. Þessi námskeið geta verið almenn eða starfstengd en eiga það sameiginlegt að vera ekki í boði reglulega. Gefin eru dæmi um námskeið hér að neðan sem þykja hafa tekist vel. Þess skal getið að góð námskeið eru í boði um allt land. Erfitt var að finna námskeið til nánari umfjöllunar hér þar sem mjög lítið er til af útgefnum lýsingum á námskeiðum og mati á árangri þeirra.

Dæmi um þróunarverkefni er t.d. *Icelandic Online* (www.icelandiconline.is) sem er námskeið í íslensku sem öðru máli á Internetinu. Á námskeiðinu er kennt íslenskt mál og menning, og eru innflytjendur á meðal notenda. *Icelandic Online* er rekið af Háskóla Íslands. Þróun námskeiðsins var fjármögnuð af HÍ og RANNÍS en þó aðallega af erlendum samkeppnissjóðum s.s. NordPlus Sprog og Lingua II ætluð Evrópusambandsins. Þátttaka í *Icelandic Online* er án endurgjalds og eru þar um 80.000 notendur skráðir, þar af um þriðjungur á Íslandi.

Sérstök undirbúningsnámskeið eru til sem ætluð eru innflytjendum sem hafa litla formlega menntun. Námskeiðin eru t.d. íslenska fyrir ólæsa, sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur, framburðarkennsla fyrir fólk frá fjarlægum málsvæðum, námskeið fyrir unga Víetnama, íslenskukennsla fyrir atvinnulausa og íslenskukennsla fyrir þá sem sótt hafa um íslenskt ríkisfang.

Landnemaskólinn er námsleið sem hentar ungum innflytjendum sem þegar hafa náð nokkrum tókum á íslensku máli. Tilgangur námsins er að auðvelda fólki af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Námið er 120 kennslustundir og er hannað af Mími – símenntun með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Ekki er krafist sérstaks undirbúnings en námið er metið til 10 eininga á framhaldsskólastigi. Námskrá með skýrum markmiðum hefur verið gefin út til að auðvelda fræðsluaðilum um allt land að bjóða upp á þetta nám sem er kennt á íslensku. Helstu námsþættir eru íslenska (58 tímar), samfélagsfræði (20 tímar), tölvur (15 tímar), gerð færnimöppu (15 tímar), sjálfstyrking og samskipti og námsmat (12 tímar). Unnt er að bjóða námið utan eða að hluta í vinnutíma og eru dæmi um að allir

nemendur séu af sama vinnustað. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, FA og stéttarfélögin styrkja Landnemaskólann en námskeiðið var fyrst haldið árið 2003. Sextán nemendur luku námi í Landnemaskólanum árið 2003 en árið 2007 var talan komin upp í 147 nemendur.⁵⁹

Í starfstengdum námskeiðum er lögð áhersla á sértækar þarfir fólks á vinnumarkaði. Námskeiðin eru sérstaklega aðlöguð mál-færni þátttakenda. Sem dæmi má nefna starfstengd íslenskunámskeið á vinnustöðum sem styrkt voru af menntunarsjóðum Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambandsins en þróuð af fræðslu-aðilum og kennd á vinnustöðum, oft í vinnutíma. Þessi samvinna var hvað mest fyrir árið 2007, þegar mennta- og menningarmálaráðuneytið jók framlag til að styrkja íslenskunámskeið í samræmi við námskrá. Árið 2003 var fimmtungur af styrktum námskeiðum *Landsmenntar* (Fræðslusjóðs Samtaka atvinnulífsins) vegna íslensku-kennslu, eða 14 námskeið, en árin 2006 og 2007 voru íslensku-námskeið nærri helmingur allra námskeiða á vegum Landsmenntar⁶⁰ (ekki fundust samsvarandi tölur fyrir *Starfsafl* (Fræðslusjóð Starfsgreinasambandsins)).

Megináhersla í starfstengdum tungumálanámskeiðum er lögð á kennslu tungumáls sem notað er á hverjum vinnustað fyrir sig, samskiptafærni og fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Námskeiðin eru byggð á sérstakri þarfagreiningu sem unnin er áður en námskeiðið er skipulagt og hafa slík námskeið verið haldin á fjölda vinnustaða. Sum starfstengd námskeið hafa verið kennd með aðstoð túlka og/eða byggð á námsefni sem þýtt hefur verið á móðurmál þátttakenda. Þess ber að geta að starfstengd námskeið eru líka styrkt af hinu opinbera. Eitt slíkt er starfstengt námskeið sem boðið var starfsmönnum að hluta til í vinnutíma í fiskvinnslufyrirtækinu HB Granda hf. í Reykjavík. Námskeiðið er mjög í anda þeirrar kennslutilhögunar sem forsvarsmenn norrænu rannsóknarinnar mæla með og er dæmigert fyrir starfstengd námskeið sem haldin voru á vegum einkafyrirtækisins Fjölmennningar (sem fræðsluaðila) í samvinnu við fræðslusjóði ASÍ.⁶¹ Námskeiðið var þróað eftir að nákvæm þarfagreining hafði farið fram og var tillit

59 Björgvin Þór Björgvinsson, tölvupóstur, dags. 24. apríl 2009.

60 www.landsmennt.is [sótt 17. febrúar 2010].

61 Birna Arnbjörnsdóttir, „*The HB Grandi Experiment*“.

tekið til þarfa og óska fyrirtækisins, stéttarfélagsins og nemendanna sjálfra. Alhliða starfstengd íslensku- og menningarnámskeið voru síðan byggð á þarfagreiningunni með fjórum færnistigum, auk námskeiðs fyrir þá sem ekki voru taldir læsir á latneskt letur. Allir starfsmenn, íslenskir og erlendir, verkamenn og forstjórar, fengu kennslu í þvermenningarlegum samskiptum. Námsefnið var sérhannað og því skipt niður í innlagnir, æfingar og vettvangsverkefni.⁶² Þemun voru: vinnustaðurinn, samskipti á vinnustað, starfið mitt, réttur og skyldur og íslenski vinnumarkaðurinn. Málleg markmið voru á sviði orðaforða, framburðar og málnotkunar. Hver kafla endaði á vettvangsverkefni sem öll gengu út á að eiga samskipti við íslenska samstarfsmenn. Aðalmarkmiðið var að kenna nemendum nægilega mál- og samskiptafærni til að þeir gætu haldið áfram að læra íslensku eftir að námskeiðinu lauk, að nemendur þekktu rétt sinn og skyldur og gætu síðar meir tekið þátt í almennum námskeiðum sem leiddu til betri launa.

Námskeiðinu í HB Granda var fylgt eftir frá upphafi með rannsókn á þróunarferlinu sjálfu og árangri nemenda.⁶³ Niðurstöður á stöðuprófum og færniþrófum sýndu að allir nemendur lærðu íslensku en þó sérstaklega þeir sem mældust á færnistiginu, Byrjendur II.⁶⁴ Námskeiðið var árangursríkt vegna þess að markmið þess voru skýr og mættu þörfum þátttakenda, námsefnið byggðist á rauntextum sem höfðu gildi fyrir málmennta og þeir fengu tækifæri til raunverulegra tjáskipta á íslensku við samstarfsmenn og starfsandinn innan fyrirtækisins batnaði.⁶⁵

4. Íslenska rannsóknin í ljósi þeirrar norrænu: Hugleiðingar og lokaorð

Í þessum hluta verður haldið áfram þar sem frá var horfið í norrænu rannsókninni. Settar verða fram hugleiðingar um stöðu fullorðins-

62 Sama rit.

63 Sama rit; Birna Arnbjörnsdóttir, „Teaching Icelandic in the Workplace. A Bridge to General Proficiency?“, *Proceedings of the Conference of Research in the Nordic Languages as Second or Foreign Languages in Reykjavík in May 2001*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2002, bls. 222–242.

64 Sama rit.

65 Svavar Svavarsson, „Teaching Icelandic in Grandi“, *Ráðstefna um starfstengda íslenskukennslu*, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Háskóli Íslands, 15. apríl 2003.

fræðslu eins og hún lýtur að innflytjendum á Íslandi og á Norðurlöndum í heild og rætt um hvað megi læra af samanburðarannsókninni.

Nokkuð hefur áunnist í menntunarmálum innflytjenda í stuttri innflytjendasögu Íslands. Milli áranna 2006 og 2007 varð tíföldun á fjárframlögum til þessa málaflokks, sem lýsir vilja hins opinbera til að styðja við aðlögun innflytjenda. Frá árinu 2007 hefur það verið skýr stefna að innflytjendur njóti sömu réttinda og aðrir íbúar landsins. Misvel hefur hins vegar gengið að framkvæma stefnuna. Sjálfsagt hefur efnahagsástandið haft einhver áhrif en það hlýtur að hamlar framkvæmd stefnunnar að ekki er sérstök deild innan stjórnsýslunnar eða sérfróðir fulltrúar sem eingöngu fást við málefni innflytjenda. Einsleitni námskrár, skortur á reglum um mat á fyrri námi og starfsreynslu innflytjenda, skortur á menntuðum kennurum, prófum og góðu námsefni bera vott um þetta.

Það var mikil bót fyrir íslenskukennslu fyrir útlendinga að fá námskrá í íslensku sem öðru máli. Námskráin gerði það að verkum að námskeið út um allt land urðu samhæfðari og hnitmiðaðri. Á hinn bóginn dugar ein námskrá ekki öllum þeim margbreytilega hópi fólks sem þarf að læra íslensku eins og norræna samanburðarannsóknin bendir á. Farsælar námsleiðir og námskeið taka tillit til undirbúnings og þarfa nemenda. Það er athyglisvert að þó svo að stærsti fræðsluaðili á sviði íslenskukennslu fyrir útlendinga, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, tengist atvinnulífinu virðist sem tilkoma námskrár hafi haft þau áhrif að námskeið verða almennari, líka hin svokölluðu starfstengdu námskeið sem þurfa að fylgja námskrá til að fá styrk frá hinu opinbera. Námskeiðin hafa því orðið einsleitari og raunverulegum starfstengdum námskeiðum hefur fækkað.⁶⁶ Erfiðara er að fjármagna sértæk námskeið sem þjóna afmörkuðum markhópum og þeim hefur einnig fækkað. Þetta leiðir til þess að háskólamenntaðir og ólæsir sitja oft í sömu námskeiðum þrátt fyrir gerólíkar þarfir þessara hópa. Það sama má segja um próf. Frá kennslufræðilegu sjónarmiði er það afar óheppilegt að allir nemendur séu settir undir sama hatt án tillits til námsundirbúnings eða þarfa og þetta er ekki raunin annars staðar á Norðurlöndum. Hér þurfa

66 Birna Arnbjörnsdóttir og Ingibjörg Hafstað, *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse*.

Íslendingar að gera betur og geta lært sérstaklega af Dönum sem hafa verið öflugir í þróun mats.

Gera verður skýrari kröfur um gæðaeftirlit með íslenskunámi fyrir fullorðna. Árin 2008 og 2009 fengu að meðaltali 70 fræðsluaðilar og fyrirtæki styrki, allt frá mjög litlum upphæðum upp í tugi milljóna króna sem fóru til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þessi mikla dreifing hlýtur að vekja spurningar um að hve miklu leyti unnt sé að fylgja eftir gæðakröfum og eftirliti sem mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á og kveðið er á um í framkvæmdaáætlun. Í greinargerð verkefnisstjórnar um íslenskukennslu frá 2008 er tekið fram að ekki hafi verið til gæðaviðmið til að stýra vinnu verkefnisstjórnarinnar. Verkefnisstjórnin lét því gera könnun á styrkveitingum árið 2009.⁶⁷ Könnunin segir því miður lítið um gæði námskeiða sem styrkt voru enda er könnunin afar almenn og ber vott um að hér voru ekki sérfræðingar í annarsmálsfræðum á ferð heldur sérfræðingar í mati.

Auk þess sem úthlutunarreglur ráðuneytisins stuðla að einsleitni námskeiða er hugsanlegt að kennarar treysti sér ekki til að víkja of langt frá námskrá og því námsefni sem í boði er, einfaldlega vegna þess að þeir telja sig hvorki hafa menntun né þekkingu til þess. Það eru of fáir vel menntaðir kennarar í annarsmálsfræðum á vettvangi. Markviss menntun og símenntun kennara í íslensku sem öðru máli hefur ekki verið í boði og engin opinber starfslýsing eða kröfur um færni kennara á þessu sviði hefur verið samþykkt. Í stefnu ríkisstjórnarinnar segir að fjölga eigi vel menntuðum kennurum með því að auka framboð náms m.a. með samningum við háskóla. Hér er mikið verk óunnið og brýnt í ljósi niðurstaðna hér að ofan að gera átak í menntun kennara. Aðeins í Danmörku eru gerðar skýrar kröfur til menntunar kennara í dönsku sem öðru máli. Hér er því tækifæri til samvinnu meðal Norðurlandabjóðanna um kennaramenntun. Sameiginlegt norrænt kennaranám, a.m.k. að hluta, væri tilvalið og myndi auka gæði og samhæfingu og möguleika á að nýta sérþekkingu innan allra Norðurlandanna.⁶⁸

67 *Könnun á ráðstöfun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga*, Reykjavík: Háskóli Íslands/Félagsvísindastofnun, 2009, www.bella.stjr.is/utgafur/radstofun_styrkja_v_islenskukennslu_0408.pdf [sótt 15.08.09].

68 Karen Lund og Birna Arnþjórsdóttir, „Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse. En nordisk komparativ undersøgelse“, NORAND 10, Reykjavík, 24.–27. maí 2011.

Enn vantar námsefni sem unnið er í samræmi við markmið námskrár frá byrjendum til þeirra sem eru lengst komnir en einnig vantar skipulegar og reglubundnar námsleiðir og námsefni sem hannað er fyrir sérstaka hópa, s.s. ólæsa, málhafa sem þurfa sérstaka framburðarkennslu og fólk sem ekki er í atvinnu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um útgáfu námsefnis fyrir öll færnistig. Í úttekt ráðuneytisins kemur fram að þetta námsefni hefur ekki verið gefið út. Ekki eru gefnar ástæður fyrir miklum seinkunum en aftur mætti spyrja hvort viðeigandi sérfræðipækking í gerð námsefnis í annarsmálskennslu sé til staðar hjá FA og ef svo er ekki, hvort það tefji fyrir vinnu við gerð námsefnisins. Hér er ekki við þá fáu kennara sem hafa reynslu og vilja til verksins að sakast. En sama fólkið getur ekki verið allt í öllu, sinnt kennslu, gert námsefni og þjálfað kennara. Þá ýta undirliggjandi viðhorf um að þjálfun kennara geti ekki farið fram þar sem námsefnið sé ekki tilbúið undir einsleitni, einföldun og sýnir skort á skilningi á fjölþættingu máltileinkunar fullorðinna. Þetta er gamla viðhorfið að sama námskráin og sama prófið dugi öllum. Nægir að vísa til námskráa annars staðar á Norðurlöndum um hið gagnstæða en þær gera ráð fyrir mismunandi námsleiðum, námshraða og sérstökum prófum fyrir hópa með mismikla menntun. Vænlegra væri að stuðla að alhliða menntun kennara fremur en að tengja þjálfun kennara við eina tegund námsefnis. FA er ekki háskólastofnun og því spurning hvort FA sé rétti aðilinn til að mennta kennara. Það er afar brýnt að bæta úr skorti á kennurum og tafarlaust þyrfti að koma á námsbrautum í kennslu íslensku sem annars máls á háskólastigi. Fjölgun hæfra kennara er besta leiðin til þess bæði að auka fjölbreytni og gæði námskeiða og námsefnis. Ef til vill á skortur á menntun kennara og annarra sérfræðinga sinn þátt í því hversu treglega gengur að semja stöðluð stöðupróf og færnipróf sem nota má sem viðmiðun í mati.

Auka þarf þekkingu og menntun þeirra sem sjá um framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda og auka sérhæfingu. Málaflokkurinn hlýtur að vera orðinn nægilega stór til að fulltrúar geti sinnt honum einum. Slíkt myndi auka líkur á því að stefnan nái fram að ganga og styrkja málefnið almennt. Þetta má gera með því að ráða fagfólk til starfa og einnig með því að auka

samvinnu við sérfræðinga, bæði innlenda og erlenda á sviðinu og auka samvinnu milli Norðurlandanna um málefni er lúta að málefnum innflytjenda almennt.

Pótt finna megi að framkvæmd stefnu í málefnum innflytjenda á Íslandi má einnig benda á það sem vel er gert. Samvinna ríkisins, stéttarfélaga og fræðsluaðila um málefni innflytjenda á Íslandi, sérstaklega fyrir 2007, var mjög öflug og til fyrirmyndar. Stéttarfélögin á Íslandi voru fljót að átta sig á mikilvægi þess að innflytjendum stæði íslenskukennsla til boða. Samvinna Samtaka atvinnulífsins við fræðsluaðila var fyrirtækjum hvatning og fjölmörg buðu starfsmönnum sínum íslenskunámskeið, oft í vinnutíma. Árangur þess samstarfs var framboð á námskeiðum sem höfðu ákveðna skírskotun til raunveruleika innflytjenda og mættu raunverulegum þörfum þeirra. Almenn ánægja var með þessi námskeið og ein af aðalniðurstöðum þessarar norrænu rannsóknar er einmitt að starfstengd tungumálanámskeið hafi gefist vel og að þeim beri að fjölga.

Skjót viðbrögð íslenskra stjórnvalda við mikilli fjölgun innflytjenda ber líka að nefna. Frá árinu 2006 til ársins 2007 tífaldaði ríkisstjórnin fjárframlag sitt til málefnsins. Þetta sýnir vilja ríkisstjórnarinnar til að mæta þörfum innflytjenda. Stefna íslenska ríkisins er að mörgu leyti öðruvísi en annarra Norðurlanda. Vissulega má segja að aðstæður séu hér aðrar en annars staðar á Norðurlöndum en á Íslandi hefur ekki verið atvinnuleysi meðal innflytjenda nema á síðustu misserum. Í stefnunni er gert ráð fyrir að allir séu í atvinnu eða stefni á atvinnuþátttöku. Þetta er jafningjastefna – allir hafa sömu réttindi og skyldur. Samkvæmt þessari stefnu er það hvers einstaklings að afla sér menntunar og ná sér í atvinnu en skylda stjórnvalda að greiða veg viðkomandi að námi og starfi með nægu framboði námskeiða og upplýsingagjöf.

Reynsla grannþjóðanna á Norðurlöndum af því að greiða framfærslu á meðan innflytjendur læra tungumálið hefur ekki leitt til aukinnar atvinnuþátttöku. Það hlýtur að vekja spurningar um hvað verður um gerendahæfni (e. *agency*) einstaklinga sem koma inn í velferðarkerfi þar sem gengið er út frá því að þeir verði atvinnulausir a.m.k. í þrjú ár eftir að þeir flytja til landsins eins og þekkt er hjá nágrannþjóðunum. Almennt er talað um að atvinnuleysi sem varir

í meira en eitt ár meðal einstaklinga auki líkurnar á því að það verði varanlegt ástand. Það sama hlýtur að gilda um innflytjendur. Langvarandi atvinnuleysi leiðir til félagslegrar einangrunar og fátæktar kynslóð eftir kynslóð. Þetta er reynsla þeirra landa sem hafa lengri innflytjendasögu en Íslendingar.

Í norrænu rannsókninni voru dregin upp einkenni sem fremur öðrum stuðla að farsælli menntun, betri málfærni og nýttast því betur innflytjendum. Í kjölfar hennar settu höfundar fram eftirfarandi athugasemdir og tillögur:

- Efla þarf rannsóknir á árangri símenntunarleiða með tilliti til fjármagns og mannskaps sem til þeirra er varið.
- Viðurkenna þarf sameiginlega ábyrgð allra hagsmunaaðila á aðlögun innflytjenda og samfélagsins.
- Efla þarf samvinnu milli allra hagsmunaaðila um menntun og námsleiðir.
- Samræma þarf menntunarkröfur til kennara innflytjenda á Norðurlöndum.
- Styrkja þarf tengsl milli tungumálamarkmiða og starfstengdra markmiða.
- Gera þarf þarfagreiningu og móta markmið áður en námskeið hefjast.
- Sveigjanleiki þarf að vera varðandi þyngdarstig, skipulag og aðgengi.
- Auka þarf notkun tækni í tungumálakennslu fyrir innflytjendur.
- Semja þarf (samnorrænar?) reglur sem auðvelda mat á fyrri námi og starfsþekkingu.
- Auka þarf þátttöku mentora í menntun, því þeir auka persónuleg tengsl og eru brú milli menninga.⁶⁹

Norðurlöndin hafa þá sérstöðu að þar er enskukunnátta mjög almenn og alvanalegt að gripið sé til ensku í samskiptum við innflytjendur.⁷⁰ Mikil notkun ensku í samskiptum við innflytjendur.

69 Wahlgren o.fl., *Integration af indvandrere gennem voksen- og efteruddannelse*, bls. 7. Þýtt, stytt og lagað af höfundi.

70 Birna Arnbjörnsdóttir, „Samfélag málnotenda. Íslendingar, innflytjendur og íslenskan“, *Ritið* 1/2007, bls. 63–83.

ur á Norðurlöndum eykur ekki líkurnar á því að þeir læri þjóðtöngu landanna. Hér þurfa að koma til nýjar nálganir sem fela í sér að virkja málsamfélagið betur til að nota þjóðmál hvers lands í samskiptum við innflytjendur. Þetta má gera með ýmsu móti. Hluti af starfstengdu íslenskukennslunni í HB Granda sem lýst er að ofan⁷¹ gekk út á það að virkja íslenskumælandi starfsfólk í fyrirtækinu til að tala við útlendingana t.d. í vinnuhléum eða utan vinnutíma. Íslensku starfsmennirnir fengu sérstaka þjálfun til þess sem og málmenntarnir sjálfir. Í smærri plássum úti á landi fór kennarinn í verslanir í kringum vinnustaðinn og bað starfsmenn að tala íslensku við erlenda starfsmenn nærliggjandi fyrirtækja. Nálgun sem þessi hefur fræðilegan stuðning í félags- og menningarkenningum (e. *socio-cultural theories*) sem byggjast á því að yrt félagsleg samskipti séu undirstaða og forsenda máltilteinkunar og málánáms.⁷² Nýverið hafa fræðimenn á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð á sviði annarsmálsfræða og hönnunarmannfræði (e. *design anthropology*) hafið könnun á möguleikum þess að virkja ákveðna hluta samfélagsins, s.s. fyrirtæki, stofnanir, félög ýmiskonar og einstaklinga til að verða virkari í samskiptum við innflytjendur á þjóðtöngu landanna, bæði í formi yrtra samskipta og með hönnun tækja og tóla sem gefa innflytjendum og öðrum þátttakendum upplýsingar um bæði orðaforða og samskiptafrasa úti í samfélaginu. Sem dæmi má nefna merkingu á umbúðum, orðaforða á spjöldum á borðum á veitingastöðum, tungumálakaffihús og klúbba og margt fleira. Þessi kennslunálgun hefur verið kölluð „Life Based Language Learning“ eða „tungumálánám úti í lífinu“ og verður tilraun til að bregðast við þeim raunveruleika sem innflytjendur búa við í norrænu málumhverfi.

Ljóst er að mikil tækifæri eru á Norðurlöndunum til að þróa rannsóknir og samstarfsverkefni sem samnýta fjármagn og sérþekkingu á menntun og aðlögun innflytjenda. Með samstarfi má samhæfa og styrkja möguleika innflytjenda til að taka þátt í norrænum samfélögum, auðga þau og styrkja og finna starfskröftum sínum farveg.

71 Birna Arnbjörnsdóttir, „The HB Grandi Experiment“.

72 Lev S. Vygotsky, *Thought and Language*, Cambridge, MA: The MIT Press, 1986.

ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein er fyrst lýst samnorrænni rannsókn á þætti símenntunar og fullorðinsfræðslu í aðlögun innflytjenda á Norðurlöndum. Borin er saman stefna í menntunarmálum fullorðinna innflytjenda, framkvæmd slíkrar stefnu á Norðurlöndunum fimm og símenntunarúrræði sem í boði eru í hverju landi. Rannsóknin leiddi í ljós að þrátt fyrir samræmi í stefnu er framkvæmd hennar í löndunum fimm mjög mismunandi og var því í niðurstöðum rannsóknarinnar m.a. kallað eftir meiri samhæfingu og samvinnu um framkvæmd og sérstaklega um rannsóknir, kennaramenntun og þróun námsleiða. Síðan er fjallað sérstaklega um íslenska hluta rannsóknarinnar. Niðurstöður hennar eru að mikið hefur áunnist en ennþá er nokkuð verk óunnið áður en markmiðum yfirlýstrar stefnu íslenskra stjórnvalda er náð. Að lokum er velt upp hugmyndum um hugsanleg neikvæð áhrif sterks velferðarkerfis Norðurlandanna á gerendahæfni (e. *agency*) innflytjenda og þar með á möguleika þeirra til aðlögunar og síðan bent á leiðir til að auka samvinnu hins opinbera og fræðimanna innan hvers lands og á milli Norðurlandanna.

Lykilorð: Norðurlönd, innflytjendur, stefna á Norðurlöndum, aðlögun, símenntun

ABSTRACT

The Role of Educational Policy and Adult Education in the Integration of Immigrants in Iceland and the other Nordic Countries

This article describes the results of a Nordic study on the role of continuing education in the integration of immigrants in the Nordic countries. Integration and education policies and their implementation is compared across the five participating countries. The conclusions are that despite common emphases in the national policies, their implementation in each country varies. The study participants therefore call for more Nordic cooperation, especially in the areas of implementation, research, teacher education and development of educational opportunities for immigrants. The second half of the article describes the results of the Icelandic part of the study. Although much has been accomplished in immigrant education in Iceland, there is still a way to go before the goals of the official immigrant education policy are reached. The article concludes with reflections on the possible counterproductive effects of the strong Nordic general welfare policy on immigrants' sense of *agency* and suggests ways to increase cooperation between government organizations and researchers in the Nordic countries for the promotion of integration.

Keywords: Nordic countries, immigrants, policy in the Nordic countries, integration, continuing education

Pýðingar

Tvö ljóð

Til minninganna¹

skref fyrir skref nálgist þið mig
með þögul morðáform
og ég fellst á refsinguna
réttarhöld eru öll
eins konar kveðjuathöfn

við höfum hlutverkaskipti
í regnboga tónlistarinnar

í annarri veröld
er ég steingervingur
eruð þið reikull vindur

致记忆

你步步逼近
暗含杀机
而我接受惩罚
所有的审判
是一种告别仪式

我们将交换角色
通过音乐之虹

在另一世界
我是化石
你是流浪的风

1 Geir Sigurðsson þýddi og ritar um höfund.

Á morgun, nei

Þetta er ekki kveðja
því við höfum aldrei hist
þótt á götunni hafi
skuggi hvolfst ofan á skugga
eins og einmana strokufangar

á morgun, nei
á morgun er ekki handan við nóttina
sá sem býst við því er sekur
og sögum sem gerast á nóttunni
þeim ber að ljúka á nóttunni

明天，不

这不是告别
因为我们并没有相见
尽管影子和影子
曾在路上叠在一起
象一个孤零零的逃犯

明天，不
明天不在夜的那边
谁期待，谁就是罪人
而夜里发生的故事
就让它夜里结束吧

Um Bei Dao

Kínverska ljóðskáldið Bei Dao (北岛) fæddist í Beijing árið 1949. Hann heitir réttu nafni Zhao Zhenkai (赵振开) en tók sér listamanns nafnið Bei Dao sem merkir „eyja í norðri“. Hann var einn af forvígismönnum svonefndra þokuljóðskálda á áttunda áratug tuttugustu aldar sem beittu ljóðlistinni m.a. til að tjá skelfilegar afleiðingar menningarbyltingarinnar 1966–1976. Bei Dao stofnaði árið 1978 tímaritið *Jintian* (今天, *Í dag*) sem varð einn helsti listræni vettvangur lýðræðishreyfingarinnar á þeim tíma. Eftir að hafa brotið hreyfinguna á bak aftur árið 1980 bönnuðu kínversk yfirvöld jafnt tímaritið sem ljóð þokuskáldanna, en á árunum sem fylgdu spratt upp fjöldinn allur af sambærilegum tímaritum sem tóku sér *Jintian* til fyrirmyndar. Bei Dao var staddur á bókmenntaráðstefnu í Berlín þegar kínversk stjórnvöld beittu vopnavaldi til að binda enda á stúdentamótmælin í Beijing þann 4. júní 1989 og var honum ekki leyft að snúa aftur til Kína vegna tengsla sinna við stúdentahreyfinguna. Í kjölfarið bjó hann víða í Evrópu og Bandaríkjunum og hélt áfram að sinna ljóðlistinni. Ljóð hans hafa verið þýdd á 25 tungumál og hann hefur oft verið talinn líklegur að hljóta bókmenntaverðlaun Nóbels. Árið 2006 fékk hann loks leyfi til að snúa aftur heim og frá árinu 2007 hefur hann gegnt stöðu prófessors við Kínverska háskólann í Hong Kong.

DÚ FÚ

Eitt ljóð

Tunglskinsnótt¹

Í nótt, á mánann yfir FÚ CHOU, þú horfir alein dyngju þinni úr;
Úr fjarska finn ég til með litlum dreng og stúlku, sem skilja ekki
söknud þinn til borgarinnar;
Ilmandi næturþokan vætir þitt greidda hár, öxl þín sem jaði, og
tunglskinið napurt skín á;
Hvenær getum við staldrað við tunglskinsbjartan skjá, og litið
hvort annars tárur þurru hvarma?

月夜

今夜鄜州月 閨中祇獨看
遙憐小兒女 未解憶長安
香霧雲鬟濕 清輝玉臂寒
何時倚虛幌 雙照淚痕乾

1 Jón Egill Eyþórsson þýddi og ritar um höfund.

Um Dú Fú

Dú Fú (杜甫, 712–770) er eitt rómaðasta skáld Kína og sennilega hið best þekkt á samt Lí Bæ (李白). Þessi tvö skáld voru reyndar samtímamenn og góðkunningjar og báðir uppi á valdatíma Tang (唐) og eru gjarnan nefndir í sömu andrá og bornir saman. Segja má að þeir séu jafnvel þekktir, því allflestir sem þekkja til annars vita um leið margt um hinn. Á árunum 755–763 geisaði stríð í keisaraveldinu. Hershöfðinginn An Lú Shan (安祿山) gerði upp-reisn, lýsti yfir sjálfstæðu veldi í Norður-Kína og herjaði þaðan á Tangveldið. Í júlí 756 féll höfuðborgin Ch'ang An (長安) og Dú Fú varð viðskila við fjölskyldu sína í átökunum og síðar fangi upp-reisnarhersins í höfuðborginni eftir að hafa komið eiginkonu sinni og börnum fyrir á tiltölulega öruggum stað. Ljóðið Yüeh Yeh (月夜) eða Tunglskinsnótt, er samið á þessum tíma og tjáir djúpan söknuð og þrá og milli línanna má enn fremur lesa örvæntingarfullan kvíða yfir óvissri framtíð. Stíll Dú Fú hneigist meira að fágugu myndmáli en því að tjá tilfinningar ljóðmælandans.

Undirritaður er hvorki hagarðingur né orðsnillingur, aðeins rómantískur fræðimaður, og markmið þessarar þýðingar er að reyna að tjá bókstaflega merkingu ljóðsins án þess að reyna að setja það í nokkurt ljóðform. Það er reyndar afar torvelt að gera slíkt án þess að glata öllum ljóðrænum blæ. Mun hagamæltari menn en ég hafa þýtt sígild kínversk ljóð með þeim hætti að yrkja þau upp á nýtt og færa í búning vestrænna bragarháttar. Ég kys hinsvegar að þýða eins orðrétt og framast er unnt og reyni að láta þýðinguna endurspegla upprunalegan einfaldleika hins sígilda forms og jafnframt mynd-ræna eiginleika ritmálsins.

Eftir því sem ég kemst næst hefur ljóðið ekki áður verið þýtt á íslensku. Mér varð það fyrst hugleikið við undirbúning fyrir námskeið um kínverska ljóðlist. En benda má á enskar þýðingar til samanburðar, t.d. stórgóða nýlega þýðingu eftir Burton Watson.²

2 Burt Watson, (þýðandi), *The Selected Poems of Du Fu*, New York: Columbia University Press, 2000.

Hógværð sögunnar¹

20. september árið 1792 horfði Johan Wolfgang von Goethe (sem fylgt hafði hertoganum af Weimar í hernaðarleidangur til Parísar) á nafntogaðasta her í Evrópu hrökklast af óskiljanlegum ástæðum undan nokkrum frönskum hermönnum við Valmy og sagði við hvumsa félaga sína: *Á þessum stað og á þessum degi er að hefjast nýtt tímabil í mannkynssögunni og við getum sagst hafa orðið vitni að upphafi þess.* Síðan þá hafa sögulegir dagar runnið upp fjölmargir og eitt af verkefnum ríkisstjórna (einkum á Ítalíu, í Þýskalandi og Rússlandi) hefur verið að framleiða þá eða sviðsetja með gnótt af fyrirfram gerðum áróðri og linnulausum auglýsingum. Slíkir dagar, sem benda til áhrifa frá Cecil B. de Mille, eru meira í ætt við blaðamennsku en sagnfræði. Mig grunar að sagan, hin raunverulega saga, sé hógværari og að höfuðdagsetningar hennar geti jafnframt verið leyndarmál um langan tíma. Kínverskur rithöfundur hefur bent á að einmitt vegna þess hversu afbrigðilegur einhyrningurinn er hljóti mönnum að sjást yfir hann. Tacitus kom ekki auga á Krossfestinguna þótt hún sé skráð í bók hans.

Þessar hugleiðingar leituðu á mig eftir að ég af tilviljun hafði rekist á setningu þar sem ég var að blaða í grískri bókmenntasögu. Setningin vakti athygli mína vegna þess að hún var dálítið dularfull. Hún hljóðaði svona: *He brought in a second actor* (hann bætti við öðrum leikaranum). Ég stöðvaðist í lestrinum, ég komst að því að sá sem framkvæmdi þennan dularfulla verknað var Aiskhýlos og að hann, samkvæmt því sem segir í fjórða kafla rits Aristótelesar *Um skáldskaparlistina*, „jók tölu leikaranna úr einum í tvo“. Kunnugt er

1 Sigrún Á. Eiríksdóttir þýddi og ritar um höfund. Þýðingin birtist áður í *Teningi* árið 1989 en er hér birt með smávægilegum breytingum.

að leikritun er sprottin úr dyrkun Díónýsusar. Upphaflega var um að ræða einn leikara, *hypokrités*, klæddan í svart eða purpura, á uppháum, þykksóluðum skóm og með mikla grímu fyrir andlitinu, og deildi hann sviðinu með tólf félögum kórsins. Leiklistin var ein af trúarathöfnunum sem dyrkuninni fylgdu og eins og allir helgisíðir hefur hún einhvern tíma átt á hættu að staðna.

En dag nokkurn, fimm hundruð árum fyrir Krists burð, sáu Aþenubúar sér til furðu og ef til vill hneykslunar (Victor Hugo hefur giskað á hið síðarnefnda) að annar leikarinn bættist við fyrirvaralaust. Þennan löngu liðna vordag, í þessu hunangslita leikhúsi, hvað hugsuðu þeir, til hvaða kenndar fundu þeir nákvæmlega? Ef til vill fundu þeir hvorki til furðu né hneykslunar, ef til vill fundu þeir einungis fyrir votti af undrun. Í *Tusculanae* er greint frá því að Aiskhýlos gengi í bræðralag Pýþagórasar, en aldrei fáum við að vita hvort hann gerði sér ljóst, þó ekki væri nema að hluta, mikilvægi þessarar breytingar frá einum í tvo, frá einingu í margfeldi og þannig í hið óendanlega. Með öðrum leikaranum komu samræðurnar og ótakmarkaðir möguleikar á gagnkvæmum áhrifum persónanna. Áhorfandi með spádómsgáfu hefði séð fjöldann allan af framtíðarleikpersónum fylgja í kjölfarið: Hamlet og Fást og Segismundo og Makbeð og Pétur Gaut og fleiri sem við komum ekki auga á ennþá.

Ég hef uppgötvað við bóklestur annan sögulegan dag. Sá átti sér stað á Íslandi á 13. öld, við skulum segja árið 1225. Komandi kynslóðum til fróðleiks skrifaði hinn fjölhæfi rithöfundur og sagnfræðingur, Snorri Sturluson, á óðali sínu í Borgarfirði um síðustu herför hins víðfræga konungs Haralds Sigurðarsonar, sem nefndur var harðráði, og hafði áður barist í Miklagarði, Ítalíu og Afríku. Tósti, bróðir konungsins í Englandi, Haralds Guðinasonar, ásældist völdin og hafði aflað sér stuðnings Haralds Sigurðarsonar. Þeir komu að landi við austurströndina og tóku Jórvíkurkastala. Fyrir sunnan Jórvík mættu þeir engilsaxneska hernum.

Í framhaldi af þessu segir Snorri: „Riddarar tuttugu riðu fram af þingmannaliði fyrir fylking Norðmanna ok váru albrynjaðir og svá hestar þeira. Þá mælti einn riddari: „Hvært er Tósti jarl í liðinu?“ Hann svarar: „Ekki er því at leyna, hér munuð þér hann finna.“ Þá

mælti einn riddari: „Haraldr, bróðir þinn, sendi þér kveðju ok þau orð með, at þú skyldir hafa grið ok Norðimbraland allt, ok heldr en eigi vilir þú til hans hneigjask, þá vill hann gefa þér þriðjung ríkis alls með sér.“ Þá svarar jarl: ... „Nú tek ek þenna kost, hvat vill hann þá bjóða Haraldi konungi Sigurðarsyni fyrir sitt starf?“ Þá mælti riddarinn: „Sagt hefir hann þar nökkut frá, hvers hann mun honum unna af Englandi: sjau fóta rúm eða því lengra sem hann er hæri en aðrir menn.“ Þá segir jarl: „Farið nú ok segið Haraldi konungi, at hann búisk til orrostu.“ ... Þá riðu aptr riddarar. Þá mælti Haraldr konungur Sigurðarson við jarl: „Hverr var þessi inn málsnjalli maðr?“ Þá segir jarl: „Þar var Haraldr konungur Guðínason.“²

Aðrir kaflar segja frá því að fyrir sólsetur væri her Norðmanna sigráður. Haraldur Sigurðarson féll í orustunni og Tósti jarl einnig.

Við nútímamenn (ef til vill fullsaddir orðnir af klaufalegum eftirhermum atvinnumanna í föðurlandsást) tökum frumstæðum keimi hetjuskapar yfirleitt ekki án tortryggni. Menn fullyrða við mig að þennan keim sé að finna í *Poema del Cid*, ég hef tvímælalaust fundið hann í *Eneasarkviðu* („Sonur, lærðu hugrekki og sanna staðfestu af mér, velgengnina af öðrum“), í engilsaxneska kvæðinu um orustuna við Maldon („Eigi mun þjóð mín greiða yður gjald með öðru en spjótum og sverðum forfeðranna“), í *Rolandskvæði*, hjá Victor Hugo, hjá Whitman og Faulkner („angan lofnarblómsins, yfirsterkari þef af hestum og hugrekki“), í „Grafskrift yfir her málaliða“ eftir Housman, og í „sjau fóta rúm“ í *Heimskringlu*. Að baki því sem virðist einföld sagnfræði liggur slunginn sálfræðilegur leikur. Haraldur Englakonungur lætur sem hann þekki bróður sinn ekki til að hann geri sér ljóst að hann má ekki heldur þekkja hann. Tósti svíkur bróður sinn ekki, en hann svíkur bandamann sinn ekki heldur. Haraldur Englakonungur er reiðubúinn að fyrirgefa bróður sínum, en ekki að þola afskipti Noregskonungs og hegðar sér á mjög skiljanlegan hátt. Ég segi ekkert um hið snjalla tilsvár hans: að gefa þriðjung ríkis alls, að gefa sjö fóta rúm.³

2 Snorri Sturluson, *Haralds saga Sigurðarsonar*, *Heimskringla III*, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1979, bls. 186–187. Neðanmálsgrein þýðanda.

3 Carlyle (*Early Kings of Norway*, XI) spillir þessu knappa orðalagi með óheppilegri viðbót. Við sjö fóta rúm bætir hann *for a grave* („undir gróf“). Neðanmálsgrein höfundar.

Aðeins eitt er aðdáunarverðara en þetta aðdáunarverða tilsvor engilsaxneska konungsins. Að það skuli vera Íslendingur, maður af þjóð hinna sigruðu, sem gerði það ódauðlegt. Það er eins og Karþagóbúi hefði skráð okkur til minnis hetjudáðir Regúlusar. Ekki að ósekju skrifaði Saxo Grammaticus í *Gesta Danorum*: „Íbúar Thúle (Íslands) hafa yndi og ánægju af að fræðast um og skrá sögu allra þjóða og ekki þykir þeim síður virðing í því að segja frá annarra afreksverkum en sínum eigin.“

Dagurinn þegar Englakonungur mælti fram orð sín er ekki sögulegur dagur, heldur hinn þegar óvinur gerði orð hans ódauðleg. Sá dagur er spádómur um eitthvað sem enn felst í framtíðinni: þá tíma þegar kynþættir og þjóðir eru fallin í gleysku og mannkynið er eitt. Tilboð konungs á ágæti sitt að rekja til hugmyndarinnar um gildi föðurlandsins. Með því að færa það í letur yfirstígur Snorri og fer ofar þeirri hugmynd.

Ég man eftir öðrum virðingarvotti í garð óvinar í síðustu köflum *Seven Pillars of Wisdom* eftir Lawrence. Höfundurinn ber lof á hugrekki þýskrar liðsveitar og ritar eftirfarandi: „Þá, í fyrsta sinn í þessari herferð, var ég stoltur af mönnunum sem höfðu myrt bræður mína.“ Að svo búnu bætir hann við: „*They were glorious.*“

Buenos Aires, 1952

Um Jorge Luis Borges

Jorge Luis Borges fæddist í Argentínu árið 1899 og lést í Genf í Sviss árið 1986. Hann átti ættir að rekja til hermanna og menntamanna og hvort tveggja skipar sess í skrifum hans. Föðuramma hans var ensk og á heimilinu var enska og spænska töluð jöfnum höndum. Hann varð snemma vel að sér í bókmenntum, ekki síst bókmenntum enskumælandi þjóða, og talaði oft um bókasafn föður síns sem örlagavald í lífi sínu. Borges steig sín fyrstu skref á sviði ritlistarinnar sem ljóðskáld og ritgerðasmiður en hóf að skrifa smásögur í kringum 1940 og varð smám saman heimsfrægur smásagnahöfundur. Hann lagði stund á engilsaxnesku og síðar forníslensku og hafði mikið dálæti á fornbókmenntum almennt. Hann þýddi *Gylfaginningu* Snorra Sturlusonar í samvinnu við eiginkonu sína Maríu Kodama, skrifaði merka ritgerð um kenningar í dróttkvæðum árið 1936 (*Historia de la eternidad*, Saga eilíðarinnar) og gaf út *Literaturas germánicas medievales* (Germanskar miðaldabókmenntir) árið 1966. *Suðrið*, í þýðingu Guðbergs Bergssonar, og *Blekspegillinn*, í þýðingu Sigfúsar Bjartmarssonar, hafa að geyma úrval af smásögum eftir Borges í íslenskri þýðingu.⁴

⁴ Jorge Luis Borges, *Suðrið*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1975, kom út aftur hjá Máli og menningu 1999; *Blekspegillinn*, Reykjavík: Mál og menning, 1990.

JOSÉ SARAMAGO

Þrjú ljóð¹

Yfirlýsing

Nei, dauðinn er ekki til.
Þessi steinn er ekki dauður
né heldur ávöxturinn sem féll.
Faðmlag fingra minna gæðir þá lífi,
þeir draga andann í straumi blóðs míns,
andardrættinum sem lék um þá.
Og dag einn, þegar þessi hönd visnar,
lifir hún áfram í minni annarrar handar
á sama hátt og varirnar varðveita í hljóði
snertingu varanna sem þær kysstu.

Declaração

Não, não há morte.
Nem esta pedra é morta,
Nem morto está o fruto que tombou:
Dá-lhes vida o abraço dos meus dedos,
Respiram na cadência do meu sangue,
Do bafo que os tocou.
Também um dia, quando esta mão secar,
Na memória doutra mão perdurará,
Como a boca guardará caladamente
O sabor das bocas que beijou.

1 Sigrún Á. Eiríksdóttir þýddi og ritar um höfund.

Stund

Ég geng eftir löngum vegi, í daufum ljóma
hægfara dögunar: Sólin mætir
á þennan fund sem boðað var til í þögn
hverfandi nætur.

Vissan um sólina, dagrenningin,
jarðneskur líkami minn berskjaldaður
í þessari gullnu rós sem úr dauðanum
kemur með lífið svo nálægt.

Hora

Vou no caminho esparso, à luz difusa
Do longo amanhecer: o sol não falta
Ao encontro marcado no silêncio
Da noite que se afasta.
A certeza do sol, a madrugada,
O meu corpo de terra, descoberto
Nesta rosa doirada que da morte
Traz a vida tão perto.

14. júní

Lokum þessum dyrum.

Hægt svo hægt, fækkum fötum

eins og guðir að fletta sig sjálfum sér,

og guðir erum við þótt við séum menn.

Ekkert var okkur gefið.

Mælum ekki orð, andvörpum aðeins

því tíminn horfir á okkur.

Einhver mun hafa skapað sólina á undan þér,

og tunglið og halastjörnuna, svartan geiminn,

óendanlegar stjörnurnar.

Saman, hvað gerum við nú? Veröldin verði

eins og skip í hafi eða brauð á borðum

eða gjálfrandi farvegur fljóts.

Tíminn er ekki farinn. Hann er hér og hann vill.

Skörp augun spyrja nú þegar

um fyrsta orðið sem við mælum:

Allt.

Catorze de junho

Cerremos esta porta.
 Devagar, devagar, as roupas caíam
 Como de si mesmos se despiam deuses,
 E nós o somos, por tão humanos sermos.
 É quanto nos foi dado: nada.
 Não digamos palavras, suspiremos apenas
 Porque o tempo nos olha.
 Alguém terá criado antes de ti o sol,
 E a lua, e o cometa, o negro espaço,
 As estrelas infinitas.
 Se juntos, que faremos? O mundo seja,
 Como um barco no mar, ou pão na mesa,
 Ou rumoroso leito.
 Não se afastou o tempo. Assiste e quer.
 É já pergunta o seu olhar agudo
 À primeira palavra que dizemos:
 Tudo.

Um José Saramago

José Saramago fæddist árið 1922 í Azinhaga, litlu þorpi fyrir norðan Lissabon. Foreldrar hans voru fátækir leiguliðar og höfðu ekki efni á að kosta hann til langskólanáms. Hann gekk í iðnskóla en fékk jafnframt tækifæri til að læra frönsku og bókmenntir í skólanum. Að öðru leyti var hann sjálfmenntaður, sótti bókasöfn á kvöldin eftir vinnu og var orðinn 18 ára þegar hann eignaðist sína fyrstu bók.

Saramago var kominn yfir fimmtugt þegar hann hóf að sinna ritstörfum fyrir alvöru. Fram að því hafði hann m.a. starfað sem lásasmiður, skrifstofumaður, prófarkalesari, blaðamaður og þýðandi. Hann varð aðstoðarritstjóri dagblaðsins *Diário de Notícias* árið 1974 en missti starfið í pólitískum hræringum ári síðar og ákvað þá að gerast rithöfundur. Hann gaf út þrjár ljóðabækur, dagbækur og fjölmargar skáldsögur. Hann var sömuleiðis virkur bloggari síðustu æviárin. Hann var alla tíð sannfærður kommúnisti og guðleysingi og verk hans féllu ekki alltaf í kramið hjá íhaldssömum stjórnvöldum og kaþólsku kirkjunni. Þegar skáldsaga hans *O Evangelho Segundo Jesus Cristo* (Guðspjall Jesú Krists) kom út árið 1991 neitudu yfirvöld að leggja hana fram til bókmenntaverðlauna Evrópusambandsins en neyddust þó til að breyta þeirri ákvörðun vegna harðra viðbragða á alþjóðlegum vettvangi. Saramago flutti frá Portúgal og settist að á eyjunni Lanzarote í kjölfar þessa uppstands. Árið 1998 hlaut hann bókmenntaverðlaun Nóbels, fyrstur Portúgala. Síðasta skáldsaga Saramagos, *Cain* (Kain) kom út árið 2009 og olli hún einnig fjaðrafoki innan kaþólsku kirkjunnar. Saramago lést árið 2010 og var þá nýlega byrjaður á enn einni skáldsögu. Skáldsagan *Blinda* (*Ensaio sobre a cegueira*) kom út í íslenskri þýðingu árið 2000.²

2 José Saramago, *Blinda*, þýð. Sigrún Ástríður Eiríksdóttir, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2000.

Greifynjan af Tende

Söguleg smásaga¹

Fyrsta ár forræðisstjórnar Katrínar af Medici giftist ungfrúin af Strozzi, dóttir marskálsins og náinn ættingi konungsmóðurinnar, greifanum af Tende. Greifinn tilheyrði Savoie-ættinni; hann var auðugur og vel gerður. Hann var sá herra við hirðina sem barst hvað mest á og uppskar fremur virðingu annarra en vináttu. Þrátt fyrir það elskaði greifynjan hann heitt í upphafi hjónabandsins. Hún var kornung, hann leit aðeins á hana sem barn og varð fljótt ástfanginn af annarri konu. Greifynjan var örlynd, af ítölskum ættum, og hún fylltist afbrýðisemi; hún unni sér engrar hvíldar, eiginmanninum ekki heldur, hann forðaðist nærveru hennar og framkoma hans við hana var ekki eins og búast mátti við af eiginmanni.

Fegurð greifynjunnar jókst, hún sýndi góðar gáfur, allir litu hana aðdáunaraugum, hún var upptekin af sjálfri sér og vann smám saman bug á ástríðunni og afbrýðiseminni.

Hún varð nánin vinkona prinsessunnar af Neufchâtel, sem var ung og fögur ekkja prinsins af sama stað. Við lát hans fékk hún þau völd sem gerðu hana að æðstu og glæsilegustu konu við hirðina.

Riddarinn af Navarre var afkomandi fornra valdhafa samnefnds ríkis. Hann var einnig ungur að árum, myndarlegur, andríkur og göfuglyndur en örlögin höfðu ekki fært honum aðra auðlegð en upprunann. Honum voru eiginleikar prinsessunnar af Neufchâtel kunnugir og hann leit hana hýru auga. Í henni sá hann konu sem væri fær um að tengjast honum á ástríðufullan hátt og gæti gert mann eins og hann hamingjusaman. Í þeim tilgangi steig hann í vænginn við hana án þess að vera ástfanginn og uppskar hrifningu

1 Ásdís R. Magnúsdóttir þýddi og ritar um höfund.

hennar. Hún tók honum vel en þó vantaði mikið upp á að hann næði markmiði sínu. Enginn vissi af þessum áformum; hann hafði aðeins trúað einum vina sinna fyrir þeim og þessi vinur var einnig náinn vinur greifans af Tende. Hann fékk riddarann af Navarre til að samþykkja að segja greifanum af Tende frá þessari ráðagerð með það í huga að fá greifann til að leggja hönd á plóginn. Greifanum af Tende féll vel við riddarann af Navarre, hann ræddi um hann við eiginkonu sína, sem hann var farinn að meta að verðleikum, og fékk hana til að gera það sem til stóð.

Prinsessan af Neufchâtel hafði þá þegar trúað henni fyrir ást sinni á riddaranum af Navarre. Greifynjan taldi kjark í hana. Riddarinn kom á fund greifynjunnar, hann lagði á ráðin með henni en um leið og hann sá hana varð hann yfir sig ástfanginn af henni. Í fyrstu lét hann ekkert uppi og gerði sér grein fyrir þeim hindrunum sem þessar tilfinningar, ástin og metnaðurinn, settu í veg fyrir hann; ætti hann að standast þær mætti hann ekki hitta greifynjuna af Tende oft en í leit sinni að prinsessunni af Neufchâtel sá hann hana daglega og þannig varð hann frávita af ást til hennar. Honum tókst ekki að fela tilfinningar sínar algerlega fyrir henni, hún tók eftir þeim, þær kitluðu hégómagirnd hennar og brjóst hennar fylltist af brennandi ást til riddarans.

Dag einn þegar hún sagði honum frá þeirri hamingju sem fælist í því að ganga að eiga prinsessuna af Neufchâtel sagði hann við hana, og horfði á hana á þann hátt að ástin skein úr augunum: „Og haldið þér, frú, að ekki sé til sú hamingja sem ég kysi frekar en að giftast þessari prinsessu?“ Greifynjunni af Tende var brugðið við augnaráð og orð riddarans; hún horfði á hann á sama hátt og hann hafði horft á hana og á milli þeirra myndaðist vandræðaleg þögn sem sagði meira en nokkur orð. Upp frá þessu var greifynjan í uppnámi sem firrti hana allri ró; hún fann til samviskubits yfir því að svipta vinkonu sína tækifærinu til að njóta ástar mannsins sem hún vildi giftast af einskærri ást, þrátt fyrir almenna vandlætingu og þann álitshnekki sem af því hlytist.

Henni bauð við þessum svikum. Sú skömm og óhamingja sem fylgja ástarævintýrum komu upp í huga hennar, hún sá hyldýpið við fætur sér og einsetti sér að forðast það.

Henni gekk illa að standa við ákvörðun sína. Þótt prinsessan væri næstum ákveðin í að giftast riddaranum af Navarre hafði hún efasemdir um ást hans, og af þeirri ást sem hún bar til hans og af tíðum blekkingum hans gat hún sér til um það hversu lítið hann elskaði hana. Hún kvartaði undan því við greifynjuna af Tende, sem róaði hana, en kvartanir prinsessunnar röskuðu að lokum ró greifynjunnar; henni varð ljóst hversu alvarleg svik hennar voru og að þau myndu jafnvel verða til þess að elskhugi hennar yrði af hamningju sinni. Greifynjan sagði honum frá tortryggni prinsessunnar. Honum stóð á sama um allt nema ást greifynjunnar. Engu að síður hélt hann aftur af sér fyrir áhrif hennar og fullvissaði prinsessuna af Neufchâtel um ást sína af svo mikilli einlægni að hún lét í það skína við greifynjuna af Tende að hún væri fullkomlega ánægð með riddarann af Navarre.

Þá náði afbrýðisemin tökum á greifynjunni. Hún óttaðist að elskhugi sinn væri í raun ástfanginn af prinsessunni og hún sá þær ástæður sem hann hafði fyrir því að elska hana. Greifynjan hafði stutt hjónaband þeirra en nú fylltist hún hryllingi við tilhugsunina um það, þó vildi hún ekki að hann sviki loforð sitt og óvissan heltók hana. Hún sýndi riddaranum hversu þjökud hún var af samviskubiti í garð prinsessunnar en ákvað að halda afbrýðisemi sinni leyndri fyrir honum og var viss um að það hefði tekist.

Ást prinsessunnar reyndist loks öllu hiki yfirsterkari. Hún ákvað að ganga í hjónaband og afréð að því yrði haldið leyndu og ekki tilkynnt opinberlega fyrr en athöfnin væri um garð gengin.

Greifynjan af Tende var nær dauða en lífi af angist. Sama dag og brúðkaupið átti sér stað var haldin opinber athöfn sem eiginmaður hennar var viðstaddur. Hún sendi allar þernur sínar þangað en lét flytja þau boð að hún væri vant við látin og lokaði sig inni í litlu stofunni sinni þar sem hún lagðist út af á legubekk og þjádíst af samviskubiti, ást og afbrýði.

Þar sem hún lá í þessu ástandi heyrði hún hliðardyr opnast á stofunni og sá hvar riddarinn af Navarre gekk inn; hann var betur búinn og glæsilegri en nokkru sinni fyrr: „Riddari, hvert eruð þér að fara?“ hrópaði hún, „hvers leitið þér? Hafið þér misst vitið? Hvað um hjónaband yðar, og hafið þér leitt hugann að mannorði mínu?“

„Hafið ekki áhyggjur af mannorði yðar, frú,“ svaraði hann, „enginn veit af ferðum mínum; þetta snýst ekki um hjónaband mitt, né hamingju mína, þetta snýst einungis um ást yðar, frú, að vera elskaður af yður; allt annað er mér einskis virði. Þér hafið sýnt mér að þér eruð mér ekki afhuga en þér hafið reynt að dylja mig þess að gleði mín yfir hjónabandinu veldur yður sársauka. Ég er hingað kominn, frú, til þess að láta yður vita að ég er hættur við að kvænast, hjónabandið yrði mér áþján ein og ég vil aðeins lifa fyrir yður. Það er beðið eftir mér, sem ég tala hér við yður, allt er til reiðu en ég mun rjúfa heit mitt ef það er yður til þægðar og getur fullvissað yður um ást mína.“

Greifynjan hafði risið upp en lét sig falla aftur niður á legubekkinn og horfði á riddarann; augu hennar voru full af ást og tárur. „Viljið þér að ég deyi?“ sagði hún. „Haldið þér að það hjarta sé til sem geti rúmað allar þær tilfinningar sem þér vekid hjá mér? Ætlið þér af mínum sökum að snúa baki við þeirri hamingju sem bíður yðar! Ég get ekki afborið þá tilhugsun. Farið til prinsessunnar af Neufchâtel, á vit þeirrar hamingju sem yður er ætluð, þér fáið einnig ást mína. Ég mun eiga við iðrun mína, óvissu og afbrýðisemi, úr því ég neyðist til að jata þetta fyrir yður, eins og mín veika skynsemi býður mér, en ég mun aldrei hitta yður aftur ef þér farið ekki nú þegar í brúðkaup yðar. Farið nú, dveljið ekki hér stundinni lengur og af ást til mín og yðar sjálfs gefið upp á bátinn þessa óskynsamlegu ástriðu sem þér berið til mín og gæti kallað hræðilega óhamingju yfir okkur.“

Í fyrstu var riddarinn yfir sig glaður að sjá hversu heitt greifynjan elskaði hann, en um leið varð honum ljós hryllingurinn sem fólst í því að gefa sig annarri konu. Hann grét og var harmi sleginn, hann lofaði henni öllu fögru með því skilyrði að hann fengi að sjá hana aftur á þessum sama stað. Áður en hann fór vildi hún vita hvernig hann hefði komist inn til hennar. Hann sagði henni að hann hefði leitað til hestasveins hennar, sem hefði áður verið í þjónustu hans, og að hann hefði hleypt honum í gegnum portið hjá hesthúsunum en þaðan lægi einmitt stiginn bæði upp í litlu stofuna og herbergi hestasveinsins.

Það styttest í brúðkaupið og riddarinn neyddist til að fara, enda rak greifynjan á eftir honum. Hann hélt af stað, eins og honum væri

Það kvalræði eitt, á vit mestu auðæfa sem yngri sonur hefur nokkru sinni eignast. Eins og hægt er að ímynda sér, var greifynjunni af Tende órótt um nóttina, undir morgun kallaði hún á þernur sínar og stuttu eftir að herbergið var opnað sá hún hvar hestasveinninn kom og lagði bréf á rúmið hennar án þess að nokkur yrði þess var. Það eitt að sjá bréfið kom henni úr jafnvægi bæði vegna þess að hún vissi að bréfið var frá riddaranum af Navarre og vegna þess að það var mjög ólíklegt að hann hefði haft tíma um nóttina, sem átti að vera brúðkaupsnóttin, til að skrifa henni og því óttaðist hún að hann hefði gert eitthvað, eða að eitthvað hefði gerst, sem hefði komið í veg fyrir brúðkaupið. Hún opnaði bréfið í mikilli geðs-hræringu og stóðu þessi orð:

Ég hugsa aðeins um yður, frú, aðeins þér leitið á huga minn, og á þessum fyrstu stundum sem besti kvenkostur í Frakklandi er lögleg eign mín, yfirgef ég í dagrenningu herbergið þar sem ég eyddi nóttinni til að segja yður að ég hef nú þegar iðrast þess þúsund sinnum að hafa hlýtt yður í stað þess að snúa baki við öllu til þess að lifa einungis fyrir yður.

Bréfið, og ritunartími þess, snertu greifynjuna djúpt; hún snæddi miðdegisverð með prinsessunni af Neufchâtel sem hafði beðið hana að koma til sín. Opinber tilkynning hafði verið gefin út um hjónabandið. Fjöldi manns var í herbergi prinsessunnar en um leið og prinsessan sá greifynjuna yfirgaf hún gestina og bað greifynjuna að koma inn í innri stofuna. Þær voru ekki fyrr sestar en tárin tóku að streyma úr augum prinsessunnar. Greifynjan hélt að það væri af völdum tilkynningarinnar um hjónabandið, sem prinsessan hefði átt erfiðara með að þola en hún hafði búist við, en hún sá fljótt að hún hafði rangt fyrir sér. „Æ, frú mín,“ sagði prinsessan, „hvað hef ég gert? Ég gekk að eiga mann vegna þess að ég elskaði hann; hjónabandið er mér til skammar, hann er lægra settur en ég, ekki verðugur mín og þessi maður sem ég tók fram yfir allt elskar aðra konu!“ Við þessi orð lá við að greifynjan af Tende félli í yfirlið; hún taldi að prinsessan hefði ekki getað getið sér til um ástir eiginmanns síns án þess að átta sig á hver konan var sem hann elskaði; hún kom ekki upp orði. Prinsessan af Navarre (hún gekk undir því nafni eftir

brúðkaupið) tók ekki eftir neinu og hélt áfram: „Herra prinsinn af Navarre,“ sagði hún, „frú, lét bíða eftir sér í gærkvöldi; hann var alls ekki eins óþolinmóður og ástæða hefði verið til að ætla vegna brúðkaupsins. Hann kom inn til mín, þungbúinn, vandræðalegur og annars hugar, og hann fór út úr herberginu við dagrenningu undir óljósu yfirskini sem ég veit ekki hvert var. En hann hafði setið við skriftir, það sá ég á höndum hans. Hverjum öðrum gat hann verið að skrifa en ástkonu? Af hverju lét hann bíða eftir sér og hví var hann svona hikandi?“

Í sömu andrá voru samræður þeirra truflaðar þar sem prinsessan af Condé var komin; prinsessan af Navarre fór að taka á móti henni og greifynjan af Tende var viti sínu fjær. Strax um kvöldið skrifaði hún prinsinum af Navarre til að skýra honum frá grunsemdum konu hans og til að fá hann til að halda aftur af sér. Ást þeirra dvínaði ekki við hættur og hindranirnar sem urðu á vegi þeirra: greifynjan af Tende fann enga ró og svefninn gat ekki lengur læknað sorgir hennar. Einn morgun þegar hún hafði kallað á þernur sínar kom hestasveinninn til hennar og hvíslaði að prinsinn af Navarre væri í litlu stofunni og sárþændi hana um að leyfa sér að segja henni nokkuð sem hún yrði að vita. Það er auðvelt að láta undan því sem manni líkar vel; greifynjan vissi að eiginmaður hennar var farinn út, hún sagðist vilja sofa lengur og bað þernurnar að loka dyrunum og koma ekki aftur fyrr en hún kallaði á þær.

Prinsinn af Navarre kom innan úr stofunni og lét fallast niður við rúmið: „Hvað liggur yður á hjarta?“ spurði hún.

„Það að ég elska yður, frú, ég dái yður, mér er ómögulegt að búa með frúnni af Navarre. Löngunin til að sjá yður greip mig í morgun af slíkum ofsa að ég gat ekki staðist hana. Hingað kom ég, þrátt fyrir þær hættur sem því fylgja og án þess jafnvel að búast við að hitta yður.“ Greifynjan skammaði hann í fyrstu fyrir að stefna orðspori hennar í hættu af slíkri léttúð en ástir þeirra urðu til þess að samtalið dróst á langinn þar til greifinn af Tende kom til baka úr borginni. Hann fór til íbúðar konu sinnar; honum var sagt að hún væri ekki vöknuð. Það var áliðið dags, hann fór samstundis inn til hennar og þar sá hann prinsinn af Navarre krjúpa við rúmið hennar, eins og hann hafði gert frá því að hann kom inn til hennar um morguninn. Aldrei hefur nokkur maður orðið jafn undrandi og greifinn af Tende

og ekkert hugarrót jafnast á við það sem greip konu hans; prinsinn af Navarre var sá eini sem hélt ró sinni og án minnstu geðshræringar og án þess að rísa á fætur sagði hann við greifann: „Komið þér, komið þér og hjálpið mér að öðlast þann greiða sem ég bið um á hnjánum en mér er neitað um.“

Tónninn í orðum prinsins og svipbrigði drógu úr undrun greifans. „Ég veit ekki,“ svaraði hann í sama tón og prinsinn, „hvort sá greiði sem þér biðjið um krjúpandi við rúm konu minnar, þegar mér er sagt að hún sofi, og ég hitti yður hér einan í návist hennar, án þess að vagn sé við dyrnar á húsi mínu, sé af því tagi sem ég væri samþykkur.“ Prinsinum varð rórri því að hann var kominn úr mestu klípunni; hann stóð á fætur, fékk sér sæti eins og ekkert væri sjálf-sagðara, en greifynjan af Tende, skjálfandi og miður sín, leyndi fátinu sem á hana kom í rökkvuðu herberginu. Prinsinn tók til máls og sagði við greifann: „Ég mun koma yður á óvart, þér munuð ásaka mig, en þér verðið að koma mér til hjálpar. Ég er ástfanginn og er elskaður af yndislegustu konunni við hirðina; í gær laumaðist ég frá prinsessunni af Navarre og öllum þjónum mínum og fór á fund konunnar sem beið mín. Eiginkona mín hefur nú þegar komist að því að hugur minn stendur til annarrar konu en hennar og hún hefur auga með mér; hún komst að því hjá þjónustufólki mínu að ég hafði brugðið mér frá og er haldin ólýsanlegri afbrýðisemi og örvæntingu. Ég sagði henni að ég hefði eytt þeim klukkustundum sem ollu henni óróleika hjá marskálsfrúnni af Saint-André, sem er lasin og hittir nánast engan. Ég sagði henni að greifynjan af Tende hefði ein verið þar stödd og að hún gæti spurt greifynjuna hvort ég hefði ekki verið þar allt kvöldið. Ég ákvað að koma hingað og trúa greifynjunni fyrir þessu. Ég fór til la Châtre sem er hér rétt hjá; ég fór þaðan út án þess að þjónustufólk mitt sæi mig og mér var sagt að frúin væri vakandi. Forstofan var mannlaus og ég gekk beina leið inn. Hún neitar mér um þann greiða að segja ósatt fyrir mig, hún segist ekki vilja svíkja vinkonu sína og hefur snuprað mig af mikilli visku, eins og ég hef sjálfur reynt en án árangurs. Nauðsynlegt er að losa frú prinsessuna af Navarre undan afbrýðinni og angistinni sem herja á hana og koma mér úr þeim dauðans vandræðum sem fylgja aðfinnslum hennar.“

Andríki prinsins kom greifynjunni af Tende ekki minna á óvart

en heimkoma eiginmannsins; henni varð rórra og greifann grunaði ekki neitt. Ásamt konu sinni reyndi hann að benda prinsinum á hyldýpi ógæfunnar sem hann var að því kominn að steypa sér í og allt sem hann ætti prinsessunni að þakka; greifynjan lofaði að segja henni hvaðeina sem maðurinn hennar vildi.

Þegar prinsinn var að tygja sig sagði greifinn honum að staldra við: „Í laun fyrir greiðann sem við gerum yður á kostnað sannleikans, segið þér okkur að minnsta kosti hver þessi elskulega ástkona er. Ekki getur það verið mjög virðingarverð kona sem elskar yður og er í ástarsambandi við yður vitandi um samband yðar við jafn fagra konu og frú prinsessuna af Navarre, vitandi að þér hafið gengið að eiga hana og vitandi hversu mikið þér eigið henni að þakka. Þessi manneskja getur ekki verið gædd gáfum, hugrekki og næmleika og í sannleika sagt verðskuldar hún ekki að þér varpið skugga á þá miklu gæfu sem þér eigið að njóta og að þér hagið yður á jafn vanþakklátan og saknæman hátt.“ Prinsinum var orða vant og hann þóttist þurfa að flýta sér. Greifinn fylgdi honum sjálfur út til að fullvissa sig um að enginn kæmi auga á hann.

Greifynjan var frávita vegna þeirrar hættu sem stæðjaði að henni, vegna þeirra hugsana sem orð eiginmanns hennar vöktu hjá henni og vegna þeirrar ógæfu sem blasti við henni vegna ástarinnar sem hún hafði ekki kraft til bægja frá sér. Hún hélt áfram sambandi sínu við prinsinn; hún hitti hann stundum með hjálp La Lande, hestaveinsins. Henni fannst hún vera óhamingjusamasta manneskjan í heiminum, og það var hún í raun. Prinsessan af Navarre trúði henni daglega fyrir afbrýðiseminni sem hún átti sök á; þessi afbrýðiseimi olli henni djúpu samviskubiti en í hvert sinn sem prinsessan var ánægð með eiginmann sinn var það greifynjan sem fylltist öfund.

Ný þraut lagðist á þjáningar greifynjunnar: greifinn af Tende varð svo ástfanginn af henni að það hefði mátt ætla að hún væri ekki eiginkona hans; hann vék ekki frá henni og vildi neyta þess réttar sem hann hafði áður ekki skeytt um.

Greifynjan mótmælti af slíkri einurð og beiskju að jaðraði við lítilsvirðingu: hugur hennar var hjá prinsinum og ást annars karlmanns særði hana og móðgaði. Greifinn skynjaði hörkuna í framkomu hennar; það fékk svo mikið á hann að hann fullvissaði hana

um það að hann myndi aldrei frammar ónáða hana og kvaddi með miklu fálæti.

Það styttist í herferðina. Prinsinn af Navarre átti að ganga í herinn. Tilhugsunin um fjarveru hans fyllti greifynjuna angist og hún óttaðist hætturarnar sem biðu hans. Hún afréð að koma sér hjá því að þurfa að fela vanlíðan sína og ákvað að eyða sumrinu á jörð sem hún átti og var í þrjátíu mílna fjarlægð frá París.

Hún gerði alvöru úr þessu; kveðjustund hennar og prinsins var svo sársaukafull að þau gátu ekki annað en litið á það sem illan fyrirboða. Greifinn af Tende varð eftir hjá konunginum eins og embætti hans kvað á um.

Hirðin átti að flytja sig nær hernum. Setur frúarinnar af Tende var ekki langt undan; eiginmaður hennar sagði henni að hann myndi dvelja þar eina nótt vegna verka sem hann átti ólokið. Hann vildi ekki að hún héldi að hann kæmi til að hitta hana. Ástin hafði fyllt hann gremju í garð greifynjunnar. Framan af hafði frúnni af Tende þótt prinsinn af Navarre sýna henni svo mikla virðingu og hún sjálf vera svo dyggðug að hún hafði hvorki vantreyst honum né sjálfri sér. En tíminn og tækifærin höfðu orðið dyggð hennar og virðingu yfirsterkari og skömmu eftir að hún kom á landareign sína varð henni ljóst að hún var með barni. Ekki þarf annað en að hugsa um mannorð hennar og samband hennar við eiginmanninn til að geta sér til um örvæntinguna sem greip hana. Oft var hún að því komin að binda enda á líf sitt; koma eiginmanns hennar vakti þó veika von hjá henni og hún afréð að bíða og sjá hvort hún yrði sér í hag. Við vonleysið bættist sú sorg að La Lande, sem hún hafði skilið eftir í París til að koma bréfum á milli hennar og ástmannsins, féll frá nokkrum dögum síðar og hún var hjálparlaus einmitt þegar þörfin var hvað mest.

Á meðan á þessu stóð hafði herinn umkringgt óvinina. Ást hennar á prinsinum af Navarre olli henni stöðugum ótta þótt hún væri sjálf þjökuð af hryllingi og skelfingu.

Ótti hennar reyndist á rökum reistur; henni barst bréf frá hernum sem greindi frá lokum umsátursins og falli prinsins af Navarre síðasta dag þess. Hún missti meðvitund og var viti sínu fjær; það gerðist oftar en einu sinni. Stundum fann hún eins konar

huggun í þessari yfirgengilegu óhamingju. Hún óttaðist ekki lengur að finna ekki frið, að glata mannorði sínu eða lífinu; dauðinn var það eina sem hún þráði; hún leið kvalir og beið hans og var ákveðin í að binda enda á líf sitt ef allt um þryti. Agnarögn af skammtilfinningu fékk hana til að segjast þjást ógurlega og þannig gat hún réttlætt óp sín og tár. Óteljandi erfiðleikar ollu henni sársauka en hún vissi að hún verðskuldaði hann og náttúran og trúin gerðu hana fráhverfa því að ráða sjálfri sér bana og slógu ákvörðun hennar á frest.

Hún hafði ekki þjáðst lengi þegar greifinn af Tende sneri aftur. Hún taldi sig þekkja allar tilfinningarnar sem hennar dapurlega ástand gat vakið innra með henni en koma eiginmannsins olli þó vanlíðan og óþægindum sem voru ný af nálinni. Þegar hann kom frétti hann að hún væri veik og þar sem hann hafði ætíð kunnað sig bæði gagnvart fólki utan fjölskyldunnar og þjónum sínum fór hann strax inn til hennar. Hún kom honum fyrir sjónir sem frávita og trufluð manneskja og hún gat ekki haldið aftur af tárunum sem hún skýrði enn með því að hún væri þjökuð af verkjum. Greifinn af Tende fann til með henni er hann sá hversu illa var fyrir henni komið og til að leiða huga hennar frá verkjunum sagði hann henni frá dauða prinsins af Navarre og örvæntingu eiginkonu hans.

Örvænting frúarinnar af Tende var slík að hún þoldi ekki að hlusta á þessa frásögn; tár hennar streymdu svo stríðum straumum að greifinn af Tende varð undrandi en um leið rann upp fyrir honum ljós; hann fór út úr herberginu í uppnámi og órólegur; honum virtist sem ástand konu sinnar væri ekki af því tagi sem rekja mætti til líkamlegs sársauka. Hann hafði undrast táraflóðið þegar hann sagði henni frá dauða prinsins af Navarre og allt í einu rifjaðist upp fyrir honum atvikið þegar hann kom að prinsinum á hnjónum við rúmstokk greifynjunnar. Hann mundi eftir framkomu hennar þegar hann hafði viljað hverfa til hennar aftur sem eiginkonu og loks taldi hann sig vita með vissu hvernig málum var háttað en efinn, sem hégómagirndin kallar fram þegar við eigum erfitt með að trúa því sem yfir okkur dynur, var enn til staðar.

Örvænting hans var alger og skammt öfganna á milli í viðbrögðum hans, en þar sem hann var vitur maður hélt hann stillingu sinni og afréð að fara á brott í dagrenningu næsta morgun, án þess að

hitta konu sína; þannig fengi hann tíma til að fullvissa sig og gera upp hug sinn.

Þótt sársauki frúarinnar af Tende væri djúpur hafði hún gert sér grein fyrir því hversu litla sjálfstjórn hún hafði sýnt og hvernig eiginmaður hennar hafði yfirgefið herbergið; hún þóttist vita ástæðuna og þar sem henni bauð við lífinu afréð hún að binda á það enda með þeim hætti sem tæki ekki frá henni vonina um annað líf.

Þegar hún hafði velt vandlega fyrir sér því sem hún hugðist gera, full ör væntingar og þjökuð af óhamingju og eftirsjá, ákvað hún loks að skrifa manni sínum eftirfarandi orð:

Þetta bréf kostar mig líf mitt en ég á skilið að deyja og þrái það. Ég er með barni. Sá sem ber ábyrgð á ógæfu minni er ekki lengur á lífi, og það á einnig við um eina manninn sem vissi um samband okkar: aðrir hafa aldrei haft minnsta grun. Ég hafði afráðið að binda sjálf enda á líf mitt en ég legg það í yðar hendur og Guðs sem yfirbót vegna glæpsins sem ég drýgði. Ég hef ekki viljað verða mér til skammar opinberlega vegna þess að mannorð mitt snertir yður, standið vörð um það sjálfs yðar vegna. Ég mun gera ástand mitt opinbert; felið skömmina og látið mig deyja þegar þér viljið og eins og þér viljið.

Það var farið að birta af degi þegar hún lauk við að skrifa bréfið; vel má vera að engum hafi reynst jafn erfitt að skrifa nokkurt bréf, hvorki fyrr né síðar. Hún innsiglaði það, fór að glugganum og þar sem hún sá greifann af Tende í portinu, tilbúinn að stíga upp í hestvagninn, sendi hún eina af þernum sínum til hans með bréfið og þau skilaboð að þetta væri ekki áriðandi og að hann gæti lesið það við tækifæri. Greifinn af Tende varð hissa á að fá bréfið, hann leit á það sem eins konar fyrirboða, alls ekki þess sem í því stæði heldur einhvers sem tengdist því sem hann hafði hugsað kvöldið áður. Hann steig einn upp í hestvagninn, í miklu uppnámi, og þorði ekki að opna bréfið þrátt fyrir löngun sína til að lesa það; loks las hann það, komst að ógæfu sinni og hvað datt honum ekki í hug að lestrinum loknum! Hann var í slíkri geðshræringu að ef einhver hefði séð til hans hefði sá hinn sami talið að greifinn hefði misst vitið eða væri að því kominn að gefa upp öndina. Oftast býr afbrýðisemin og grunsemdirnar eiginmennina undir ógæfu þeirra;

þeir hafa jafnvel alltaf einhverjar efasemdir en ekki þá vitneskju sem játningin felur í sér, og sem okkur er um megn að ímynda okkur.

Greifanum af Tende hafði ætíð þótt kona sín afar elskuleg og þótt hann hefði ekki elskað hana hafði hann alltaf litið svo á að hún verðskuldaði meiri virðingu en allar aðrar konur. Þess vegna var hann í senn ofsareiður og furðu lostinn og í þessum tilfinningum báðum fann hann gegn vilja sínum enn til sársauka sem átti upptök í ást hans.

Hann hafði viðdvöl í húsi sem varð á vegi hans og þar eyddi hann nokkrum dögum, kvalinn og aumur, eins og hægt er að ímynda sér. Fyrst sóttu á hann allar þær hugsanir sem eðlilegt er að komi upp í huga manns við þessar aðstæður; hann hugsaði um það eitt að binda enda á ævi konu sinnar en dauðsfall prinsins af Navarre og La Lande, sem hann vissi strax að var trúnaðarmaðurinn, dró úr ofsanum. Hann efaðist ekki um að kona sín hafði sagt honum satt og rétt frá þegar hún sagði að enginn hefði haft grun um sambandið; hann dró þá ályktun að brúðkaup prinsins af Navarre gæti hafa blekkt alla úr því að það blekkti hann sjálfan. Eftir að hafa fengið í hendur jafn mikilvægt sönnunargagn og bréfið dró vissan um að öllum væri ókunnugt um ógæfu hans úr sársaukanum. Hins vegar sveið honum undan því hvernig og hversu illa hann hafði verið svikinn og hefndin var honum efst í huga. Hann hugsaði samt sem áður að ef hann byndi enda á líf konu sinnar og í ljós kæmi að hún væri með barni kæmust menn hæglega að hinu sanna. Þar sem honum var sérlega annnt um orðspor sitt tók hann þá ákvörðun sem síst gat flekkað það og afréð að láta ekkert í ljós. Með þetta í huga sendi hann aðalsmann til greifynjunnar af Tende með eftirfarandi orðsendingu:

Á þessari stundu er löngunin til að koma í veg fyrir að skömm mín verði öllum ljós hefndarþorstanum yfirsterkari; ég mun seinna gera upp hug minn varðandi smánarleg örlög yðar. Hagðið yður eins og þér hefðuð ætíð verið það sem þér áttuð að vera.

Greifynjan gladdist þegar hún fékk þessi skilaboð; hún bjóst við að finna þar dauðadóm og þegar hún sá að eiginmaður hennar féllst á að hún afhjúpaði ástand sitt fann hún vel að skömmin er sterkust allra ástríðna. Hún fylltist einskonar ró þar sem hún taldi fullvíst að

hún myndi deyja en líka vegna þess að mannorði hennar var borgið; hún hugsaði um það eitt að búa sig undir dauðann og þar sem hún var tilfinningarík að eðlisfari þá fetaði hún veg dyggðarinnar og iðrunarinnar af jafn mikilli ástríðu og veg ástarinnar. Sál hennar var sorgmædd og laus við blekkingar og greifynjan gat ekki komið auga á neitt sem tilheyrði lífinu og væri léttbærara en dauðinn og því fann hún enga aðra lausn á ógæfu sinni en að ljúka sinni dapurlegu tilveru. Svona leið nokkur tími og hún minnti fremur á látna manneskju en lifandi. Þegar leið á sjötta mánuð meðgöngunnar lét líkaminn loks undan, hún var með stöðugan hita og fæddi barnið með miklum þjáningum. Henni varð það til huggunar að sjá barn sitt lifandi, fullviss um að það yrði ekki langlíf og að hún hefði ekki fært manni sínum óskilgetinn erfingja. Hún gaf upp öndina nokkrum dögum síðar og tók dauðanum af meiri gleði en nokkur maður hefur gert. Hún fól skriftaföður sínum að flytja eiginmanninum fregnir af andláti hennar, biðja hann fyrirgefningar og sárþæna hann um að þurrka út minninguna um hana enda gæti hún aðeins verið honum til ama.

Þegar greifinn af Tende fékk þessar fréttir fann hann til samúðar og jafnvel dálítillar vorkunnsemi en gladdist þó um leið. Þótt hann væri enn ungur að árum kaus hann að ganga aldrei aftur í hjónaband og hann náði hárri elli.

Um Madame de Lafayette

Marie-Madeleine Pioche de la Vergne fæddist árið 1634. Fjölskylda hennar tilheyrði lágaðlinum en var auðug og vel menntuð. Marie-Madeleine var elst þriggja systra úr fyrra hjónabandi móður sinnar; tuttugu og eins árs gömul giftist hún greifanum François de Lafayette, sem var ekkjumaður, þrjátíu og átta ára gamall. Lengst af voru þau aðskilin, hann bjó á landareign sinni í Auvergne, hún í París þar sem hún verður tíður gestur í konungshöllinni og nán vinkona Henriette af Englandi. Hún tók mikinn þátt í samkvæmislífi Parísarborgar, ekki síst salónum sem þá nutu mikilla vinsælda. Þar kynntist hún meðal annars Madame de Sévigné, François de La Rochefoucauld og Jean Regnault de Segrais, höfundi ritsins *Nouvelles françaises* (1656) sem hafði mikil áhrif á mótun klassísku skáldsögunnar. Vinir hennar tóku þátt í ritun sumra verka hennar, að mismiklu leyti þó. Hún sendi fyrst frá sér smásöguna *La Princesse de Montpensier* (1662), án höfundarnafns, og er lítið vitað um tilurð þessa verks. Hetjuskáldsagan *Zaïde*, sem kom út í tveimur bindum 1669 og 1672, og *Princesse de Clèves* (1677) eru eignaðar Madame de Lafayette þótt hún hafi ekki lagt nafn sitt við þessi verk þegar þau komu út. Sú saga sem hér birtist í íslenskri þýðingu kom fyrst út í Frakklandi árið 1718, undir heitinu *La Comtesse de Tende*, tuttugu og fimm árum eftir lát Madame de Lafayette. Ásamt *La Princesse de Montpensier* og *La Princesse de Clèves* ber hún merki þeirra hugmynda sem mótuðu klassísku skáldsöguna. Þessi þrjú verk eiga það öll sameiginlegt að fyrirmyndir sögupersóna eru flestar sóttar í raunveruleikann, jafnvel samtímann; stíll þeirra er einfaldur og nákvæmur og viðfangsefnið ástin, óhamingja og vonlítil barátta einstaklingsins við tilfinningar sínar. Talið er að *Greifynjan af Tende* hafi verið samin um 1658 eða 1660.² Á henni þykir jafnvel dálítill byrjenda-

2 Mme de Lafayette, *Romans et Nouvelles*, útg. Alain Niderst, París, Classiques Garnier, bls. xlviii. Þýðingin fylgir framangreindri útgáfu Alains Niderst á *La Comtesse de Tende*, bls. 421–433.

bragur; hann komi einkum í ljós í atburðarás sögunnar sem höfundurinn fléttaði saman af meiri kúnst í síðari verkum. Hér er þó að finna öll helstu einkenni verka Madame de Lafayette, í samþjappaðri mynd sem gefur lesandanum innsýn í líf og ástir aðalsins á síðari hluta 17. aldar.

Höfundar, þýðendur og ritstjórn

Ásdís R. Magnúsdóttir (f. 1964) lauk doktorsprófi í frönskum bókmenntum frá Stendhal-háskólanum – Grenoble 3 og er prófessor í frönsku máli og bókmenntum við Háskóla Íslands.

Bei Dao (f. 1949) er kínverskt ljóðskáld og prófessor við Kínverska háskólann í Hong Kong.

Birna Arnbjörnsdóttir (f. 1952) lauk doktorsprófi í almennum málvísindum frá Texasháskóla í Austin og er prófessor í annarsmálsfræðum við Háskóla Íslands.

Dú Fú (712–770) var kínverskt ljóðskáld.

Erla Erlendsdóttir (f. 1958) lauk doktorsprófi í spænskum fræðum (spænskt mál) frá Háskólanum í Barselóna 2003 og er dósent í spænsku við Háskóla Íslands.

Geir Sigurðsson (f. 1969) lauk doktorsprófi í heimspeki með áherslu á kínverska heimspeki frá Hawaii-háskóla í Bandaríkjunum og er dósent í kínverskum fræðum og forstöðumaður Konfúsíusarstofnunar Norðurljósa og ASÍS – Asíuseturs Íslands við Háskóla Íslands.

Hólmfríður Garðarsdóttir (f. 1957) lauk doktorsprófi í bókmenntum spænskumælandi landa frá Texasháskóla í Austin og er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands.

Jorge Luis Borges (1899–1986) var argentínskt skáld og rithöfundur.

José Saramago (1922–2010) var portúgalskur rithöfundur. H  hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1998.

Jón Egill Eyþórsson (f. 1967) lauk meistaraþrófi í kínverskum fornfræðum frá Zhejiang-háskóla í Hangzhou og er aðjunkt í kínverskum fræðum og verkefnastjóri við Konfúsíusarstofnun Norðurljósa við Háskóla Íslands.

Madame de Lafayette (1634–1693) var franskur rithöfundur.

Magnús Fjalldal (f. 1950) lauk doktorsþrófi í enskum bókmenntum og germönskum miðaldafræðum frá Harvard-háskóla og er prófessor í ensku við Háskóla Íslands.

Martin  gal (f. 1951) lauk doktorsþrófi í breskum og bandarískum leikbókmenntum frá Kaliforníuháskóla í Davis og er dósent í ensku við Háskóla Íslands.

Oddný G. Sverrisdóttir (f. 1956) lauk doktorsþrófi í þýskum fræðum, málvísindum og norrænu frá Westfälische Wilhelms háskólanum í Münster og er prófessor í þýsku við Háskóla Íslands.

Sigrún Ástríður Eiríksdóttir (f. 1954) lauk meistaraþrófi í spænskum og rómönsk-amerískum fræðum frá Edinborgarháskóla og er þýðandi.

Stefano Rosatti (f. 1964) lauk meistaraþrófi í kennslu ítölsku sem erlends tungumáls frá Háskólanum í Feneyjum og er aðjunkt í ítölsku við Háskóla Íslands.